# Bréfabók bæjarfulltrúa 1856-1862

## Aðfnr. 193, 6. hluti

Bréfabók bæjarfulltrúa 1861

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Januar 1861.

(118) | Datum

## No 1. (2. janr No 118 ...)

Til Bæjarfógeta 4. jan

Útaf bréfi herra bæjarfógetans, 16. ágúst f. árs, hvar-
með fylgdi bréf frá Ólafi Steingrímssyni á Litla Seli
frá deginum fyrir, þess efnis, að hann vili gánga úr fá-
tækranefnd Reykjavíkur kaupstaðar um árslokin 1860,
og þareð herra bæjarfógetinn telur víst, að þessari upp-
sögn Ólafs muni verða gefið meðhald í nefndinni, höf-
um vèr nú á ný kosið fyrverandi bæjarfulltrúa Jón
Þórðarson í Hákoti til þess að gánga inn í fátækra-
nefnd bæjarins í stað Ólafs Steingrímssonar.

J. Guðm. Jón Pèturss. H. St. Johnsen. Guðm. Þórðarson

vide No 6.

## No 2.

Til Fátækranefndarinnar 11. jan

Hin heiðraða fátækranefnd í Reykjavíkurbæ hefir,
með bréfi 19. des. f. árs, er eigi barst formanni vorum
fyr en 28. s. m., svarað bréfi vor fulltrúanna til bæjar-
fógetans 4. des. f. árs, hvari vèr beiddumst nokkurra upp-
lýsinga frá nefndinni, áhrærandi þá upphæð 1112½ rd.
eða 300 rd. frekar en f. ár er nefndin, samkvæmt bæj-
arstj.-reglug. 19. grein, fór fram á að bæjarstjórnin ætl-
aði til handa þurfamönnum í umdæmi kaupstaðar-
ins fyrir 1861. Hinni heiðruðu fátækranefnd virðist
að tilmæli ~~þetta lýsi~~ fulltrúanna um téðar upp-
lýsingar lýsi "tortryggni gegn nefndinni, er þeir eigi
hafi tilfært neitt til réttlætingar", og hefir því nefnd-
inni, jafnframt því að vísa fulltrúunum til þeirra
upplýsinga, er vèr förum á leit, til þess manns úr
flokki fulltrúanna, sem á setu í fátækranefndinni,
og með því að benda til "að hvorug nefndin eigi ~~se~~ yf-
ir annari að segja" og gefa áminningu um "að bezt
sè fyrir hvora nefnd um sig (fátækranefndina og bæjar-
fulltrúana) að halda sig á sínu sviði," — þóknast
að lýsa því yfir, að fátækranefndin ætli ekki að
gjöra fulltrúunum öðruvísi grein fyrir gjörðum
sínum, því hún geti hvorki viðurkennt, að þeir
hafi rètt til að heimta það, og álíti heldur ekki
hollt eða affaragott, ef hvor fèlagsflokkurinn
fer að tortryggja annan eða gjöra sig að um-
sjónarmanni hins."

Þetta bréf hinnar heiðruðu fátækranefnd-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Januar 1861.

ar hefir borizt umkring milli vor fulltrúanna til yfirvegunar, og kom málefnið síðan til umræðu á fundi 4. þ. m. og varð það samhuga álit vort, að oss bæri að

N.L. svara því á þessa leið. Eins og það er auðsætt af bæjarstjórnarreglugjörðinni, að fulltrúar bæjarins ásamt bæjarfógetanum eiga einir að gjöra aðaláætlun um það fé, er þurfi til allra útgjalda í kaupstaðarins þarfir, að meðtöldu fé til þurfamanna, að fulltrúarnir síðan niðurjafni því fé á bæjarbúa, og eiga því að geta gjört þeim grein fyrir öllu því fé, sem áætlunin inni=heldur og hinum einstöku atriðum hennar, og að fátækra=nefndinni þessvegna er uppálagt í 19. grein laganna, að senda bæjarfógeta og fulltrúunum áætlun yfir það fé, er útheimtast muni til þurfamanna hið næsta ár, innan nóvemberloka árið fyrir eður fullum 4 vikum áðuren aðaláætlunin á að vera samin að lögum, eins virðist það einmitt liggja í þessari ákvörðun, og er þaraðauki með berum orðum ráðgjört í hinni sömu lagagrein, að mein=ingamunur kunni að rísa eða ágreiníngur útaf eindreg=inni nauðsyn þeirra upphæða, er fátækranefndin (og á sínum tíma skólanefndin) fer fram á að fá niðurjafn=að til sinna þarfa, einkum ef sú upphæð verður talsvert hærri fyrir hið komandi ár heldur en var fyrir árið næst á undan. Þessi meiníngamunur, er lögin beinlínis ráðgjöra, getur þó auðsjáanlega eigi risið öðruvísi, en að fulltrúarnir hreifi efasemdum um fulla nauðsyn þeirrar upphæðar, er hin nefndin finnur þörf á að krefjast, og er þeim þannig lögheimilað þetta eptirlit, og eru þeir þess=vegna eigi að eins í sínum góða rétti, þó þeir fari þeirra upplýsinga, sem hér að lúta, á leit við nefndina eins og nú var gjört, heldur virðist það tilætlun laganna að svo skuli vera, og þessvegna einnig skylda fulltrú=anna, er hvorki almennar kringumstæður, þótt þær sé nokkurnveginn sannar, né ástand bæjarbúa né

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Janúar 1861.

prívatsamfæring einstakra meðlima fulltrúanna má fría þá við að gegna.

Samkvæmt þessum, að vér ætlum, rétta skilningi á ákvörðunum 19. gr. í bæjarstjórnarreglugj. um þetta efni, hafa fulltrúarnir þráfaldlega að undanförnu, út af sama tilefni, farið samkynja upplýsinga á leit hjá fátækranefndinni; síðast á áætluninni fyrir 1860 var tekið fram þaraðlútandi skilyrði við áætlað fé til þurfamanna, eptir einhuga áliti allrar bæjarstjórnarinnar, og samkynja skilyrði á áætlunina fyrir þetta ár hefir nú stiptamtið samþykkt og ítrekað með áteiknun sinni á hana, frá 4. þ. mán.

Vér vonum að þannig sé leiddar full rök að því, að vér fulltrúarnir höfum eigi farið útfyrir afmarkað svið vort í þessu máli, eigi sýnt hinni heiðruðu fátækranefnd neina "tortryggni" eða "leitast við að setja oss yfir hana, frekar en lög og skylda og venja heimilar oss, og að hin heiðraða nefnd, þrátt fyrir þaraðlútandi undanfærslu sína, finni sér, eptir nákvæmari yfirvegun, skylt, að láta oss í té hinar umbeðnu upplýsingar, áðuren rekur að niðurjöfnun bæjargjaldanna, og það því fremur sem stiptamtið nú hefir gjört þær að skilyrði fyrir þeirri upphæð, sem krafist er og til er færð á áætluninni fyrir þ. ár, verði afdráttarlaust niðurjafnað.

Jón Guðm. Jón Pjetursson Guðm. Þórðarson

## No 3.

Til Bæjarfógeta. 25. jan.

Á fundi bæjarfulltrúanna í gær, hinum fyrsta fundi þeirra á þessu ári, er hefir eigi orðið fyrr haldinn fyrir þá sök, að samþykki stiptamtsins á fulltrúakosningunum 5. þ. m. barst mér eigi fyr en í fyrra kvöld með heiðruðu bréfi herra bæjarfógetans s. d., en fundur þessi var af mér sem fungerandi formanni frá f. ári ákveðinn til kl. 5 e. m. með skriflegu umburðarbréfi, er sent var umkring milli fulltrúanna á vanalegan hátt og helzta fundarefni tekið fram, mættu að vísu eigi þeir H. Kr. Friðriksson og Jón yfirdómari Pjeturs-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Januar 1861.

sem, en tjáðu þó eigi fyrirfram nein forföll. Eigi að síður urðu þeir 4 fulltrúarnir, sem fundinn sóktu, einhuga á því, að nú þegar bæri að gánga til kosningar á formanni og varaformanni fyrir 1861, samkvæmt því sem fyrir er lagt í öndverðri 15. grein í bæjarstj.-reglugj.; var þá ég undirskrifaður endurkjörinn til formanns fulltrúanna með 3 atkvæðum gegn 1 (er féll á Jón Pjetursson) og yfirdómari Jón Pjetursson til varaformanns með 3 atkvæðum gegn 1 (H. A. Johnsen).

Þetta leyfi eg mér að tjá herra bæjarfógetanum hérmeð samkvæmt fundarbókinni.

Jón Guðm

Til bæjarfógeta 25. jan.

## No 4.

Á fundi vor bæjarfulltrúanna ígær var, samkvæmt heiðruðu bréfi herra bæjarfógetans 10. þ. m. gengið til kosningar á 2 mönnum úr flokki fulltrúanna í Byggíngarnefndina hér í staðnum, og urðu fyrir því yfirdómari Jón Pjetursson, endurkosinn með 4 atkvæðum, og Helgi snikkari Jónsson með 3 atkvæðum (H. St. Johnsen hlaut 1 atkv.).

Að vísu var einnig, samkvæmt heiðruðu bréfi herra bæjarfógetans 23. þ. m. gengið til kosningar á einum úr flokki fulltrúanna í stjórnarnefnd sjóðsins handa ekkjum og börnum drukknaðra sjómanna, en af því meiri hluti atkvæða náðist eigi, þótti réttara að fresta endurkosningu til næsta fundar, því fremur sem nú vantaði 2 fulltrúana á fundinum.

Þetta leyfi eg mér að tilkynna herra bæjarfógetanum, samkvæmt fundar- og gjörðabók fulltrúanna.

Jón Guðm

Til Sama s. d.

## No 5.

Að bæjarfulltrúanum Guðm. Þórðarsyni var á fundi ígær falin umsjón bæjarverkanna fyrir næstkomandi febrúarmánuð og það sem eptir er af þessum, tjái eg herra bæjarfógetanum hérmeð, samkvæmt fundarbókinni.

Jón Guðm

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Janúar 1861.

№ 6

Til Bæjarfógeta 4. jan.

Í bréfi 2. novbr. f. á. hefir Stiptamtið, útaf bréfi
dómsmálaráðherrans 11. okt. f. á., leitað álits bæjarstjórnar-
innar um, hvort það sé í rétttskildar þarfir Reykjavíkurbæj-
ar, að hér sé eigi nema 1 gestgjafar- og veitíngahús, nfl. Skand-
inavia, og ef svarið uppá þetta félli neitandi, hvort þá
væri eigi ástæða til að veita gestgjafa N. Jörgensen leyf-
isbréf eða heimild til að vera gestgjafi og veitíngamað-
ur samhliða Skandinavíu. Stiptamtið hefir nú síðan í
bréfi til hra bæjarfógetans, 22. s. m. skýrt þett nokkuð gjör,
eptir ósk fulltrúanna, og þarameðal það, að dómsmálaráð-
herrann í téðu bréfi sínu álítur, að fyrrnefndum Jörgen-
sen sé, sem stendur eigi heimilt, að hafa gestgjöf og veit-
ingar á hendi, heldur þurfi hann að fá til þess nýtt leyf-
isbréf, er ráðherrastjórnin hefir áskilið sér að veita, ept-
ir þaraðlútandi nákvæmara áliti bæjarfógetans og
bæjarstjórnarinnar, sem beinlínis er þessvegna óskað.

Bæjarfulltrúarnir hafa nú ítarlega yfirvegað þetta
mál og rætt það á fundum, og þareð fulltrúarnir hafa
allt um það eigi getað orðið á einu máli um álit sitt,
heldur gengið um það í 3 sveitir, en eg hefi eigi með
neinu móti þókzt geta samþýkzt álit hvorugra hinna,
þá verður nú álit mitt á málinu á þessa leið.

Það er sjálfsagt, að eg get eigi haldið eindregið fram
neinskonar einkaleyfum yfir höfuð að tala, og allrasízt
hér, þar sem allir vanalegir atvinnuvegir eru óbundnir
að lögum, svo, þóað eg komist hér að gagnstæðri niður-
stöðu, og það þó að eins með vissum ákveðnum skilyrðum,
þá leiðist eg til þess, sakir alveg sérstaklegra kringumstæð-
a, ~~er~~ er nú sem stendur eiga sér stað hér í þessum bæ vor-
um, og jafnframt með tilliti til fyrrnefnds gestgjafar- og
veitíngahúss Skandinavia, og skal eg nú leyfa mér að taka
fram hinar helztu þeirra, er að minni hyggju virðast eiga
að hafa yfirgnæfandi áhrif á úrslit þessa máls.

Reykjavíkurbær er mjög lítill í samanburði við
bæi í öðrum löndum; hér teljast nú eigi nema 1440
manns, og eru hérumbil 2/3 þaraf fátækir tómthúsmenn,
því eptir manntalinu 1. okt. f. árs eru hér að eins 102 hús-
feður embættismanna, borgara og iðnaðarmanna af öllu
tagi, með rúmum 400 skyldulið, að meðtöldum hjúum, en
engir auðmenn hér til, heldur hefir hver og einn nóg
með að komast hér af og geta lifað viðhafnarlausu
lífi. Leggur sig þannig sjálft, hvort bæjarbúarnir eða sjálft

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Januar 1861.

stađarlífiđ hèr útheimtir nema eitt veitingarhús. Međ tilliti til sjálfra Reykjavíkurbúa álít eg þvertámóti ađ tvö veitínga eđa fleiri sè beinlínis til ills, en eigi til góđs, ekki einúngis ađ því leyti, ađ því tilbreyttari tæki færi sem eru fyrir fátækan almúga og einkum hina yngri almúgamenn til þess ađ sitja ađ brennivínsstaupadrykkjum um hin laungu vetrarkvöld og fram á nætur, því fremur leiđist þeir afvega til ofdrykkju, sem eigi verđur variđ, ađ Íslendingar sè helzt til of hneigđir til, heldur einnig af því, ađ hèr er eigi og getur eigi veriđ sú ađsókn, ađ tvö veitingahús í nokkru lagi geti haft þaraf svo mikla atvinnu, ađ þau geti stađiđ í viđunanlegum skilum. Ađ vísu virđist ađsókn útlendra ađ aukast hèr á hinum síđustu árum, á sumrum, og bæđi hefir þađ ađ boriđ, og því fremur getur þađ ađ boriđ einstöku sinnum, ađ gestgjafahúsiđ Scandinavia, eins og þađ er nú, geti eigi tekiđ viđ þeim öllum til hýsingar, en ef þess er gætt, hvernig á ferđamönnum þessum stendur, ađ þađ eru heldri menn utan úr löndum, er eigi koma til þess ađ dvelja hèr í Reykjavík, heldur til þess ađ ferđast hèr víđsvegar um landiđ, og eiga þá eigi nema 2–3 daga dvöl hèr í Reykjavík, þegar þeir koma fyrst á land, og ađra 2–3 dagana, áđur en þeir sigla hèđan, þá gefur öllum ađ skilja, ađ enginn getur lagt nè vill leggja í sölurnar þađ stórfè, er þurfi til fullnægjandi herbergja, húsbúnađar og gestgjafar fyrir slíka menn, fyrir eigi meiri eđa annan ávinning og atvinnu, en hýsing þessara manna getur haft í för međ sèr. Og þó ađ því sè slegiđ fyrir međal annars til þess ađ fegra nauđsynina á 2 gestgjafahúsum hèr, ađ á međan Scandinavia sè eigi nema ein, geti fáir sem engir Alþingismenn fengiđ þar húsavist um þingtímann (Alþing er haldiđ ađ eins annađhvort ár, eins og menn vita, og stendur einúngis yfir um 6 vikna tíma), þá er þađ ađ vísu satt, ađ þeir geta eigi fengiđ húsavist á Scandinavia, eins og hún er nú, eđa ađ minnsta kosti fæstir af þeim, en eins og þađ er í sjálfu sèr engi atvinnuvegur, er geti jafnast viđ þartilsvarandi kostnađ, ađ því er snertir herbergi og rúmfatnađ o.fl., sem til þess útheimtist, þegar eigi er ađ ræđa um nema 6 vikna tíma gistíngu svo sem 20 manna, annađhvort ár, eins mun og hitt reynast, ađ þó ađ sá gestgjafastađur væri hèr, 1 eđa 2, er gæti tekiđ viđ öllum þíngmönnum, þá mundu fæstir þíngmenn samt sæta því, međ því margir þeirra eiga hèr ættíngja og kunníngja, er þeir munu helzt kjósa ađ vera hjá hèr eptir eins og híngađtil, en þartil mundi þađ miklu dýrara og óađgengilegra ađ öđru fyrir íslenzka alþíngismenn, ađ taka húsavist á eigi betri og notasamari veitíngastöđum, en hèr getur orđiđ kostur á, og því síđur ef þeir væri tveir, heldur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Januar 1861.

en hjá einstökum ættingjum og kunningjum í bænum, eins og líka nú er komið á hvort eð er.

Aðsókn ferðamanna hér að bænum, hvort heldur er innlendra eða útlendra réttlætir því alls eigi nauðsynina á 2 gestgjafa- og veitingahúsum, og það því síður sem Skandinavia, eins og þar er, þó nú húsum skipað og herbergjum, getur tekið við allmörgum næturgestum, einkum af hinum innlendu mönnum, og hefir nóg húsakynni fyrir til þess að breyta og umbæta svo, að við talsvert fleirum mætti taka, bæði útlendum og innlendum.

En hvað áhrærir veitingastað og gildaskála fyrir bæjarmenn sjálfa, þá er í augum uppi, þegar litið er á tölu þeirra bæjarmanna, sem fyr var getið, og rétt er álitinn efnahagur þeirra, er helzt sækti veitingar, stofnaði til samsæta, dansleikja og þessleiðis, að hér getur alls eigi nein atvinna að þessu verið fyrir tvo staði eður fleiri, heldur að eins lítill atvinnustyrkur fyrir einn, í sambandi með gestgjöf, og til þessleiðis samsæta og samkvæma eru á Skandinavia nóg herbergi og bæði viðunaleg og sómasamleg, og hvað áhrærir einfaldar kaffe- og staupaveitingar, er erfiðismenn, sjómenn og annar almúgi leitar helzt eptir, eins hér og í öðrum löndum, þá er að þess konar veitingum, einkum ef eigi skal beint tækifæri og hvatir gefa til að að fjölga drykkjumönnum, eigi meiri aðsókn en svo, hvorki af bæjarmönnum né aðkomumönnum, en að það getur verið ~~aðkomu~~ atvinnustuðningur fyrir 1 slíkan stað, en alls eigi fyrir 2, því síður sem það helzt enn, sem lengi hefir verið og því miður mun lengst verða að haldast, eptir því, sem hér stendur á, að brennivín og önnur ölfaung eru alla virka daga seld í staupum í hverri af þeim 14 sölubúðum, sem verzlunarmenn hafa hér, en auðvitað, að verzlunarmenn geta æfinlega selt þess konar við vægara verði en gestgjafar, og þarf því eigi, að telja neitt uppá þessleiðis veitingar hér um daga á sérstökum veitingastöðum. Það er og ennfremur alveg sérstaklegt hér á landi, sakir þess, hvað hér er fámennt, að svo nú, jafnvel bæði æðri og lægri, út um landið, og þó helzt í norðlendis héruðunum, þaðan sem sem aðsóknin er mest og optast til Reykjavíkur hafa ýmislegan náin kunningsskap og viðskipti við bæjarbúa, eða eru þeim skildir og venzlaðir, þeir aðkomumenn nálega allir gista hjá hinum einstöku vinum sínum og venzlamönnum hér í bænum, og þiggja hjá þeim annan beina, en leita hans alls eigi á opinberum veitingastöðum, og hlutaðeigandi bæjarbúar líða þeim það eigi. þetta er gömul venja hér, er lengst mun haldast, og sem engi opinber veitingastaður, hvort heldur einn eða fleiri, fær raskað, í hvað góðu lagi sem væri.

Þessar sérstöku kringumstæður hjá oss eru svo fjærri því, að gjöra það að réttskilinni þörf fyrir bæinn eða nauðsyn, að hér sé haft 2 gestgjafar- og veitingahús, eða annað þessleiðis hús samhliða Scandinavia, að eg álít bænum ekkert gagn í því og enga nauðsyn, heldur miklu fremur til ógagns og skaða bæði beinlínis, sakir þess frekara tækifæris og hvata, er þar með opnaðist hinum yngri mönnum til kvölda- og nætur-svalls,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og óbeinlínis einkanlega af því, að 2 ólíkir staðir geta hér enganveginn þrifizt, auk heldur blómgvast með eigi meiri eða gjörvíðari aðsókn, en hér getur átt sér stað, enda þótt hún ykist nokkuð framyfir það sem er nú, því engi sá einn aðalveitingastaður, er hér hefir optast verið síðan um 1812, hefir blómgvast eða verulega þrifizt, í hvers höndum sem verið hefir, og þó bærinn hafi nokkuð stækkað og eflzt á hinum seinustu 20 árum, og aðsókn hingað aukizt nokkuð bæði innan lands og utan, þá er það að vísu enganveginn meira en svo að þetta gæti orðið að nokkurnveginn atvinnu á einum stað með gestgjöf, og allskonar veitingum sameinað, ef vel væri á haldið, og eigi skortur á fé eða tilsparað að leggja í sölurnar til þess, en alls eigi fyrir tvo.

Þarsem nú svona er hér í raun réttri ástatt, eins og nú voru færð rök að, þá geta menn eigi vænzt neinna þeirra gæða eða kosta í þessum efnum af því er keppnin (Concurrencen) almennt hefir í för með sér, með því hér mundi hún í þessu efni leiða einmitt til hins gagnstæða af því, sem keppni hefur í för með sér, þegar hún á við næga aðsókn að styðjast, nfl. að hver reyni æ meir og meir að taka hinum fram í því að vanda veitingar sínar á allan hátt, til þess að draga að sér sem mesta aðsókn. Eptir því sem hér er ástatt og að framan er sýnt, þá mundi gestgjafar- og veitinga-"Concurrence" eigi geta leitt til annars en hins gagnstæða af því sem til er ætlazt; 2 eða fleiri (menn) gestgjafar- og veitingamenn(irnir), sem hér yrði kleypt að, mundi, hver annan ofan ríða og verða hver öðrum, og sjálfum sér með, til eyðileggingar, og báðir eða allir ófærir um að standa í viðunanlegum skilum við neina gesti, nema, máske í þeirri veitingagreininni, er sízt allra ætti að hlynna að og auka með leyfisbréfum: sölu brennivíns og annara lélegra áfengra drykkja í staupum um kvöld og nætur, er samt sem áður getur eigi orðið hér svo umfángsmikil fyrst um sinn, að 2 geti haft af því næga afkomu.

Með þessum ástæðum fyrir augum mér, fæ eg ei betur séð, en að það sé í réttskildar þarfir þessa bæjar, að engum sé að svo komnu veitt hér leyfi til veitinga og gestgjafar samhliða Scandinavia, því það mundi til þess eina leiða, að hvorugur gæti staðið í neinum viðunanlegum skilum, en hlutaðeigandi stjórnarvöld þarmeð afskorin frá því eptirliti og aðhaldi og skilyrðum er þeim hlyti að standa opið að beita við gestgjafarstaðinn Scandinavia, ámeðan þar væri heimiluð gestgjöf og veiting eingaungu, hvort heldur það væri takmarkað við ákveðið árabil til reynslu, eða við ákveðinn tíma, er hlutaðeigandi valdstjórn ætti sjálfsagðan rétt á, nærvæmar að takmarka eða upphefja, eptir því sem þessi eini staður sýndi sig ónógan að standa í fullum skilum, og aðrar kríngumstæður breyttist, er gerði nauðsynina berari til 2 ólíkra staða hér í bænum, heldur en hún er nú. — Eg verð að álíta mér skylt, að halda fram þessari skoðun á málinu því fremur því fremur, sem hún var aðhyllzt fyrir 4 árum hérfrá, bæði samhuga af bæjarstjórninni (bæjarfógetanum og fulltrúunum) og af stiptamtinu, og eigendum Scandinavia, jafnframt og þeim var leyfisbréf veitt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Janúar 1861.

til að hafa þar gestgjöf, veitingar og gildaskála, gefið með ber-
um orðum fyrirheit um það af amtinu, eptir samhuga til-
lögum bæjarstjórnarinnar, eins og sýnir meðfylgjandi afskript
af bréfi bæjarfulltrúanna um þetta mál, 19. jan. 1856, að
eigi skyldi neinum öðrum hér í bænum verða veitt leyfi
til samkynja veitinga fyrst um sinn, á meðan Scandina-
via stæði í ~~fullum~~ skilum viðunalegum í þessum efnum,
og allrasízt án þess að fulltrúunum gæfist áður kostur á
að segja álit sitt um það mál. 3 hinir sömu fulltrúar eru
enn í bæjarstjórninni, sem þá voru, og eg sé eigi betur en
að hlutaðeigandi stjórnarvald þurfi að stygðjast við augljós-
ar og yfirgnæfandi ástæður til þess, í vetfángi að gánga
á bak slíkra heityrða sinna, þar sem eigendurnir, í trausti
þeirra, og samkvæmt þeim ástæðum, sem þau vilyrði stjórn-
arvaldanna voru bygð á, hafa gjört síðan verulegan og mik-
inn tilkostnað, bæði að nýrri herbergja skipun innanhúss, bygg-
ingar nýrra útihúsa o.fl., til þess að gestgjafa og veitinga-
staður þessi gæti staðið í betri skilum og fullnægt betur
tilgángi sínum.

Það er nú hvorttveggja, að tilkostnaðurinn til alls
þesskonar hefir verið mikill af hendi eigendanna um und-
anfarin 4 ár, enda getur engi borið á móti, að Scandin-
avia hafi á ekki fleiri ára tíma verið stórum endur-
bætt sem gestgjafar- og gistingarstaður; getur vel verið, að
hér þurfi enn ekki óverulegra umbóta við í þeim efnum
til þess að geta fullnægt öllum mögulegum þörfum og ~~kröf~~ ósk-
um, en sumpart er húsum og húsanægð þess staðar svo var-
ið og vikulegri lóð, að miklum umbótum má þar enn við kom-
a með miklu minni tilkostnaði, heldur en sá, er byggja þyrfti
frá stofni, og sumpart geta menn eigi með sanngirni kraf-
izt allra mögulegra umbóta á einum, ó 4–5 ára tíma
þar sem eigi er meiri atvinnu- og ávinnings von í aðra
hönd af aðsókn, heldur en hér er. Það getur og verið
að hinum daglegu veitingum hafi þókt þar ábótavant
í sumu tilliti eða eigi eptir allra óskum, en við þessu
má jafnan búast, á meðan hvorki almennum umkvörtunum
er þarum hreift, né neitt eptirlit eður aðhald, t.d. veit-
ingataxti, kemur fram um það af hendi hins opinbera.
Eptir því sem eg þekki til, þá hefir helzt verið umkvörtun-
arefni, um næst undanfarin ár, þetta, að heldri menn bæj-
arins hafi eigi þókzt geta verið þekktir að því að koma þar
hversdagslega, þegar þeim byði svo við að horfa, sakir almúga-
skríls, er jafnan væri fyrir í hinni almennu drykkju- og Billard-
stofu; en undireins og hið opinbera eða einstakir menn áskildi
að þeim stæði opið afsíðis herbergi uppvermt þá eður þá kvöld,
þá mundi gestgjafinum óðar gánga að því, ef þaraf yrði nokkurrar
frekari aðsóknar von.

En eins og eg sagði fyr, þá virðist það í hlutarins eðli, að
jafnframt og hið opinbera vildi viðurkenna þær ástæður og kring-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Januar 1861.

umstæður, sem virðast liggja opnar fyrir, til þess að
brjóta eigi að svo komnu um þvert heityrði það er
Scandinavia-eigendunum var gefið af öllum hlutaðeig-
andi stjórnarvöldum 1856, þá hafi þau einnig á sjálfu
að binda nú lenginguna þessa heityrðis bæði við ákveðna
áratölu, til reynslu, ef svo litist, og sömuleiðis öðrum skil-
yrðum, bæði beinlínis, t.d. um sæmugjarna fjölgun gesta-
herbergja smámsaman, um taxta fyrir næturgistingum
og algengustu veitingum, og óbeinlínis, að gestgjafar-
og veitingamaðurinn skuli vera háður aðhaldi, ~~og~~ eptir-
liti og kröfum hlutaðeigandi stjórnarvalda. Þetta
virðist mér bæði sjálfsagt og nauðsynlegt, og
virðist auðsætt, að þarmeð hefðist fram miklu
ríkara og affarabetra aðhald fyrir hlutaðeig-
endur, til þess að gjöra sér sem mest og best far
um, að standa í skilum og fullnægja öllum sann-
gjörnum kröfum, einkum ef þetta fyrra heityrði til
Scandinavia-eigendanna yrði nú af nýju tak-
markað að eins við ákveðna áratölu, t.d. 6-10
ár fyrst um sinn, heldur en með þeim Concurrence,
sem, eins og hér stendur á,+ í þessum ~~mál~~efnum, er
eigi annað en eintómur hugarburður, og eigi getur til
annars leitt, en til þess, að hvorugur (eða fleiri) geti stað-
izt né fullnægt neinum kröfum, en hið opinbera sé
þarmeð beinlínis útilokað frá öllu aðhaldi og afskiptum.

Af því ég get þannig eigi álitið það í bæjarins
réttskildu þarfir, né öðruvísi en máli þessu beinlínis
til spillingar, að veita hér í staðnum að svo komnu
nokkrum manni leyfi til veitinga og gestgjafar sam-
hliða Scandinavia, af því það mundi eigi leiða til
annars, en að sá veitingastaður færi hnignandi úr því
sem hann er nú, í stað þess að eigendunum ætti enn
sem fyrri að gefast kostur á, að efla hann og endur-
bæta, þá fellur þarmeð hin síðari spurning Stipt-
amtsins, um hæfilegleika N. Jørgensens, í burtu af
sjálfu sér. Að öðru leyti er maðurinn vel kunn-
ur hér að sjálfum sér til, en allir vita og að hann
er bláfátækur maður og skuldum bundinn, svo
hann hefir fyrir almennings sjónum engar ástæður
til að geta komið á fót neinni þeirri gistingu
og veitingum, er megi verulega keppa til góðs við
Scandinavia, en gæti máske að vera gert henni og eig-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Januar 1861.

endum hennar þann skaða, er setti þann stað talsvert til baka um nokkur ár, eða jafnvel að staðaldri, án þess það gæti orðið Jörgensen sjálfum eða hans veitingastað til annars en eyðileggingar, né bænum nema til ógagns.

En þó að hæfilegleikar N. Jörgensens sjálfs sem gestgjafa og veitingamanns kunni að vera viðunanlegir, þá get eg samt eigi látið óminnst á það, að einmitt hann hefir um undanfarin 4 ár staðið fyrir þeirri gestgjöf og veitingum á Skandinavíu, er sumir þó þykjast nú hafa fullt tilefni til að kvarta yfir, að hafi verið svo ábótavant í marga máta, hversvegna það á að vera íssjárvert, að Skandinavía haldi ein þessum rétti framvegis.

Eg ber alls ekki á móti að téður N. Jörgensen er í erfiðri stöðu, og afkoma hans mjög tvísýn, ef neita yrði honum um það leyfisbréf, sem ráðherrastjórnin hefir áskilið sér að gjöra út um, en mér finnst að hér megi eigi verða spursmál um slíkt, þar sem að eins er að ræða um rétt skilinn hag bæjarins yfir höfuð að tala. Og að því leyti einn fulltrúanna hefir haldið þeirri skoðun fram, að úr þessu gæti orðið það dómsmál, er mundi lykta með því, að Jörgensen yrði dæmdur réttur til veitinganna, þá liggur þetta spursmál hér eigi fyrir né neinar spár um úrslit þvílíks máls, því síður sem leyfisbréf hafa hér verið fyr og síðar leyst hjá yfirvaldinu til veitinga og gestgjafar, og eigi að eins æðri og lægri yfirvöld, heldur einnig Jörgensen sjálfur, skoðað þetta mál, eins og er, hreint og beint valdstjórnarmál, er hann hefir sókt um og þegið hjá valdstjórninni heimild til þessa atvinnuvegs, og þannig frá upphafi viðurkennt aðgjörðar- og úrskurðarvald embættisstjórnarinnar í þessu máli, einsog bæði löggjöfin og praxis virðast fyrir því.

Af öllum fyrtöldum ástæðum get eg því eigi lagt annað til, en að heityrði þau, er hlutaðeigandi stjórnarvöld lýstu yfir við Skandinavíueigendurna 1856, verði eigi brotin á bak aptur með því að veita hér öðrum manni leyfisbréf til gestgjafa og veitingar samhliða henni, en að téð heityrði eða leyfi til þess, að sá eini staður skuli vera gestgjafar- og veitingastaður fyrst um sinn, sé takmarkað í bráð við ákveðna áratölu, t.d. 6–10 ár, og sjálfsagt bundið því beinlínis skilyrði, að eigendurnir og veitingamaður þeirra skuli vera háður öllu því aðhaldi og eptirliti og sanngjörnum kröfum í veitingunum og öðru er þarað lýtur, sem hlutaðeigandi stjórnarvöld fyndi nauðsynlegt og fært að halda fram, til þess að staðið sé í viðunalegum skilum

Jón Guðmundsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Februar 1861.

Til Bæjarfógetans 15. febr.

Nº 7.

Með heiðruðu brjefi 8. þ. mán. hefir herra bæjarfógetinn sent fulltrúunum til álita þau 8 málefni er þar greinir og hér skal á eptir getið; hafa þau svo borizt umkring milli vor allra til yfirveganar á fundi er var með umburðarbrjefi ákveðinn til 11. þ. mán., en af því sá fundur fórst fyrir af þeirri orsök, að Halldór skólakennari Friðriksson hélt skjölunum hjá sér, og gjörði hvorki að láta þau berast frá sér eptir þeirri röð sem var ákveðin í umburðarbrjefinu, né að koma með þau sjálfr á fundinn né heldr senda þau, þá ~~þat eigi orðit úr þessum þannig á hentara fundi, heldr~~ varð formaðrinn, að loksins heimta skjölunum frá herra Friðrikssyni; að boða til nýs fundar í gær; voru málin öll þar ítarlega rædd, og varð samhuga álit vort um hvert þeirra fyrir sig, á þá leið sem nú skal greina:

1. Eptir því að 2 af oss undirskrifuðum fulltrúum höfum átt tal við Guðmund Jónsson, er hafði við skiptamálið borið sig upp undan bæjargjaldi sínu fyrir 1860, og hann við atkvæðið í gær að hann léti sér lynda gjald þetta að upphæðinni 3 rd. ef sér að eins væri veittr hæfilegr frestr til að greiða það, þá finnst fulltrúunum (eptir hans uppgefnu kringumstæðum) eigi nóg ástæða til að afsegja honum um slíkan frest á greiðslunni heldr leggja til að vera leyfi að honum yrði veittr hann til 12 maí næstkomandi.

2. Þar eð því ~~nú~~ þykja nægilega upplýst, að ekkjan Valgerðr Björnsdóttir hafi eigi verið húsráðandi eða sjálfs ~~var~~ sín næstl. ár, heldr alveg annara maðr, þá varð oss að þykja í sjálf vert að henni yrði veitt um eptirgjöf þessa litla bæjargjalds enda þótt þessa sé vona í ótíma á leið farið.

3. Áhrærandi bónarbrjef Þorláks Péturssonar um ~~at~~ að fá blettkorn ávísaðan og útmældan í Hholtinu hjá bæ sínum "til yrkingar eða kálgarðsbóta", ~~þá~~ virðist oss, að á meðan verulegmundsyn eða þörf beiðanda verði eigi frekar upplýst, en hins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Febrúar 1861

vegar í augum uppi, að hann hefir þegar ~~fengið~~ sjálf-
-vel tvívegis, fengið almenna lóð áðr aða og
útundolda, þá væri eigi fullástæða til að veita
hið umbeðna, því síðr sem land orðasveymr kvað
leggja á því, að hann hafi þegar lagt undir ~~sig~~
sinn, með girðingum og öðrum vegum nærgjánd
eigi minni lóð en í raun réttri sé honum á-
vísuð. En þetta velgjám vèr mega fela herra bæ-
jarfógetanum að ~~at~~ láta komast ná kvörnar að raun
um við gefið tækifæri.

4 Um lóðarauka beiðslu Guðbrandar tómthúsmanns
Guðnarsonar, verðum vèr að vera alveg á sama
máli sem herra bæjarfógetinn bendir til í bréfinu,
að hann megi eum eiga kost á þeirri lóðarbót er
hann beiðist, en þó eigi með öðrum kjörum
en fyr voru á kveðin og honum hefir þegar ver-
-ið gjör kostr á.

5 Þar sem Sverrir steinhöggvari Runólfsson
hefir farið því á flot að fá grjóttekjuna ^í ^nyrðri ^hlutanum ^af^ í Arnar-
-hólsholti verði keypta til dvarandi eignar og
boðið 20 rd fyrir, eða þá á leigu um 6 ára tíma
gegn 2 rd eptirgjaldi árlega, þá virðist oss mjög
ísjárvert að leggja til að gengið ~~væri~~ sè að þessum
báðum, + hvorn þeirra sem heldr væri; enda mundi þar
hjá liggja nærst að álíta að hið fyrra boðið um ~~fulla~~
að selja grjóttekjuna til fullrar eignar lægi undir ákvæðum
24. gr. í bæjarst. reglug. og væri því bæjarstjórninni
eigi einráð í því tilliti; — ~~því þaðanum~~ eigi all-
-fáir af hinum efnaminni bæjarbúum hafa nefnilega
~~einatt~~ góða atvinnustað að því einatt, að mega taka
grjót þar í holtinu ~~til~~ aka því þaðan og selja
bæjarbúum til þarfa og bæjarverkanna, en fyrir
það fást einnig þarfagrjót gegn vægara verði,
heldren verða mundi ef grjóttekjan öll væri
eign eins manns. Enda stendr og baitanda opið ~~at~~ einsog
öðrum bæjarbúum, að afla þar grjóts og vinna það og höggva, eins og {hvorjum öðrum.

6 og 7. Áhrærandi beiðni þeirra fyrnefndr Sverris
Runólfssonar og Þorvalds prentara Þorvaldssonar um
að þeir hver um sig mætti fá herbergi til
í búðar í Barnaskóla húsinu, verðum
vèr enn á sama máli sem fyr hefir orðið
uppá með bæjarfulltrúunum ~~um~~ þetta mál

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og herra bæjarfógetanum er kunnugt af bréfum vorum
10. okt. og 13. nóbr. f. á. Vér neitum því að vísu
eigi, að húsinu sjálfu gæti orðið það til góðs og
þarfa, á meðan það er svona mannlaust og
ónotað samkvæmt tilætlun sinni, að einhleypur
áreiðanlegur maður hefði þar bústað til þess að
þrífa húsið og passa að innan, en á meðan
það enn er í höndum og afnotum slíks þarfa-
manns sem verzlunarstjóri O. P. Möller er, þá
getur slík þörf ~~hversvis~~ eigi komið til greina ^nú útistandandi^ og
þess vegna eigi heldur að ~~sinna þessu~~ gefa hverjum
ugum beiðendanna vilyrði á að fá þar bústað.
8. Eptir ~~hinum~~ nákvæmar upplýstum atvikum sjáum
vér nú fundið ástæðu til að ávísa Eiríki smið Eiríks
syni ~~og~~ 5rd uppí þann 6rd 10ß reikning hans, er hann
hefir afhent sent bæjarstjórninni fyrir verk sitt og
aðgjörð við Vatnsbólin ~~10~~ í Júlí – Sept. 1859.
Skjöl þau N 1 – 8 incl. er fylgdu bréfi herra
bæjarfógetans endursendast hérmeð.
Jón Guðmundsson H. Kr. Friðriksson H. Jónsson Guðm. Þórðarson

Til
Bæjarfógetans
15. febr.

Nr. 8

Á fundi vorum í gær kom til umræðu hérmeð
fylgjandi bréf dags. 30. f. mán. frá 16 bændum flest-
um á Melunum, og þar beggja megin, meðfram
sjónum, hvar í þeir bera sig upp undan vegleysu
þeirri sem er neðan úr bænum vestur að þeim
þorpum er þeir búa í, og skora á bæjarstjórnina
að ~~sjá~~ hafa tilhlutun með að úr því verði bætt
sem fyrst.
Eins og herra bæjarfógetanum mun minnast,
þá var máli þessu hreift í vor frá sömu mönn
um gegnum Sudramelinn og lagt undir álit full-
trúanna, var því svarað af vorri hendi með
bréfi til bæjarfógetans 11. júní f. árs í þá leið,
að áður en fulltrúarnir á kvaði um veitti fé
til þeirrar aðalvegagjörðar er hér ræðir um
yrði byggingarnefndin, ~~undir~~ samkvæmt
~~tillögum~~ fógetanum verka hvárt sumar
að ákveða, undir ~~sinn~~ þykkti annanleiðs, stefnu
og breidd þess aðalvegar er hér ræddi
um, og verðum vér enn að álíta þetta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Februar 1861

Því fremur nauðsynlegt, sem nú er farið að verða mjór og tæmbr hús beggja megin vegarins; Og vèr höfum eigi fengið síðan seinna vís bendingu um að Hofuðs væri til hvorjum tekin af, hefir framt því að vèr verðum í alla staði að viðkenna að umbætur þær 16 sè á gildasta röksum byggð og nauðsynleg á að bæta úr þeirri sem fyrst, viljum vèr því mega fela herra bæjar fógetanum að kveðja til byggingarnefnd staðarins svo fljótt sem því getur við komið, til þess að ákveða og fastsetja stefnu og breidd aðalvegarins, einkum frá Merkisteini vestr að Klúbbhúsi horninu, samt að ákveða og boða með auglýsingu á vanalegan hátt, til undirboðs þings fyrir þessari vegagjörð. Meðal skilmálanna fyrir henni veldum vèr einkum að tekið væri fram þessi atriði:

1. Að vegargjörðin sè báðum fyrst upp í tveimur lagi, a. kaflinn fyrir vestan frá Borgarabæjar rennunni og vestr að brunni Merkisteini, b frá Merkisteini vestr að kladdinn fyrir framan Klúbbhúss horni; c báðir kaflarnir í einu lagi

2. Að hinn vestari kafli sè allur steinlagður með góðu og vönduðu grjóti beggja vegna upphækkaðr síðan og með skurði meðfram allri suðr hliðinni; að hinn austari kafli sè steinlagðr með góðu og vönduðu grjóti að norðanverðu frá 15–25 faðma, eptir nákvæmari ávísun fulltrúanna, og svo víðar hèr og hvar ef þurfa þykir þætti.

3. Að breidd vegarins sè ákveðin frá 5–6 álnir eptir því sem byggingarnefndin nú kemur að á kveðr, og uppfylling og ofaní burðr sè úr góðu og föstu efni eptir nákvæmari kröfum byggingarnefndarinnar.

4. Sam þykki (?) lögsta báðs sèt komið undir bæjarstjórninni, og hvort heldr er að einn á öðrum hvorum kaflanum eða báðum til samans. Ef. H St J. Th. Jónss. G. Kristinn

Byggingar nefndin:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Febrúar 1861

Til Bæjarfógetans 18. febr.

№ 9

Með heiðruðu brèfi frá 15. þ. m. hefir herra bæjarfógetinn sent fulltrúunum til álita brèf bæjarfulltrúans Halldórs skólakennara Friðrikssonar til Stiptamtsins frá 14. þ. m., sent yður með stiptamtsbrèfi s. d., hvarí hann fer þess á leit, að stiptamtið leysi sig frá því að gegna fulltrúastörfum hèr í Reykjavíkur kaupstað, þareð hann hafi beðið bæjarstjórnina um lausn úr fulltrúanefndinni með brèfi 7. f. m., en fengið eigi svar en með brèfi 13. þ. m., en það hefði verið afsvar án þess til væri greindar neinar ástæður fyrir þeirri synjun.

Þessi skjöl hafa nú borist umkring milli vor undirskrifaðra bæjarfulltrúa, og verður samhuga álit vort um málefni þetta þannig.

Vèr skulum leyfa oss að vekja fyrirfram athygli að því, að herra bæjarfógetinn kvaddi eigi fulltrúana á ~~fund~~ bæjarstjórnarfund fyr en 13. þ. m. til þess að ræða um téð málefni, og voru þar að vísu tekin fram og bókuð rök fyrir synjun bæjarstjórnarinnar, einsog fundarbókin sýnir, þó að herra H. Friðriksson leyfi sèr að bera fyrir í þessu brèfi sínu, að "engar ástæður hafi verið til greindar".

Það verður nú eigi sagt, að herra Friðriksson liggi á ástæðum fyrir kröfu sinni um að fá lausn frá fulltrúastarfa sínum, þó að oss verði að finnast þær lèttvægar og eigi sem sannastar; því þó að það væri satt, er hann ber fyrir, um að formaðurinn aflagi bæði málin og tráðkaði þeim, og að meiri hluti fulltrúanna fylgdi honum í því og fèllist á skoðun hans, þá er auðsætt að hann mátti vera kominn að fullri raun um þetta nú eptir 2 ára samvinnu hans í nefndinni, með hinum sömu mönnum og hinum sama formanni sem nú er, fyr en einmitt um byrjun hins 3. árs, og að eins 2 dögum eptir afgengna nýja kosningu, 5. f. m.. Því hvað sem líður ástæðum herra Friðrikssonar að öðru leyti, þá er auðsætt, að þær hefði mátt liggja eins opnar og órækar undir síðustu árslok, svo að kosinn hefði orðið á sama kjörþingi, sem lá fyrir í byrjun þessa árs, fulltrúi í stað herra Friðrikssonar, ef undanfærsla hans gæti reynzt á rökum byggð, eins og þær geta nú legið. Því ekkert það hefir aðborið eða komið fyrir frá Novbr. lokum f. árs til árslokanna, hvorki nein breyting í stöðu eða störfum herra Friðrikssonar sjálfs, nè í störfum eða samvinnu hvort heldur fulltrúanna eða bæjarstjórnarinnar yfirhöfuð, er gefi honum hina fjærstu atyllu til að beiðast fremur nú lausnar frá starfa sínum, heldur en hann hafði þá.

Þessari aðferð herra Friðrikssonar er vonandi að æðri stjórnarvöldin gefi ekki meðhald, og enda væri það næsta ísjávert með tilliti til afleiðinganna; það er eigi annað sýnna, en að kosningin 5. f. mán. hafi gjört allt um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Februar 1861.

eitt til þess að fela herra Friðrikssyni burt úr fulltrúanefndinni, þar sem hann eigi bar sig upp fyr en hún var afgengin. En ætti hverjum bæjarfulltrúa að haldast það uppi, svona hvenær sem væri á ári, að stökkva uppá nef sèr í hvert skipti sem hann kæmist í minni hluta í samvinnunni og rjúka frá, þá gæti svo farið, að kjósa yrði nýja og nýja fulltrúa í þeirra stað annanhvorn mánuð, en allir mega þá sjá, hversu það væri fjarstætt anda bæjarstjórnarlaganna, og hversu það gæti leitt til þess, að gjöra bæjarstjórnina aflvana og þýðingarlausa innan skamms tíma. — Þar sem kærandi skýrskotar til, að þeir Pjetursson og Wulff hafi viðstöðulaust fengið lausn, þá er þess vel að geta, að þeir fóru þess eigi á leit fyr en undir árslok, svo að kjósa mátti í þeirra stað á hinu lögákveðna kjörþingi; höfðu og báðir gildar ástæður, þarsem hinn fyrri átti þá að þjóna biskupsembættinu, en hinn síðari flytur hèðan úr bænum alfarinn á næsta sumri.

Að vísu hefir herra Friðriksson nú gegnt bæjarfulltrúastörfum í 7 ár samtals, því eptir 5 ára starfa 1854–58 incl. var hann endurkosinn á kjörþingi 1859; en úr því fulltrúinn hefir leyft að endurkjósa sig til 6 ára, þá er hann, að vorn áliti, bundinn við að þjóna þau 6 árin eigi síður en hver sá, er kosinn væri í fyrsta sinn, og þarf að styðjast við eins löglegar og gildar ástæður, til þess að víkja úr nefndinni, eins og sá, sem frumkosinn er. Sú ástæða frá kæranda er því í raun rèttri mjög þýðingarlaus. Löggjafinn hefir tilsett eitt kjörþing árlega í byrjun árs og ætlast auðsjáanlega eigi til að fleiri verði á sama árinu, nema yfirgnæfandi nauðsyn krefji, þ.e. veruleg forföll einhvers fulltrúans hinn fyrri hluta ársins, þau er eigi hafi mátt fyrirsjá áður hið lögboðna kjörþing afgekk; beri þessleiðis forföll að um hina seinni 6 mánuði ársins, segir löggjafinn að eigi skuli kjósa af nýju, fyr en á hinu ákveðna kjörþingi í árs byrjun. Þetta vottar, að löggjafinn vill ekki að aukakosningar eigi sèr stað, nema full og augljós nauðsyn krefji, og vill ekki að tekin sè til greina ástæðulaus fyrirsláttur einstakra manna, er geti haft þessleiðis aukakosningar í för með sèr.

Þó vèr því játum, að viljugan sè hvern bezt að kaupa, þá verður oss að virðast það mjög ísjárvert og jafnvel ógjörandi, fyrir eptirdæmis og afleiðinga sakir, að gefa kæranda lausn frá fulltrúastörfunum, allra sízt þenna fyrri hluta hins yfirstandandi árs, og það því síður sem margbrotin og vandasöm störf liggja nú fyrir í bæjarstjórninni, einkum útaf opnu brèfi 26. sept. f. ár, er krefja þess að fulltrúarnir sè með allri tölu; en þó að ný fulltrúakosning yrði, mót von, afráðin, þá getur hún eigi verið afgengin, áður en þeim störfum þarf að vera að öllu lokið. Það virðist annað mál, ef háyfirvaldið fyndi hvort eð væri, að hèr væri yfirgnæfandi ástæða til tilslökunar, að gefa honum von um lausn eptir júli lok, ef hann vildi þá á annað borð halda því fram að losast, því ef svo væri gjört, þyrfti eigi að kjósa í hans stað fyr en á kjörþinginu í byrjun ársins 1862. — En þó að háyfirvaldið gefi herra Friðrikssyni lausn, þrátt fyrir þessi mótmæli vor, þá vonum vèr samt, að hann verði skyldaður til að gegna fulltrúastörfum og sækja fundi, þangað til búið er að kjósa annan í hans stað.

Hvað áhrærir persónulegan áburð kæranda til meðundirskrifaðs formanns, míns Jóns Guðmundssonar, þá vil eg að vísu eigi niðurlægja mig til, að láta draga hann til ábyrgðar fyrir það og láta hann sanna; því það getur hann alls eigi. En vèr verðum allir sameiginlega að leyfa oss að biðja herra bæjarfógetann að yfirfara fundarbók fulltrúanna fyrir hið síðasta ár, til þess að gánga úr skugga um og geta borið um það, að það eru helber ósannindi, sem kærandi leyfir sèr hèr að bera á borð fyrir háyfirvaldið, hann hefir aldrei nokkru sinni hreift neinum mótmælum eða prótesti gegn stjórn eða leiðslu formannsins á störfunum eða gegn þeim ályktunum, sem fulltrúarnir hafa tekið með atkvæðafjölda, enda mjög sjaldan beinn ágreiningur tekinn til bókar.

Jón Guðmundsson. H. St. Johnsen H. Jónsson ~~Jón~~ Guðm. Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Februar 1861

Til Bæjarfull-trúa herra Yfirdómara Jóns Pjeturssonar 28. febr.

№ 10

Eins og þér munuð minnast og fundarbók bæjarfulltrúanna ber með sér, var sú álygtan tekin með fulltrúunum í einu hljóði á fundi 6. febr. f. ár, ~~at~~ að samkvæmt uppástúngu bæjarfulltrúa M. Friðrikssonar, að fara þess sem fyrst á leit við stjórnina af hendi bæjar~~fulltr~~ stjórnarinnar, að Reykjavíkur bær sem einn hluti af hinu forna Kjalarnesþíngi fengi nú þegar sinn hluta af Thorkellii barnaskóla Legati; að þaraðlútandi upplýsínga skyldi leita sem fyrst hjá stiptsyfirvöldunum, og að oss 2, – yðr herra yfirdómari, og mér var falið að búa til frumvarp til þaraðlútandi bréfs til stjórnarinnar. Þér munið og minnast þess að þegar eg um[illegible], eptir 2 atriðinu, hafði sent í agust f. á. fengið þær upplýsingar er farið var á leit, – það var innan á yfir af 2ª úrskurðum stjórnarinnar í málinu ásamt skýrslu um upphæð Thorkellii sjóðsins til ulti des. 1859, þá afhenti eg yðr herra a. þessi skjöl að fáum dögum liðnum, til þess að yfirfara þau og búa til uppkast til bréfsins eða að minsta kosti ræða málsins um aðalatriði þess við mig. Eins og þér vitið hefi eg þráfaldlega áminnt yður að taka til aðgjörða í þessu máli eða afhenda mér skjölin aptr, og hefi eg jafnvel tvisvar eða þrisvar ~~[illegible]~~ ætlað að vitja þeirra á heimili yðar, en þau þá að sögn yðar eigi verið á reiðum höndum.

Þar sem þér eruð nú, velborni herra genginn úr fulltrúanefndinni með amtslegu vona eg þér gjörið svo vel að skila mér þessum skjölum aptr, þareð þau heyra bæjarstjórninni til, og það eigi seinna en að viku liðinni hér frá. En skyldi þau mót von hafa forlagzt hjá yðr eða glatazt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Februar 1861

verð eg að ~~bon~~ mælast til og treysta því að þér gjörið svo vel, [illegible] og annaðhvort vitja, að útvega hinar sömu upplýsingar hjá stiptamtinu og afhendið mér síðan, svo að mér sparist þau óþægindi, að verða að leita þeirra opinberlega afhugja af þeim orsökum er þér er á vekið og eg mundi þá eigi komast hjá að til greina.

Jafnframt vil eg biðja yður gjöra svo vel að senda mér það meira hlutans álit er þér genguzt fyrir að semja í Skandinavismálinu en þeir hlutn. Johnsen og Guðm. Þórðarson fellust á með yður, til þess að rita það í bréfabók fulltrúanna, svo að það megi geymast við skjalasafnið og vera til leiðarvísis, þá á fram líða stundir eins og önnur bréf og álitsskjöl er fulltrúarnir afgreiða í embættis nafni. En vera má eigi að meiri hlutinn hafi þegar sent ~~þetta álit~~ bæjarfógetanum þetta álit sitt, þó að það sé reyndar móti réttri reglu og vanalegum gángi að álitsskjöl þess konar fulltrúanna eigi gangi í gegnum formanninn þeirra til æðri yfirvalda.

Guðm. form. bæjarfullt.

Nr 11

Til Bæjarfulltr. Skólakennara H. Kr. Friðrikssonar s. d.

Eg get að vera eigi efað, að þér herra! séuð þegar búnir að senda bæjarfógeta ágreinings-álit yðvart, sem í Skandinavíu-málinu, það er þér lögðuð fram og lásuð upp við seinasta yðar álit á fundi fulltrúanna 4. þ. mán., — þó að eg verði að álíta það andstætt allri góðri reglu að nokkur fulltrúi sendi ágreiningsálit sitt öðruvísi en í gegnum formanninn til æðri yfirvalda; — en að því slepptu verð eg samt að mælast til af yður, að þér gjörið svo vel að senda mér eftirrit af þessu álitsskjali yðar til þess að eg geti látið rita það í bréfabók fulltrúanna, svo að það megi vera í skjalasafni þeirra og þannig til upplýsingar og leiðarvísis þá fram líða stundir.

Guðm.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Datum | Marts ~~Februar~~ 1861 |
|---|---|
| Til Bæjarfógetans 14. marz | **No 12.** Af því oss 3 bæjarfulltrúunum, sem greindi á um „Organistamálið", ~~bæ~~ að því er snertir þá launabót hans úr bæjarsjóði sem nú er tekin inn á áætlunina ~~undir~~ meðal „Stöðugra árlegra útgjalda", höfum afráðið að bera þetta mál undir álit og úrslit dóms málastjórnar ~~var~~-innar með undsta þórðs lejer ferð, þá leyfi eg mér hérmeð að beiða herra bæjarfógetann um staðfestar afskriptir, þetta mál áhrær-andi. |
| | a. Af fundargjörðinni 8. oct. f. á. |
| | b. Af amtsbréfi því er fyrst lagði mál-ið undir álit og úrgreiðslu ~~bæjar~~ stjórn-arinnar |
| | c Af fundargjörð bæjarstjórnarinnar útaf þessu amtsbréfi. |
| | ~~d. Af bréfi Amtsins er~~ |
| | Afskriptir þessar vildi eg mega beiða um in extenso, og svo fljótt sem herra bæjarfógetinn fær-því framast við komið. Guðm. |
| Til Bæjarfógetans 21. marz | **No 13.** Með sendandi bréfi 19. þ. mán. hefir herra bæjarfógetinn sent fulltrúunum til álita bón Guðmundar nætrvarðar Gizurssonar um að sér yrði veitt 18 rd. styrkur eða launa-bót úr bæjarsjóði fyrir þetta yfirstandandi ár einsog ~~kominn~~ í fyrra. |
| | Vér höfum rætt þetta mál með oss á fundi í dag, og varð það samhuga álit vort að veita, að voru legti hið um beðna þareð ástæðurnar fyrir því virðast eins verulegar eins og þær í fyrra, en þær eru teknar fram í bréfi fulltrúanna til bæjarfógetans 13. marz f. ár. Viljum vér því mega beiðja herra bæjarfógetann að gefa gjaldkera bæjarins hérað lútandi skipan til að greiða Guðmundi nætrverði þenna styrk. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Marz 186~~0~~1

af því fé sem þessa árs áætlun tölul. VIII ætl-
ar til óvissra gjalda, ~~og að hann eigi fái~~
~~so~~ þannig, að hann fái 2 rd ~~jafnframt laununum~~
~~jafn~~ fyrir hvern þeirra 9 mánaða sem eftir eru
ársins, jafnframt laununum sínum, og auk þeirra.
Guðm. [illegible] Melsted [illegible] H. St. Johnsen M. Smith [illegible] H. Jónsson G. Þórðarson

N°14

Með heiðruðu bréfi 19. þ. mán. hefir herra bæjar- | Til Bæjarfó-getans 21/3
fógetinn sent fulltrúunum til álits þá beiðni
frá Guðmundi Erlendssyni að hann megi fá
á verað- og útmælda lóð undir hjall og
til kálgarðs hjá húsi sínu á Melstaðarhúsa
lóð.

Vér höfum rætt þetta mál meðoss
á fundi í dag, og þar eð beiðandi ~~[illegible]~~
hafa fengið þarað lútandi leyfi hjá leigu-
liða Melstaðarhúsanna, ekkju frú Thorstensen,
urðum vér allir á því máli að af hálfu
bæjarfulltrúanna gæti ekki verið því til
fyrirstöðu að hin umbeðna lóð yrði
ávísuð og útmæld eptir því sem byggingar
nefndin nákvæmar ákveður.

Skal Guðm. Erlendssonar endursendist

Jón Guðm. [illegible] Melsted H. St. Johnsen M. Smith H. Jónsson G. Þórðarson

N°15

~~Samkvæmt~~ Á fundi bæjarfulltrúanna | Til sama 1. D.
í dag fram fóru þessar kosningar:

1. Til varaformanns fulltrúanna fyrir 1861 var
kosinn docent Sigurður Melsteð

2 Samkvæmt heiðruðu bréfi herra bæjar
fógetans 19. þ. mán.

a. Í byggingarnefndina, í stað yfirdómara
Jóns Pjeturssonar, fulltrúi tómthúsmannanna
Guðm. Þórðarson

b. Í hafnarnefndina, í stað skólakennara H. Frið-
rikssonar, konsul kaupmaður M. Smith

3. Samkvæmt bréfi yðar 23. jan. þ. á., í stjórnar
nefnd sjóðsins handa ekkjum og börnum drukkn-
aðra sjómanna, kaupmaður H. St. Johnsen

Að lokum var Helga snikkara Jónssyni fal-
in umsjón bæjarverkanna frá dato til apríl loka
[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Datum | Martsmán. 1861. |
|---|---|
| Til bæjarfógetans 21. marts. | № 16 |

Með heiðruðu bréfi 14. þ. mán. hefir herra bæjarfógetinn sent oss undirskrifuðum til álita bréf stiptamtsins, 12. næsta á undan, hvarmeð fylgdi áskorun til stiptamtmannsins yfir Íslandi, undirskrifuð af 41 heimilisfeðrum hér í bænum um það:

„að gefa þeim fulltrúum, sem eptir eru í
„bæjarstjórninni, lausn frá fulltrúastörf-
„un, og bjóða að kjósa að nýju nýja
„bæjarstjórn (sic);

krefur Stiptamtið okkur til svars um það „hvort vér, útaf þessari áskorun, finnum oss tilknúða að beiðast lausnar frá köllun vorri sem bæjarfulltrúar, þarsem vèr verðum fyrir slíkum mótgángi", o. s. frv.

Málefni þetta hefir nú borizt milli vor fulltrúanna til yfirvegunar, höfum vèr síðan rætt það með oss á fundi 18. þ. mán, og verður samhuga álit vort og svar þannig.

Eins og það er víst, að Stiptamtmanninum yfir Íslandi, sem áskorunin er stíluð til, kemur málefni þetta ekkert við að lögum, sem slíkum, svo að (oss virðist) þessi embættismaður hefði ex officio átt að vísa málinu frá sèr, eins finnum vèr oss skylt, að votta herra bæjarfógetanum viðurkenningu vora, fyrir hið miklu réttara form, að vorn áliti, er þèr hafið valið í því að leggja málefni þetta svona undir álit vort fulltrúanna, er það þó de facto eingaungu áhrærir (enda þótt kærendurnir krefist, „að kosin verði ný bæjarstjórn" altso allir nýjir fulltrúar og nýr bæjarfógeti með), heldur en það er Stiptamtið eða in casu amtið hefir fyrirskrifað yður, nfl. að halda fund með oss fulltrúunum um þetta mál, og skjóta þannig málefninu undir álit vort til andsvarar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Martsmán. 1861.

Datum.

Sjálf bæjarstjórnarreglugjörðin sýnir og einskorðar þau atvik, er megi hafa í för með sèr, að löglega kosinn bæjarfulltrúi verði að leggja niður starfa sinn áðuren það árabil sè liðið, sem kosning hans átti að gilda. Sè engi slík atvik fyrir hendi, ekki svo mikið, sem gefin í skyn eða fyrirborin, þá er auðsætt að helber ósk eða yfirlýsing kjósendanna, enda þótt það væri meiri hluti þeirra, um það, að þeir vili ekki eiga lengur yfir sèr þenna löglega kosna fulltrúa, eða beri eigi traust til hans, er hrein markleysa og tilraun til að brjóta niður lagareglu og gildandi lög og þá stofnun eða stjórnarvald (Autoritet) sem er tilsett samkvæmt gildandi lögum. Kjósendur, bæði hver útaf fyrir sig og meiri hluti þeirra eða minni hafa engan rètt eða heimild til að yfirlýsa opinberlega persónulegum vilja sínum og sannfæringu um hæfilegleik þess eður þess fulltrúa, nema einungis með atkvæði sínu á kjörþinginu, þegar kosning fulltrúans fer fram, og þótt eigi verði nema eins atkvæðismunur, þá er minni hlutinn ófrávíkjanlega þarvið bundinn, sè sjálf kosningin lögleg, hverru rík sem sannfæring og vili hvers eins í minni hlutanum kann að vera um það, að hinn kosni fulltrúi sè eigi eins góður og hæfilegur eins og hann átti að vera og óskanda væri.

Því lögleg kosning fulltrúa, hvort heldur er til þjóðþings eða í bæjarstjórn, er eins rík fyrir það árabil, sem hún nær yfir, eins lögleg og eins bindandi alla kjósendurna og aðra, eins og rèttur og helgi þess embættismanns, sem konungurinn sjálfur hefir sett, er bindandi þá alla, sem undir hans embætti standa; bæðum er þarmeð trúað fyrir opinberum starfa samkvæmt gildandi lögum, þeir eru báðir jafnlöglega kvaddir, og því þarf lögákveðnar sakir til þess að þeim verði vikið frá, hvorum fyrir sig. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Datum. | Marts mán. 1861. |
|---|---|
| | En auk þess að í áskorun þessara 41 bæjarbúa er engi átylla gefin eða svo mikið sem fyrirborin, er gæti með nokkru móti gefið tilefni til að víkja oss frá, hvort heldur einum okkar eða öllum, eða sjálfum okkur tilefni til að beiðast lausnar, þá finnum vèr því síður tilefni til þessa, þegar vèr lítum á sjálfa þá menn og höfðatölu þeirra í samanburði við aðaltölu þeirra bæjarbúa, sem eiga kosningarrètt að lögum, til þess að kjósa bæjarfulltrúa. Því bæjarbúarbúar, sem eiga rètt á að kjósa fulltrúa úr flokki borgara og húseigenda, eptir hinni síðustu kjörskrá, eru nú <u>56</u> — af þeim eru einir <u>átta</u> undir þessari áskorun til amtsins. Vèr vitum og getum sannað, að nálega hverjum hinna 48 hefur verið gjör meir en laus kostur á að rita nöfn sín undir þessa sómasamlegu áskorun, því að mörgum hefir verið lagt um það; áskorun þessara 8 verður nú að lúta að oss 3 fulltrúunum úr flokki borgaranna, en oss virðist auðsætt að þannig sè framkomin eindregin og absolut majoritet fyrir því, að við <u>ekki</u> "beiðumst lausnar". |
| | Af tómthúsmönnum, sem hafa kosningarrètt, eru undirskriptirnar 27; það er heldur ekki nema <u>minni hluti</u> þess flokksins, enda munu eigi allfáir úr þeim flokknum geta skýrt frá því og máske skýra frá því ótilkvaddir, hvernig standi á undirskriptum margra þeirra og hve hreinlega og sómasamlega að þær voru snyktar saman. Að öðru leyti skulum vèr leyfa oss að minna á, að meðundirskrifaður Guðm. Þórðarson var kosinn fulltrúi tómthúsmannanna í byrjun ársins 1860 til <u>6</u> ára og kjörinn með miklum atkvæðamun. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Martsmánuður 1861.

Datum.

Að því er viðvíkur skjalinu "frá nokkrum málsmetandi húseigendum og bæjarmönnum", sem skýrskotað er til í áskoruninni, þá skal eg meðundirskrifaður Jón Guðmundsson leyfa mér að geta þess, að mér var fært skjal 4. þ. m., dags. 28. f. m., með hönd sjálfs Stiptamtsskrifarans, herra organista P. Gudjohnsens, hins sama, sem er efstur á bandi undir áskoruninni; skjalið er undirskrifað af einum tómthúsmanni og 11 (ellefu) húseigendum og borgurum, og eru 7 þeirra hinir sömu, sem eru undir áskoruninni, þaraf 4 útgefendur blaðsins "Íslendings"; eru mér þar engar sakir gefnar og ekkert factum tilgreint, en að vísu nógar gersakir gjörðar um, að eg standi í móti framkvæmdum í þarfir bæjarins, valdi ágreiningi, svo að "fulltrúar, sem menn hafi gott traust á og öllum sé kunnir að góðum vilja og talsverðum framkvæmdum til hins betra" (þeir fara náttúrlega næst um ~~það~~ þetta sjálfir hinir fyrri fulltrúar: H. Friðriksson, J. Pjetursson og Wulff, sem eru undirskrifaðir) "hafi gengið úr tölu bæjarfulltrúanna". En eg hefi eigi fundið mér skylt að meta að neinu svolagað þat sárfárra kjósenda, er að vísu nálega allir aðrir borgarar og húseigendur munu hafa verið beðnir að undirskrifa, en vísuðu frá sér með fyrirlitningu, og það því síður, sem eg á nú eigi eptir nema einn á 9 mánuði af þeim 6 ára starfstíma, sem eg var til kosinn frá upphafi, en aldrei hefir neinni óánægju verið hreift gegn mér eða umkvörtunum um undanfarin 5 ár, eða fyr en þessu óverðu uppþoti fárra manna nú eptir síðustu árslok; en samkomulag og samvinna fulltrúanna og framkvæmdir þeirra að vísu eigi öllu miður en að undanförnu, eins og gjörðabækurnar og bréfabækurnar munu bera ljósastan vottinn um, og er það þarhjá órækastur votturinn um þetta, að þessir 11 herrar geta ekkert factum komið með eða borið mér á brýn.

Vér finnum því síður en ekki neitt tilefni til, auk heldur vér séum "tilknúðir að beiðast lausnar frá köllun vorri"; vér álítum þvertámóti að vér bregðum ámóti lögum og skyldu og tiltrú alls þorrans af kjósendum vorum ef vér gerðum það eða gæfum nokkurn gaum slíkum alveg ólöglegum uppþotum og yfirlýsingum á bekkjablöðum með samansnýktum undirskriptum hins afvegaleidda skríls, og þarámeðal nokkurra sem engan kosningarrétt hafa.

Jón Guðmundsson. H. St. Johnsen. H. Jónsson. G. Þórðarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Datum. | April-mán. 1861. |
|---|---|
| Til bæjarfógetans 6. apríl. | № 17 |

№ 17

Með heiðruðu bréfi, dagsettu í gær, hefir herra bæjarfógetinn sent fulltrúunum með bréfi Stiptsyfirvaldanna á dönsku 30. f. m., 2 frumvarp frá stjórnarráðherranum, annað til reglugjörðar handa barnaskóla þeim, sem á að koma á stofn hér í Reykjavík, samkvæmt tilsk. 12. desember f. ár, hitt til erindisbréfs handa kennurunum við téðan skóla. Hafa Stiptsyfirvöldin beðist álits bæjarstjórnarinnar um þessi mál, en herra bæjarfógetinn leitað um það álits vor fulltrúanna.

Vér ræddum þetta mál með oss á fundi í gær, og varð samhuga álit vort að leyfa oss að vekja athygli herra bæjarfógetans og stiptsyfirvaldanna að því, hvort eigi mundi réttara og affarabetra, að annaðhvort skólanefnd sú, sem er ráðgjörð í 20. gr. reglugj., væri þegar sett, og henni falið að bera upp álit sitt um þetta mál, samt að undirbúa skólann að öðru leyti, úr því löggjöfin um stofnun hans nú er út komin, ellegar að minnsta kosti að fela þeim 2 embættismönnum, sem eiga að verða að staðaldri fremstu mennirnir í skólanefndinni, dómkirkjuprestinum og bæjarfógetanum, ásamt 1 eða 2, er bæjarfulltrúarnir kveddi til þess til bráðabyrgðar, að yfirfara fyrsta frumvarp og bera upp þar að lútandi álit sitt og breytingaruppástungur, ef til vildi, því með svo feldu virðist fremur og jafnvel einungis mega vænta þess, að reglugjörðin og erindisbréf kennaranna yrði með þeim frágangi og allt fyrirkomulag skólans svo undirbúið, að téðum æðstu mönnum í skólanefndinni yrði fært og ljúft að hafa þá umsjón og stjórn skólans á hendi, er reglugjörðin ætlast til af skólanefndinni, og nauðsyn krefur.

Ef herra bæjarfógetinn vildi aðhyllast þessa skoðun vora og veita henni yðar góða meðmæli við háyfirvöldin, biðjum vér nákvæmari ákvarðanar um, hvert vér eigum að kveðja tvo menn í skólanefndina, eða til bráðabyrgða til téðs starfa, og hvert þeir ætti báðir að vera úr flokki vor fulltrúanna eður eigi.

En ef herra bæjarfógetinn skyldi ei geta aðhyllzt þessa skoðun vora, eða fengið henni framgáng á æðri stöðum, verðum vér samt að leyfa oss að mælast til, að herra bæjarfógetinn láti sér þóknast að kveðja oss til fundar við yður til þess að ræða málið og undirbúa frekar, með því líka Stiptsyfirvöldin hafa lagt málið undir álit bæjarstjórnarinnar.

Skjölin endursendast.—

J. Guðm. Ó. Melsteð. H. St. Johnsen. M. Smith. H. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| # (Janúar 1861) | |
| **No 18** | Til bæjarfógeta 2. jan. 1861. |

## Skrá

yfir þær jarðeignir tilheyrandi Reykjavíkursveit, samt innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, — með ákveðnu eptirgjaldi af þeim eignum, eins og það hefir verið fyr metið, eður var fastsett fyrir árið 1860, — sem ber að greiða af alþingiskostnað.

| | Ársafgjald 1860 | |
|---|---|---|
| **A.** Eignir kaupstaðarins, hvaraf afgjald gengur í bæjarsjóð: | | |
| a. Biskupsstofutún . . . . . | 22rd – 2mk – „ sk | |
| b. Melshúsatún . . . . . | 19 – 1 – „ | |
| c. Ullarstofupartur . . | 22 – „ – „ | |
| d. Melkotstún — 110 álnir eptir verðlagsskrár meðalverði; gjalddagi 31. des. 1860; eptir verðlagsskrá 1860/61, 20 sk alin . . | 22 – 5 – 8 | |
| e. Stekkjarkotstún . . . . . | 4 – „ – „ | |
| f. Grænuborgarblettur . . . . . | 1 – „ – „ | 91rd 2mk 8sk |
| **B.** Eignir einstakra manna, með fastákveðnu gjaldi til bæjarsjóðsins (bundin sjálfseign): | | |
| 1. Skálholtskots- og Stöðlakotstúnin, með fastákveðnum árlegum leigumála 249 álnir; gjaldd. 31. des. 1860, eptir meðalverði verðl.skrár 1860/61, 20 sk alin . . | 51rd 5mk 4sk | |
| 2. Melstúnblettur . . . . . | 5 – „ – „ | 56 – 5 – 4 |
| **C.** Óbundin eign einstakra manna: | | |
| a. Landakotstún . . . . . | 80rd „ mk „ sk | |
| b. Nýjatún . . . . . | 33 – 2 – „ | |
| c.d. Grímsbæjarblettur og Holtsblettur . . | 10 – „ – „ | |
| e. Grímsstaðatún . . . | 5 – „ – „ | 128 – 2 – „ |
| **D.** Opinberar eignir: | | |
| a. Arnarhólsléensjörð . . | 80rd „ mk „ sk | |
| b. Rauðará . . . . | 16 – „ – „ | |
| c. Örfirisey (Effersey) . . | 20 – „ – „ | 116 – „ – „ |
| | Samtals = | 392rd 3mk 12sk |

Jón Guðmundsson
formaður bæjarfulltrúanna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# April 1861.

Til Bæjarfógetans 22. april

## № 19

Af hér með fylgjandi afskrift af bréfi bæjarfulltrúanna til stiptamtsins ~~[illegible]~~ 10. marz f. árs má sjá, að þeir fóru þess þá á leit við stiptamtið að skjöl þau er stiptamtmaður sál. L. A. Krieger ráðstafaði hingað til landsins í banalegu sinni, og lagði, að sögn, svo fyrir, að þau skyldu geymd í sömu lokuðum umbúðum og með sömu ummerkjum við skjalasafn stiptamtsins, þangað til 20 ár væri liðin frá dauða hans, en hann andaðist, að því er segir í sagnaritum vorum 4. d. maí 1838.

Nú af því liðin eru meir en 20 ár síðan, en endurminningin um hina ágætu embættisstjórn Kriegers sál. hér á landi og um ~~[illegible]~~ einstaklegan á huga hans fyrir framförum þessa bæjar og alls landsins, er enn lifandi hjá mörgum mönnum meðal vor, þá er mörgum bæjarbúum, og ~~vér~~ er þessvegna hafa skorað á okkur um þetta mál, og víst einnig mörgum öðrum landsmönnum mikill hugur á því, að fá ~~þær~~ upplýsingar í þessu máli sem publicum varðar, ~~[illegible]~~ í raun réttri eiga heimting á, hvort sem heldur væri áhrærandi sjálft innihald skjalanna, og að þau verði opnuð notarialiter þegar tíminn er til þess kominn, eptir fyrirlagi höfundarins, eða ~~um þær á [illegible]~~ ef enn væri eigi sá tími kominn, þá um þær á hvarðandi hans framliðna er þaraðlúti og hvenær þær heimilaði að skjölin yrði opnuð og hvernig.

Fulltrúa~~ráðið~~ hafa nú enn ~~eigi~~ í dag ekkert svar fengið uppá téð bréf þeirra 10. marz f. á. og fundum vér því ástæðu til að hreifa þessu máli af nýju á fundi vorum ~~[illegible]~~, (með fram eptir áskorunum [illegible] bæjarbúa) og varð sam hugu áliti

# April 1861

~~eptir stiptsyfirvöldum sé kominn meiningu bæjarstjórnar~~
vort, að fela herra bæjarfógetanum að
koma máli þessu í hreifingu á ný ~~og~~ ~~stiptsyfirvöldum~~
~~að þeir veiti leyfi og gjör kostnað~~ að
~~útgjöra~~ að ~~því~~, að stiptamtið annað-
hvort láti notarialiter opna þessi skjöl
Kriegers sál. og að aðrir legði samkvæmt
því sem hann hefir sjálfr lagt fyrir,
eða að bæjarstjórninni gefist vottaðar
upplýsingar um hvað, því væri helzt
til fyrirstöðu, ásamt ágripi af sjálf-
um fyrirmælum Kriegers sál. ~~um þetta~~ ~~er~~
áhrærir ~~þann tíma og er~~ þann tíma eða það
árabil að hverju liðnu að skjölin megi opna,
og aðferðina þarvið ef hún væri sérstaklega
ákveðin eða fyrirskrifuð af hinum framliðna
Jón Guðmundsson. L. Melsteð. H. St. Johnsen. M. Smith. H. Sigurðsson

Nº 20

Á fundi vor bæjarfulltrúanna 20. þ. mán.
var hreift af nýju, að bæjarstjórnin leitaði ~~…~~
sem fyrst á stjórnina um, að Reykjavíkr bær ~~…~~
fengi nú fyrst ~~…~~ vexta tiltölu af vöxtum Thorvaldsens sjóðsins
~~til~~ handa barnaskólanum sem ~~…~~ nú á að
stofna hér í bænum.

Þér munuð minnast þess, herra yfirdómari,
að máli þessu var hreift á fundi fulltrúanna
6. febr. f. á., að þá var afráðið, að leita upplýs-
inga hjá stiptsyfirvöldunum um málið, ígegnum
formann fulltrúanna, eins og hann einnig gjörði
með bréfi 27. s. mán., — Þá hann fékk síðan (hið umbeðna) ~~…~~ af
honum umbeðnar upplýsingar í ágúst mán.
f. árs, er hann afhenti yðr stjórnina, síðar,
af því yðr og honum var falið það, þegar á
fundinum 6. febr. f. á. að semja frumvarp
til bréfs af hendi bæjarfulltrúanna ~~um þetta mál~~, undireins og þessar
upplýsingar væri fengnar.

En af því þessi skjöl er stiptsyfirvöldin létu
þannig í té til upplýsingar í málinu, hafa eigi
síðan verið af yðr afhent, en væntum þeirra er
framgangi þessa máls til beinnar fyrirstöðu, þá
viljum vér mega biðja yðr gjöra svo vel, að afhenda
skjöl þessi, sem fyrst, en skyldu þau, mót von, hafa
forkomizt hjá yðr á einn hvern hátt, viljum vér biðja yðr ~~gjöra~~
að útvega ný afskriptir af þeim hjá stipts ~~yfirvöld~~

Til þess verandi bæjarfulltrúa herra yfirdómara Jóns Péturssonar. J. D.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Datum

# 1861 April & Mai

yfirvöldunum, og leggjum vèr í því skyni hèr með þeirra útdrátt úr brèfi formanns fulltrúanna til ~~Stipts-yfirvaldanna~~ 27 febr. þ. á., áhrærandi þær upplýsingar er beðið var og nauðsynlegar eru, og sem að mestu legti vorn fölgin í þeim skjölum sem aptr eru komin frá háyfirvöldunum, er yður vorn ~~afhent~~ eptir dagsda. þèr ~~hafið~~ eigið óskilað aptr.

Vèr ~~leyfum~~ treystum því, að þèr gjörið svo vel að sjá ráð til að ráða úr þessu á annan hvornhvorn veg sem hèr er bent til, innan 14 daga frá því yður berast þessi tilmæli vor. —

Jón Guðm. S. Melsteð Pál St. Johnsen H. Sivertsen H. Jónsson

Til Bæjarfógetans 3. mai

Nº 21.

Hèrmeð sendi eg herra bæjarfógetanum ~~Niðr~~ til frekari lögskipaðrar ráðstöfunar Niðrjöfnun fulltrúanna á bæjargjöldunum 1861, ásamt þeim gjörðum og skrám áhrærandi hina nýju lóðartolla og skatt af timbr- og múrhúsum, sem hún meðfram er byggð á að þessu sinni, og skýrskotað er til í henni sjálfri, sbr. litr. A—D. incl.; vonast fulltrúarnir að herra bæjarfógetinn verði á sama máli og vèr um það, að nauðsynlegt verði að framleggja allar þessar skrár jafnframt niðrjöfnuninni og áætluninni fyrir þ. á. og að þess verði getið í auglýsingunni.

Einnig læt eg fylgja uppdráttinn yfir allar byggðar og óbyggðar lóðir á kaupstaðar lóðinni frá 1792, er vèr fulltrúarnir verðum að álíta ísjárvert að framleggja, sakir skemda er þeir gæti þarveð beðið, en máske eigi þörf að gjöra mönnum kost á því í auglýsingunni að fá að sjá hann, ef einhver vildi nákvæmar glöggva sig á lóð sinni, annaðhvort á fógeta skrifstofunni, eðr á annan hátt, er eptirlit fylgði með því að uppdrátturinn eigi skemdist

Jón Guðm.
form. bæjarfullt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Maí 1861.

Nº 22

Eptir það bæjarfulltrúarnir ~~höfðu~~ hafa [illegible]
kynnt sér stefnu þá á hinum vestari Hlíð-
-arhúss vegarins, ~~frá~~ austan frá bænum Merkisteini,
er byggingarnefndin hefir fyrir skemmstu á kveðið,
og ~~vér~~ hugleitt það rækilega, hve feykimikinn
kostnað sú vegargjörð, ~~hlyti~~ sem á þá stefni
~~og~~ hlýti að hafa í för með sér, kom málefni
þetta til nýrrar umræðu með oss á fundi 6.
þ. mán., og varð samhuga álit vort, að
þar sem ~~þó~~ þó er lagt fyrir svo margar aðrar ~~nauð~~ nauð
-synlegar og fyrirliggjandi vegabætr, t. d. aðgjörðin á Fossvogs
brúnni, sömuleiðis aðgjörðir og umbætr á stræt-
-um bæjarins, en í þessu ~~harðæri og~~ fiskaleys-
~~is~~ isári og þaraf leiðandi harðæri yrði að gjalda
varhuga við, ~~að vefja og hvorki~~ að ráðast eigi
í þann kostnað sem ~~eigi yrði~~ hjá yrði
komizt, og eigi í fleiri verk enn önnur en
þau sem, ~~bæjar~~ hinir innlendu fátækari bæjar
-menn að minsta geti yfir komizt og hafi sér til at-
-vinnu og gjaldaléttis, en einkum, að áætlunin yrði
ekki yfirstigin í þessu atriði sem öðrum, — þá
yrði að hverfa frá ~~því~~ að minsta kosti að þessu sinni, að
veita fé til hins nýja vegar eptir stefnu bygg-
-ingarnefndarinnar, heldr yrði nú að takmarka
sig ~~til~~ við það, að halda ~~fyrstum~~ fyrstum sinn hinum
gamla veginum austan frá Merkisteini,
með þeirri undirstöðu er hann hefir nú,
nema hvað ~~leiðrétta~~ þurfa kynni að lag-
-færa brúnirnar og rétta við á einstöku
stað, ~~og~~ og bera síðan vel ofaní hann
góðan ofaníburð og bæta vel upp,
þar sem hinn sama ofaníburð mætti
aptr hafa ofaní hinn nýja vegbygging-
-arnefndarinnar, þegar síðar meir
yrði afráðið að leggja hann.

Til
Bæjarfógetans
11. maí

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Datum | Mai 1861. |
|---|---|
| | Og þarsem herra bæjarfógetinn hefir ekki ennþá ákvedid undirbodsþing á þessari vegargjörd, samkvæmt bréfi voru 15. febr. þ. á., þá ~~vitjum~~ viljum vér af framanskrifudum ástædum, ad þela yðr, ad breyta, samkvæmt framanskrifudu, skilmála atridunum í téðu bréfi undir tölul. 2 og 3, en ad leggja þad ad ödlu ödru leyti til grundvallar fyrir ~~undirbods~~ skilmálum undirbodsþingsins, er vér vdjum bidja yðr gjöra svo vel ad ákveda svo fljótt sem því verdr vid komid. J Gudm. S. Melst. M. Johns. M. Smith. H. Johnsen Gudm. Þórdarson |
| Til Bæjarfógetans 11. mai | № 23 Samkvæmt heidrudu bréfi herra bæjarfógetans 29 f. mán. og því fyrirlagi Maturdegaudi ... hágöfugi valda sem þar er stýrt til, var á fundi fulltrúanna 6. þ. mán. gengid til kosningar á 2 úr flokk sjálfra þeirra til þess að ganga í hina nyja skólanefnd hér í bænum, og ~~voru þá til þ~~ hlutu flest atkvædi: docent Sigurdr Melsted og undirskrifadr, og bædi jafnmörg; ~~þetta tjáiég yðr~~ hér med einnig herra bæjarfógetanum bodið fyrir. Jón Gudm |
| Til Sama s. D. | № 24 Hér med tjái eg herra bæjarfógetanum ad kaupmadrinn Hansen og M. Smith var ei fundi ... umsjón bæjarverkanna fyrir yfirstandandi Mai mánud. — Jón Gudm. |
| Til Sama 22. mai | № 25 Útaf heidrudu bréfi herra bæjarfógetans dagsettu í dag, hvar med fylgdi umkvörtunarbréf frá 2 leigulidum bæjarstjórnarinnar: Jónas-son og Wulff yfir því ad Stóreyjaper ... upp af beininum og Skólavörðu greyfaunu ... tú lúr gerdingalegrir fyrir þeinni, og ... au þeirra um ad gjört verdi ... þessu svo ad hún þeirra betri eigi, samt ad þess |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fái staðabætr fyrir þann ágang sem af þessu er þegar orðinn, — þá finn eg eigi neina á stæðu að ~~kalla beggja mál~~ kveðja fulltrúana á fund, til umræðu um það og úrgreiðslu, með því mál þetta er af bæjarfulltrúa annars hálfu beinlínis leitt til lykta á fundi þeirra 29. febr. f. á, — ~~Korandanum í vil~~, og málalyktir tilkyntar herra bæjarfógetanum í bréfi 10. marz næst á eptir sbr. ad litr C. —

Aptur, ~~fallar damu gerues~~ [afleiðandi á stöðum egi] á stöðum fuða fyrir að þær málalyktir haldist ~~um í dag~~ [enda eftir eigi apturkallað] ó raskaðar, enda 3 fulltrúarnir að meðtöldum undirskrifuðum formanni þeirra, [einn] hinir sömu og þá, virðist þessi upptekt um tilefnislaus, og [ger] engi ástæða til að veita skaðabætur fyrir afgengin eða ~~verðandi~~ eptirkomandi ágang á henni á þessu vori, sakir girðinga leysis á grjótinu, [þarsem] ~~er~~ klutaðeigandi leiguliða ~~vanrætu~~, eptir, [þeim] undirhelltum bæjarfulltrúanna 29. febr. f. á, ~~ætlaðr~~ [stóð ofan þessum] ~~annað hvort~~ [einnig þeim stendr eins] [annað hvort] að skora á bæjarstjórnina, í tíma að láta bæta girðingar ~~fyrir grjótinu~~, eða að ganga sjálfir fyrir því verki á kostnað bæjar og, ~~á~~ ~~?~~ því einnig herra W. P. Ulstrup var þá sjálfr bæjarfulltrúi og tók þátt í þeim málalyktum að máluðu, eins verð eg að telja víst, að hinn leiguliðinn, hr. Jónasson, hafi fengið fulla vísbendingu þarum frá herra bæjarfógetanum, ~~einnig~~ eptir því sem fanið var framá í meðlagi bréfs míns 10. marz f. á

Fylgiskjölin endrsendist. Jón

---

№ 26

Á fundi vor bæjarfulltrúa þann 21. þ. mán kom[u] til umræðu, ~~um~~ ýmsar þær vegabætr og[ir] að gjörðir á strætum bæjarins er þyrfti að gjöra, sem fyrst, kom oss meðal annars á saman, að nauðsyn væri á að breikka hækka og umbæta götuna með austari húsaröðinni á Austrvelli neðan frá Austrstræti og uppað stígnum er liggr uppá skólabrúna.

Til Bæjarfógetans f.d. 23. maí

Ákvarandi ~~fyrir~~ lögun þessar vegar og fyrir

| Datum | Mai 1861 |
|---|---|
| | komulag hans, undan vér að álíta réttast, að hann væri hafðr á breidd, ~~lèt og kirkju~~ ~~breidd~~ lèt og kirkjubrúin er, ~~vel~~ nálægt 7 áln., að minsta kosti að undirstöðunni; að hann væri hafðr ~~fullt~~ vel eins hár enn þá framar nú til beggja brúnanna en ~~nú~~ hæri miðja vega, með ávölum hrygg, að meðfram öllum veginum, vestanmegin, væri grafið brett ræsi eigi djúpt og það steinlagt allt að neðst undirstöðu með stórum og öflugu grjóti til undirstöðu undir sjálfum veginum að verlanverða, en ofan á þá undirstöðu skyldi snyddu hlaða allan veginn að utan jafnhátt og vegrainn verði hár og hafa hleðsluna ávala eðr vel við dig hlaðna. |
| | Vér biðjum því herra bæjarfógetann gjöra svo vel, að ákveða og auglýsa uppboðsþing til þess að bjóða upp þessa vegagjörð þeim er fyrir minst vildi ~~bjóða~~ takast hana á hendr, og hafa þá skilmála fyrir ~~……~~ henni, er nú ~~……~~ voru teknir fram, en jafnframt það skilyrði, að verkinu ~~veginum~~ sè alveg lokið fyrir lok ágúst mánaðar, að sá sem verkið tekst á hendr ~~hafi~~ taki eigi aðra ~~til þess~~ verkamenn til þess en bæjarbúa, og að lægsta boð sè komið undir samþykki bæjarstjórnarinnar |
| Til Bæjarfógetans. 24. maí. | № 27. |
| | Með heiðruðu brèfi 16. þ. mán. hefir herra bæjarfógetinn sent fulltrúunum til álita, samkvæmt amtsbrèfi deginum fyrir, uppástúngur frá 18 staðarbúum, nl. 5 embættismönnum, 11 borgurum og 2 tómthúsmönnum hèr í bænum; stefna allar uppástúngurnar að því, að ráða úr hinum almenna skorti og neyð er horfir við, eins hèr í umdæmi bæjarins eins og í öðrum sjóplázum hèr innan Faxaflóa, sakir hins einstaka aflaleysis hèr yfir allt á næstliðinni vetrarvertíð, og er í þessu skyni því farið fram, í 2 fyrri uppástúnguatriðunum, að minka eðr niðrsetja þ. árs bæjargjald um 890 $^{rd}$ 3 $^{ß}$, sumpart |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Maí 1861.

með því að ná sem fyrst inn í fátækrasjóðinn þeim krøfum
sem hann á útistandandi einkum hjá øðrum sveitarsjóðum
hèr ~~í bænum~~ og hvar, er uppástúngumenn telja að sè 290rd 3s,
en sumpart með því að taka nú í ár af varðainnstæðu fátækra
sjóðsins 600rd uppí þau gjøld, sem áætluð hafi verið til þurfa
manna bæjarins fyrir þ. ár. 3. uppástúngan fer því fram, að
tekið verði nú í ár 4000 rd. lán, til þess að útvega hinum nauð=
staddustu bæjarbúum atvinnu við nauðsynlegar aðgjörðir og endur
bætur á strætum í bænum og vegina fyrir utan bæinn, en
fyrir það, segir í þessu uppástúnguatriði, mundi mega falla
í burtu það 475rd. fè, sem nú er ætlað til vegabóta þ. ár, og
yrði þá bæjargjøldin þ. ár, samkvæmt því sem tekið væri fram í
1. og 2. uppástúnguatriðinu um betri tilhøgun og innkøllun
á fátækrafènu, að eins 930rd 13s alls og alls, í stað þess sem
þ. árs áætlun hljóðaði uppá 2295rd 16s, eins og nú er niðurjafnað.

Þessar uppástúngur hafa nú borizt um kríng milli vor
fulltrúanna til yfirlesturs og yfirvegunar, ræddum vèr að
því búnu málið sem ítarlegast á fundi 21. þ. m., og verður
samhuga álit vort um það á þessa leið.

Að því er áhrærir 1. og 2. uppástúnguatriðið og uppástúng=
una í 3. atriðinu um að minka ennfremur bæjargjøldin um
475 rd., þá er auðsætt, að þessar uppástúngur eru byggðar á
verulegum misskilníngi á hinu løgákveðna fyrirkomulagi á umboðs=
legri stjórn á tekjum og gjøldum (den oekonomiske Bestyrelse) Reykja=
víkur kaupstaðar, þar sem áætlun yfir tekjur og útgjøld
bæjarins, gjørð af bæjarstjórninni og samþykkt af amtinu
beint eptir því formi og reglum, sem bæjarstjórnarløgin
fyrirskrifa, og þar á byggð formleg niðurjøfnun fyrir gjøgvallt
þetta ár, liggur nú fyrir, en komið fram í miðt árið, sem
hvorttveggja gjørðin gildir. Ef nú ætti að fara að taka þessi
uppástúnguatriði til greina, þá leiddi þaraf, að gjøra yrði nýj
a áætlun á miðju ári, og þará byggja nýja niðurjøfnun,
sem þó væri alveg móthverft gildandi løgum, en ónýta þær
gjørðir, sem þegar eru gjørðar á løgákveðnum tíma og fyrir
løgákveðið tímabil, og að gættum øllum þeim formum, sem
løgin þarum fyrirskrifa. Þaraðauki mun það mega álíta
og almennt vera álitið mjøg viðsjált "Princip", að koma gjald=
þegnum uppá að hræra í løgákveðnum gjøldum, svona á miðju
ári, einkum sè þau ekki neinum verulegum eða óbærilegum
mun hærri en þau hafa verið að undanførnu, og eigi byggð á
heimildarlausri eða ástæðulausri undirstøðu, en það á sèr
ekki hèr neinn stað þar sem þ. árs gjøld eru byggð á formlegri
áætlun, er amtið hefir staðfest samkvæmt løgum, er þaraðauki
3 af uppástúngumønnunum hafa sjálfir átt þátt í og undirskrif=
að, enda hafa uppástúngumennirnir engu hreift í þá stefnu.
Að vísu getur sá atvinnuþnekkir fyrir komið eptir gjørða áætlun,
eins og hèr nú átti sèr stað með fiskileysið, að gjøldin komi
miklu þýngra niður á allan þorra gjaldenda, heldur en viðáætl=
unina varð fyrirsèð eður ráðgjørt, en slík atvik geta eigi
gefið neitt beinlínis tilefni fyrir yfirvaldið til að breyta gjald=
reglunni gagnstætt løgum, eða gjaldþegnunum að fara fram
á þá niðurostuíngu í gjøldunum, sem eigi getur átt að
styðjast við neina heimild í løgunum. Enda virðist oss, að
uppástúngumennirnir komist í 3. uppástúnguatriði sínu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Datum | Maí 1868. |
|---|---|
| | niður á mikla réttustu grundvallarregluna, er lýtur að því að þegar slík erfiðleika- og atvinnuleysis-atvik bera ósjálfrátt og ófyrirsjáanlega að dyrum, að hið opinbera leggist þá á öll grunn til þess, að ráða úr þeim atvinnu- og afkomu-skorti, sem slík atvik geta leitt með sér fyrir almúgann, er af handafla einum lifir, með því að opna almenningi atvinnu, en þarmeð verður honum jafnframt fært að gjalda lögákveðið skyldugjald í opinberar þarfir.<br>Af þessum ástæðum getum vér með engu móti lagt meðmæli vor með því, að 1. og 2. uppástúnguatriðið verði tekið til greina, og það því síður sem þessar uppástúngur munu eiga að styðjast við nógan kunnugleik til fátækramálefna og fátækrafjárhagsins hér í bænum, og munu þessvegna reynast byggðar heldur í lausu lopti, eins og fátækranefndin, er vér viljum að voru leyti leyfa oss að mælast til að leitað yrði álita hjá um þau atriðin, mun nægilega geta upplýst; – vér skulum að eins leyfa oss að benda á tvennt í þessu efnix, sem vart mun reynast á nægum rökum byggt hjá uppástúngumönnum, fyrst að þó að þeir 290 rdl, er fátækrasjóðurinn á útistandandi hjá öðrum hreppum, ætti sem fyrst að nást inn, er vér og treystum að fátækranefndin og hlutadeigandi yfirvöld gjöri sér hið ítrasta far um, þá má að vísu eigi ætlast til, að þetta fé verði haft til linunar þeirri upphæð, sem nú er áætluð handa þurfamönnum, bæði föstum óміggum og óvissum, eða útsvörunum, sem þaraf leiða, því það gefur að skilja, að jáfnan hlýtur það að koma fyrir, og aldrei verður fyrir það girt eptir því sem hér stendur á, að hér dagi upp ýmsa utansveitarmenn, er þurfa hjúkrunar og bráðabyrgðarstyrks, og verður þá fátækranefndin að hlaupa undir þá bagga í bráð, en til þeirra viðlaganna er sjálfsagt ekkert fé áætlað árlega, og leiðir hér af, að téðir 290rd verða að vera til taks (disponibl) að meira eða minna leyti, til þessleiðis viðlaga, en geta enganveginn horfið inn í sjóðinn, hvorki innstæðunni til viðauka, né til þess að draga úr áætluðum ársþörfum handa innsveitis þurfamönnum. Í annan stað mun það víst á móti alment viðteknum reglum og góðri forsjá í sveitamálum, að vilja gjöra svona lokabú á einu ári af meiru en helmíngi af vaxtainnstæðu sveitarsjóðsins, eins og uppá er stúngið með þá 600 rdl, þó að það sé á hinn bóginn eðlilegt og rétt og megi koma að góðu haldi, að geta gripið í viðlögum til nokkurs hluta innstæðunnar til láns, eins og líka bæjarsjóðurinn gjörði með 200rd af fátækrasjóðsinnstæðunni árið 1854, en greiddi smámsaman aptur þá skuld á 4 árum. Ef lánsfé eigi fengist á annan hátt, mundi að vísu vera bæði nauðsynlegt og rétt að grípa til innstæðu fátækrasjóðsins með áþekkum skilyrðum.<br>Aptur verðum vér samhuga að fallast á 3. uppástúnguna að sjálfri grundvallarhugsuninni til, eður því e- |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Maí 1861.

snertir útvegun á láni handa bæjarsjóðnum, til þess að opna og útvega tómthúsmanna- og erfiðismannaflokknum hér í bænum atvinnu að mun og erfiði, og þarmeð bæði að draga úr hinni almennu neyð og vandræðum, sem fiskileysið hlýtur óumflýjanlega að hafa í för með sér, ef eigi eru séð ráð við í tíma, og jafnframt gjöra bæjarbúum mögulegt og ljúft að greiða lögákveðin skyldugjöld sín til bæjarþarfa; vér verðum því fremur að fallast á þessa hugsun, sem hún hafði vakað fyrir mörgum af oss fyrri sem einkaúrræði að þessu sinni og hafði áður komið til umræðu.

Að því er snertir upphæðina á láninu, þá má hún að vísu virðast talsvert mikil þegar lauslega er álitið, og einkum ef áætlun og niðurjöfnun yfir þ. árs útgjöld er látin standa við það sem komið er, en ógjörning teljum vér, ef það er eigi gjört. Eptir síðustu almennu fólkstölu, 1. okt. f. árs, voru hér í lögsagnarumdæminu:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tómthúsmenn, er hafa atvinnu af sjó . . | 131 heimilisfeðr eða sjálfra sín | | |
| — „ — — „ — daglaunum | 23 — „ — | | |
| — „ — óákveðna atvinnu . | 53 — „ — | | |
| Samtals heimilisfeður og sjálfra sín . - . | 207 | | |
| og ef vér nú gjörum að þaraf sé sveitarómagar, sem hafa ofanaf fyrir sér með meiri og minni sveitarstyrk . - - - - - - . | | 37 - | |
| Lausamenn og lausakonur . - - . | | 20 - | |
| Ennfremur hinir efnaðri húsfeður, er eigi gefa sig við daglaunavinnu . . - . | | 15 | 72 |
| | | | 135 |

og ennfremur ef ætlað væri til, að hinum . . . . . . . . væri opnuð atvinna hverjum þeirra er svaraði 20 rdl. eða 25-30 daga vinna, þá þyrfti til þess 2,700 rdl.

Vér verðum nú að álíta, að þetta gæti bæði orðið verulegur styrkur fyrir hina snauðari tómthúsmenn vora og daglaunamenn, og að minnsta kosti veruleg vörn gegn því, að þessir menn þyrfti að falla sveitinni til þyngsla; — en yrði þeim á hinn bóginn auðgefið jafnframt að greiða það 2 – 5 rdl. ~~gjald~~ útsvar, sem þeim er gjört fyrir þ. ár, og gæti þessi atvinnustyrkur einkum orðið að góðum mun, ef vinnunni gæti orðið svo hagað, er vér álítum mögulegt, að tómthúsmenn vorir sæti eigi fyrir það af sér aðra atvinnu, er þeim gæti staðið opin, t. d. hvorki kaupavinnu né róðra, heldur yrði þeim vinna sú, er bærinn opnaði, beinlínis atvinnuauki, þegar þeim stæði engi önnur opin; — og þetta álítum vér að bæjarstjórnin yrði að hafa sér hugfast, svo framarlega sem lánið fengist, enda þótt hausttíminn og framanaf vetri sé miður fallinn til þessleiðis vinnu, bæði sakir styttri daga og óstöðugrar veðuráttu. Allt um það ætlumst vér eigi til, að allt sé látið ógjört í sumar, sem gjöra þarf af bæjarverkum, þvertímóti hefir bæjarstjórnin þegar opnað tómthúsmönnum 2-300 rdl. vinnu, þeim er vildi heldur sæta því, en t. d. fara í kaupavinnu.

Þannig verðum vér að vísu að álíta, að 2,700 rd. mundu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Datum. | # Maí 1861

verða verulegur atvinnustyrkur fyrir hina fátækari tómthúsmenn vora, að meðtöldum þeim 475 rd að meira eður minna leyti, sem í ár eru ætlaðir til vegabóta, einkum ef svona væri tilhagað enda tvísýnt, bæði að þeir komist yfir meiri vinnu að haustinu og framan af vetri en sem þessu svaraði, og að bærinn hefði nú í svipinn meiri vinnu að láta afkasta svona á einu ári hér í sjálfum bænum og af þeim verkum, er daglaunamenn geta almennt tekið þátt í; — því sé hin nýju vegabótalög komin út eins og innan skamms mun sýna sig, og þau verði í aðalefninu eins og stjórnarfrumvarpið til alþingis ákvað og þingið félst á: að allir þjóðvegir, hvar sem væri um land, skyldu endurbættir á almennan opinberan kostnað, en eigi hverrar sveitar, er vegurinn lægi yfir, þá létti af bæjarsjóðnum viðhald og endurbót aðalvegarins fyrir utan kaupstaðarlóðina, og væri því alveg ógjörningur fyrir bæinn að fara nú að kosta stórfé uppá þá ~~bæ~~ vegi.

En jafnframt ber þess vel að gæta, að fyrir bæjarsjóðnum liggur nú óumflýjanleg nauðsyn á að taka lánsfé í öðru augnamiði, og það er í nötum barnaskólans, sem stendur til að stofna hér, eptir nýútkomnu lagaboði. Því fyrst er það, að hvort sem hið fyrsta fyrirkomulag skólans verður haft minna eða meira og ætlað færri eða fleiri börnum í bráð, þá þarf nauðsynlega að breyta herbergjaskipun í skólahúsinu, undirbúa bekki (Classer) eða kennslustofur handa börnunum o.fl., og virðist sjálfsagt að bæjarsjóðurinn taki lán til þessleiðis kostnaðarsamra breytinga á húsinu, sem til frambúðar eiga að verða, en fjarstætt að jafna þessleiðis kostnaði niður á nú lifandi bæjarbúa á einu ári. Í annan stað leiðir það einnig af stofnun barnaskólans, að fé þarf honum til viðurhalds, til launa handa kennara o.fl., er greiða þarf mánaðarlega. En eins og útlistað var í bréfi bæjarfulltrúanna 4. maí 1859, og yfirvöldin tóku þá til greina, leiða þau vankvæði af hinu lögákveðna fyrirkomulagi á fjárhagsstjórn bæjarins og gjalddaga og ákomnum gjaldlagi bæjargjaldanna, að bæjarsjóðurinn hefir ekki fé til stöðugra og mánaðarlegra útgjalda frá nýári og fram í miðjan júlí, annað en þá 400 rdl., er þá voru teknir til láns, en þeir hrökkva eigi til bráðabyrgða fyrir öðrum þeim gjöldum, er mánaðarlega hvíla á bæjarsjóðnum hinn fyrri helming ársins, t.d. til fátækra, vaktara o.fl., auk heldur að þaraf geti neitt verið aflögum til barnaskólans.

Meðfram með sérstaklegu tilliti til, að það liggur þannig opin fyrir brýn nauðsyn á að taka að minsta kosti frá 12–1600 rd. lán til þess að koma barnaskólanum á fót, þá viljum vér einhuga mega leggja til og mega biðja yður, herra bæjarfógeti, að gángast fyrir og leggja fram ~~[illegible]~~ meðmæli yðar með, að 4000 rd lán fáist handa bæjarsjóðnum af einhverju opinberu fé, gegn 240 rd Amortisation árlega, er að meðtöldum áfallandi árlegum vöxtum, mundi þannig verða endurgoldið úr bæjarsjóði á rúmum 27 árum eða vera að fullu endurgoldið árið 1888, nema hvað hérumbil 50–70 rdl. félli á árið 1889, og væri sjálfsagt að taka þetta endurgjald árlega inn á áætlun~~ina~~ bæjarins fyrir öll þessi ár.

Vér þurfum varla að taka fram, að þetta lánsfé getur eigi komið að haldi, að því er snertir aðaltilgánginn, ef samþykki stjórnarinnar og útvegunfjárins gæti eigi verið afgengin og komin í kring, um það leyti póstskipið er hingað komið í Ágústmán. þ. ár.

Skjölin endursendast

Jón Guðm. S. Melsted. H. St. Johnsen. M. Smith. H. Jónsson. G. Þórðar

# Júní 1861

## № 28

*Til Bæjarfógetans 5. júní*

Með heiðruðu brjefi 25. f. mán. hefir herra bæjarfógetinn sent ~~oss~~ fulltrúunum til álita umkvörtun frá Einari prentara Þórðarsyni dags. deginum fyrir, yfir bæjar útsvari hans f. á. — Þegar síðar barst formanni fulltrú-anna einnig hér við lögð umkvörtun frá Magnúsi Þorvaldssyni í Grímsstöðum, dags. fyrnefndan dag, yfir því að lóðartoller sé lagður á býli hans Grímsstaðina

En samkvæmt 21. gr. 2. atr. í bæjarstjórn-arreglug. verðum við að álíta vafalaust, einsog tekið var fram í brjefi bæjarfulltrúanna 11. júní f. árs, og þáverandi bæjarfogeti einnig tók strax til greina, að „bæjar~~stjórnin~~fógetinn ásamt með fulltrúunum eða bæjarstjórnin ætti eigi að hafa slíkt mál til meðferðar á sameiginlegum fundi, er herra bæjarfógetinn kveðr til. ~~eptir því sem nú~~

Til þessarar niðrstöðu urðum vér að kom-ast á fundi vorum í gær, og leyfum oss því að ^senda^ ~~sendu~~ herra bæjarfógetanum hér með ~~báðar skjölin~~ báðar umkvartanirnar, til frek-ari hlutaðeigandi aðgjörða

Jón Guðm. A. Melsted H. St. Johnsen. Hl. Jónsson Guðm. Þ.

## № 29

*Til Sama s. d.*

Eptir þarað lútandi undangengandi ^umræðu^ með fulltrúanum þótti eigi taka því ^að benþast eða^ ~~að~~ að ítreka uppboð á bæjarins hluta af Prentsmiðju gard-inum fyrir þ. ár, ef á annan legr mætti feng-ist til að taka hann á leigu gegn sama ept-gjaldi sem því er næst var boðið við upp-boð í fyrravor, ~~til~~ fyrir fard. árið 18$^{60}$/61 nl. 2rd.

~~Af~~ ~~Þannig hefir~~ nú kaupmaðr E. Waage boðizt til að taka kálgarð þenna á leigu fyrir fardaga árið 18$^{61}$/62 fyrir 2rd. eptirgjald og var þetta boð hans samþykt á fundi vorum í gær, og viljum vér því mega fela herra bæjarfógetanum í von um samþykki að yðru leyti, að tjá þetta boð kaupmanni E. Waage og bæjargjaldkeranum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Datum | Júní 1861. |
|---|---|
| Til Bæjarfógetans 5. júní | **Nr 30** |

Jafnframt og vér, á fundi vorum í gær, veltum íhuga að hvo mis... gjöri á... aðgengilegt fyrir bæinn hin lægstu boð er gjörðust á undirboðsþinginu 31. f. mán. í aðgjörðina á Klúðarhúsa veginum, og ~~var vorar~~ ver urðum eindregnir á því máli að þeim boðum væri vart sinnandi eptir kringumstæðunum, né heldur eptirboði er þeir tómthúsmennirnir Jón Olafsson Eiríkur Ásmundsson og Torfi Jónsson gjörðu í sömu ~~vegargjörð~~ í bréfi til formannsins dagsettu í gær, hvert boð eigi ~~var~~ er nema einum 5 rd lægra heldren lægsta boð á þinginu 31. f. mán. — þá kvöddum vér borgara mann Guðbrand Guðnason á fundinn til viðtals, og tókst svo, að hann ~~tók að sér~~ gekst undir að taka að sér gjörvallan vegargjörðina og það þannig að leggja ~~vegjan veg~~ nýjan veg frá stofni ~~á~~ allan Kaflann vestar frá bænum Merkisteini útað Klúðarhúsa Torpinu, ~~beint eptir med þess~~ eptir þeirri stefnu og með þeirri breidd, sem ákveðin var af byggingarnefndinni nóstl vor, — fyrir samtals 150 rd, ~~eyr~~ að öðru leyti eptir skilmálunum á undirboðsþinginu 31. f. mán, og á því áskildu, að allri vegargjörðinni skyldi vera að fullu lokið fyrir lok næstkomandi septbr mánaðar.

~~Er~~ Í samanburði við hin lægstu boð 31. f. m. urðum vér að verða samdóma á því að þetta boð Guðbr. Guðnasonar ~~var~~ mætti álíta margfalt aðgengilegra, þar sem ~~hér hin~~ vestari kafli vegarins, ef hann er lagður frá stofni eptir uppástúngum byggingarnefndarinnar, — en það leggr þó fyrir fyrr eða síðar, — hefir svo margfalt minni erfiði og aðdrátt af efni og þaraf leiðandi kostnað í för með sér, heldren ofaníburðr í gamla veginn á þennan sama kafla, eins og gengið var út frá við undirboðin 31. f. mán, og vér getum því eigi hikað við að leggja til að herra bæjarfógetinn samþykki þetta að vor leyti, og að yðr mætti þóknast

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Júní 1861

þóknast að gefa Guðbrandi Guðnasyni það sem fyrst til kynna, ásamt ágripi af skil málunum 31. f. mán., að því leyti þeir geta átt við þá vegargjörð er hann hefir þannig tekist á hendur, útskript af hinni áðurnefndu gjörð byggingarnefndarinnar ~~frá~~ á hvðrandi stefnu og breidd nýja vegarins, að því en fremur, áskildu, að vegargjörðinni allri skuli að fullu lokið fyrir lok septbr. mán. þ. á.

Jón Guðm. á Melstað til Hr. Jóhann. H. Jónsson Guðni Ísland

№ 31

Til Bæjarfógetans 1. D.

Á fundi ~~vorum~~ bæjarfulltrúanna í gær ~~so~~ varð sú niðurstaða á hvðrandi umsjóna bæjarverkanna fyrir <u>þenna</u> máinuð, að eg undirskrifaður tæki hana að mér.

Jón Guðm.

№ 32

Til Sama 11. júní

Hérmeð leyfi eg mér að senda herra bæjarfógetanum til lögskipaðrar auglýsingar og frekari ráðstöfunar, <u>vitanna</u> við niðurjöfnun bæjargjaldanna fyrir 1861, eptir því sem bú niðurjöfnunin gjörðist á fundi fulltrúanna í gær, að því er á hvörri þá bæjarbúa er hafa flutt hingað búferlum eða tekið hér aðsetur á þessu vori eða gjörzt sjálfs sín menn að hálfu eða hálfu.

Jón Guðm.

№ 34

Til Sama 26. júní

Útaf heiðraðu bréfi herra bæjarfógetans 11. þ. mán. hvar með fylgdi útskript af undirboðsgjörð þeirri er fram fór 7. þ. mán. á hvðrandi hina nýju vegargjörð niðurfrá Austurvelli austanverðum, áttum vér fulltrúarnir fund með oss 17. þ. mán. — og tókum málefni þetta til grandgæfilegrar umræðu. ~~og~~

Það var nú sjálfsagt að ~~lægstu boðin~~ (á undirboðsþinginu) 7. þ. mán. voru eigi ~~tekin~~ álitin aðgengileg í neinu tilliti, enda voru fyrir þenna fund vorn komin fram tvenn eptir boð: ~~þegar~~ ~~að~~ fyrir ~~en~~ ~~fundinum~~, fyrst frá Magnúsi Þorkelssyni á Grímsstöðum, dags. 15. þ. mán., og hér fylgjandi № 1, að upphæð 70 rd., og þar næst ~~frá þeim~~ mönnum lægst ~~frá þeim~~ ~~til~~ við 2 af undirskrifuðum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Datum | Júní | 1860

fulltrúunum, frá þeim Jóni ~~Sam~~ Ólafssyni og Tersa Jónssyni, 5 Brd. andirbót, er drögut fyrir þeim að steinleggja með fleirri skriflegri skuldbindingu er hér fylgir, nr 2 til 22. þ. mán.

Af því þetta tilbot nefnda eptirbot er miklu lægst, en þeir þó áreiðanlegir og duglegir menn er það bjóða, þá ~~virðist oss að vera lægst~~ undum vér einkum á því, að eigi ~~gjöra~~ verði á kostnaðarmál aðgjörð heldr að þessu boði en hinum, og þó að það sé gjört með því skilyrði, „að vestari rennan er frá byrjuninni ~~að~~ verði óupphlaðin", eða, ósteinlögð, ~~enn og~~ er þó var á skilið ~~var~~ í undirboði Melundanna 7. þ. mán. Þá verðum vér enn að vera á sama máli einsog ~~bekkt~~ var fram í bréfi voru 23. f. mán. að eigi þurfi að steinleggja, vesið nema að ~~aust~~anverðu þ. e. undirstöðuna undir sjálfan veginn. Vér verðum því að leggja til ~~að herra~~ hið lægsta boð, í vegargjörðina, frá 22. þ. mán verði samþykt, og að herra bæjarfógetinn gjöri svo vel að tilkynna ~~til~~ bjóðendunum það sem fyrst að verða má, í nafni bæjarstjórnarinnar. —

---

Til Bæjarfógetans 29. júní

## Nr 35

Á fundi vor bæjarfulltrúanna ~~ígær~~ í dag var borið upp til umræðu og álita boð það er húsa smiður Magnús Þorvaldsson á Grímsstöðum hafði viljað lægst bjóða, við mætti dir skrifaðan formann, fyrir aðgjörð á Tjarnargötu og vesinu eptir henni, hver aðgjörð liggr fyrir sem eitt af þessa árs nauðsynja verkum í ~~þarfir~~ bæjarins, er aðgjörð þessi, eptir undangangandi [engum] skoðun og áliti var, [1] þá fólgin, að steinleggja af nýju sér góðu [göturðalagu] grjóti allan rennubarminn að austanverðu, eptir endilangri götunni suðr fyrir Suðrbæ, ~~að~~ og sömuleiðis að vestanverðu, frá húsi O. Guðjohnsens suðr úr, — að lagfæra og rétta vestari rennubarminn þar fyrir norðan, þar sem þess þarf við, og — að bera ofaní alla götuna og fylla hana

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Júní 1861

uppi ~~úr~~ nú ofaní barði úr Hólakotsgryfj-unni. ~~Alls~~ Að því ráðgerðu, að eigi þyrfti meira til þessarar uppfyllíngar en 60–70 vagna hafði Magnús Þorvaldsson báð sig þúrann á að taka að sér þessi verk öll fyrir 20rd. ~~og~~

Og með því Magnús þessi er kunnur að skil-vísi og því að leysa verk sín áreiðanlega af hendi þá virtist oss eigi áhorfsmál að gánga að þessu boði hans; en eptir að oss virtist bersýnilegt að 60–70 vagna ~~uppfyllíng~~ ofaní barðið mundi eigi nægja til þess, að götunni yrði uppfyllíngar þarf og ~~og~~ og mun nauðsynlegri hækkun í miðju, þá virtist oss nauð-synlegt að Magnúsi yrði heitið sanngjörnu verð auk hinna 20rd borgun eptir því sem til þess þyrfti meiri ofaníburð, heldur en þannig var ráð gjört frá upphafi. – Að öðru leyti virðist nauðsynlegt að á skilyrði, að uppfyllíngin sé lokið að fullu fyrir lok ágúst mán. þ. á. ~~þurfi~~ fram og vér ~~s~~ógum herra bæjar-fógetanum frá þessu, í því trausti að þér veitið því samþykki að yðar leyti, ef þér viljið gjöra að gefa Magnúsi Þorvaldssyni það samþykki ~~eg tjónt~~ til vitundar, ~~með~~ að frambótunum þeim ~~verkum~~ áhrærandi verks-ins er honum ber að leysa af hendi, samkvæmt því sem nú var skýrt frá.

Jón Guðm. Melsteð Arnesen G. Þórðarson

## № 36

Til Land- og bæjarfógeta herra A. Thorsteinson 29. Júní

~~Eins og yfir~~ Þér munuð sjá það af embættisbókum bæjarfógetadæmisins, að ~~árlega er gjört af bæjarfulltrúunum~~ samkvæmt grundvallarreglunni í 20. gr. reglug. 27. nov. 1846, ~~nú~~ (~~er~~ er árlega) gjörð auka niðurjöfnun bæjargjalda ~~á þá menn~~ ~~sem byrjun júní mánaðar~~ (um byrjun júní mánaðar) á þá menn, er flytjast híngað búferlum eða taka hér bólfestu í umdæmi bæjarins eigi fyr en um fardaga leitið, því aðal niðurjöfnunin, er ~~nær~~ gildir frá nýári til nýárs, verður samkvæmt lögunum að gjörast, og hefir jafnan verið gjörð í Martz – April mán. ár hvert, og getur hún því eigi náð til þeirra manna er eigi taka hér bólfestu fyr en á tímabilinu frá krossmessu til fardaga, eins og hér er almenn lenzka.

~~Þessleiðis~~ ~~Eins~~ Þessleiðis auka niðurjöfnun á bæjargjöldum gjörðum vér í ár eins og lög og vant er, 10. þ. mán. og var hún send ~~frá~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Datum | Júní 1861.

til bæjarfógetadæmisins með bréfi daginn eptir, en þá vorud þér, herra land- og bæjarfógeti enn ókominn hingað til staðarins, en embættin hans vegar veitt yður frá 6. þ. mán. og þess vegna höfðu oss sízt yfir að taka yður herra umá ~~þess~~ tíðir auka niðurjöfnunarskrá, 10. þ. mán.

En einúngis ~~yður~~ ~~[illegible]~~ eptir umræðu um þetta málefni á fundi ídag urðum einkum einkuga á því megli að vér gætum ~~vér~~ eigi komizt hjá að gjöra yður, herra land og bæjarfógeti ~~[illegible]~~ ~~þarfir fyri~~ einungis aðrum, er hér taka aðeins á miðju niðurjöfnunarári, útsvar í sveitarinnar þarfir fyrir þá nál. 7 mánuði eptir verðir ~~er~~ ~~eptir~~ ~~sem~~ til árs loka frá þeim tíma að yður varu embættin veitt, eins treystum vér því að þér ~~herra land og bæjarfógeti~~ finnið samgjarnt og yður skilt að greiða það ~~eins~~ og ~~eigi~~ síður en aðrir.

~~Vér ræddum nú þetta málefni ítarlega á samt oss á fundi ídag, og varð það samhuga álit vort að ~~oss~~ vér eigi gætim komizt hjá því að gjöra yður útsvar í bæjar þarfir~~

Að ~~yf~~ yfirveguðum og saman bornum öllum ástæðum er hér lúta að, ~~og~~ og með tilliti til bæjargjalda er öðrum embættismönnum bæði í likri og ólíkri stöðu hefir verið gjört að ~~að~~ greiða, bæði að undanförnu og þetta yfirstandandi ár, varð oss að virðast sem sanngjarnt og hæfilegt að þér herra gildið 7 rd (sjö rdl) í öll bæjargjöld, fyrir ~~þetta~~ þá nál. 7 mánuði ~~sem~~ frá 6. júní til 31 des. þ. á.

Ef þér, einungis ~~sem~~ vér vonum, finnið eigi á stæðu til að þverast undan þessu gjaldi, viljum vér mega biðja yður, ~~at þef~~ í nafni bæjarstjórnarinnar, að ~~þér~~ gefa gjaldkera bæjarins það til kynna sem að hann taki þessa 7 rdl til inn gjalda í reikningi sínum þ. á. – En skylduð þér, mót von, álíta það annaðhvort eigi löglega gjört yður eða of hátt, biðjum vér yður að ~~leita~~ ~~sem~~ leggja það undir úrskurðar hæstvalds yfirvaldsins, eptir því sem bæjarst. reglug. ráðgjörir.

Th. Jónasson. Melsteð. Ámundi. H. Thordarsen

---

Til Bæjarfógetans 29. júní

N 37

Samkvæmt því sem beðið er fram í bréfi bæjarfulltrúanna 3. þ. mán á hrærandi 2 umkvartanir yfir bæjar~~ar~~gjöldum, ~~er~~ þá fylgdu, sendi eg hér með umkvörtun frá Ingunni Sigvaldadóttur, 3 þ. mán yfir bæjargjaldi hennar þ. á. ásamt út

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Juni ~~d.~~ 1861

svars sedlinum, til þess hann geti komið til umræðu og úrslita á bæjarstjórnarfundi á samt samþykkja umboðmanninum.

Jón Guðm.

№ 38

Á fundi í dag tók bæjarfulltrúi, docent S. Melsteð að sér að hafa umsjón með bæjarverkunum fyrir næstkomandi júlímánuð. | Sami 1.d

№ 39

Af því bæjarstjórnin hefir eigi fengið ~~vitneskju~~ fyllra vissu um það fyr en nú fyrir fám dögum, að þér verið orðin ~~bæjar~~tómthúsliggjandi og ~~hafið verið~~ sezt hér að sem tómthúsmaður í umdæmi kaupstaðarins þá hefir eigi ~~orðið fyr~~ fyr ~~verið~~ orðið safnað á yður bæjargjaldi, heldren á fundi vor fulltrúanna í ~~gær~~ dag. — Var þá bæjargjald yðar, nú frá næstliðnum fardögum til árslokanna, ákveðið: ~~til~~ 2 — tveir — ríkisdalir, auk lóðargjaldsins er fyr var á kveðið af tómthúsi yðru, Veghúsum, Colu Langbrekku ~~rd. 33 sk.~~

Þessa samtals 3 rd 33 sk. ber yður að greiða bæjargjaldkeranum kaupmanni C. O. Robb fyrir lok næstkomandi júlímánaðar, eptir útgjaldaseðli frá honum. En ef þér ~~get fyrirst~~ skyldið þykjast finna yfirgnæfandi ~~fullar~~ ástæður til að bera yður upp undan þessu gjaldi, ber yður að rita um það bæjarstjórninni og af henda bæjarfógetanum fyrir 21. dag ~~sam~~ sama mánaðar.

Jón Guðm. S. Melsteð Smith G. Þórðarson | Til tómthúsm. Gunnlaugs Jónssonar á Veghúsum 29. júní

№ 40

Á fundi bæjarfulltrúanna í dag, var safnað á Gunnlaug tómthúsmann Jónsson á Veghúsum bæjargjaldi, frá næstl. fardögum til árslokanna, 2 — tveim — ríkisdölum, auk lóðartollsins af þessu tómthúsi — sem er á aðal niðurjöfnaninni eignað Páli Pálssyni vaktara — en hann hefir nú selt bæ þenna Gunnlaugi, — ~~sem~~ 6 álnir eða 1 rd 33/1, er nú Gunnlaugi mun bera að greiða eða ábyrgjast. Þessa bæjargjaldkerinn um beðið, því að útgefa sem fyrst útgjaldseðil til hans Gunnl. Jónssonar uppá 3 rd 33/1 en aptur kalla seðil Páls Pálssonar ef hann er út gefinn.

Jón Guðm. | Til Bæjargjaldkerans 1.d.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## № 41

Den til Reykjavik Communalbestyrelses Betænkning og nærmere Afgjörelse, af Islands Sönderamt i Slutningen af forrige Aar henstillet Sag, navnlig angaaende hvorvidt Reykjavik By i Forening med Landsognet burde tilstaae fremtidig og garantere Organisten ved Reykjavik Domkirke en Forhöjelse af tilsammen 120 rdl. i det hamhidindtil af Finantskassen bevilgede Honorar af 80 rd aarlig, opstod der Dissents imellem Communalbestyrelsens Medlemmer dels angaaende selve Spörgsmaalet, og dels fornemmelig angaaende Posteringen i Overslaget over Udgiverne i Fordaaret 1861 af det for Byens Vedkommende udredende ~~Honorar~~ Kvotadel af hine 120 rd. for Aaret 1861 efter Forholdet 26 : 11. Hele Communalbestyrelsen maatte vel være enig i, at man forelöbig og for denne Gang selvfölgelig burde holde sig Amtets Ordre i Skrivelse af 18. Dec. f. A. efterrettelig at optage Belöbet paa Overslaget for indeværende Aar, hvorimod Differentsen opstod angaaende Posteringen af samme i Overslaget idet 3 de daværende Repræsentanter undertegnede Formand iberegnet ikke troede at kunde gaae ind paa at postere Belöbet iblandt „fast staaende aarlige Udgifter", saaledes som de 3 övrige Repræsentanter, der nu alle ere afstraadte tilligemed Byfogden samt ved forelöbig Stemmeflerhed satte igjennem, og dermed indirekte indrömme, at Sagen var definitivt afgjort

I Overeensstemmelse med en i denne Retning tilföjet Paategning og Protest paa Overslaget forinden samme indsendtes til Amtets Approbation, havde de 3 samme Repræsentanter bestemt ~~os~~ at indstille Sagen til det höje ~~Ministeriums~~ Justitsministeriums nærmere Afgjör-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

else, hvor til medundertegnede H. Jónsson, der valgtes i Begyndelsen af indeværende Aar af Borgerskabet maatte slutte sig, og man troede saa meget hellere at maatte beslutte sig hertil som Amtet i forbemeldte Skrivelse til Communalbestyrelsen af 18. Dec. f. A. udtaler sig derhen at Sagen, som alt definitivt vil blive afgjort indberettet til det höje Ministerium.

Men da underskrevne Borgerrepraesentanter, uagtet man alt under 14. Marz d. Aar har hos Byfogden udbedet sig Afskrivter af de hos ham som Communalbestyrelsens Formand beroende Amtsbreve og Actstykker denne Sag betræffende, uden til Datum at have kunnet erholdt disse, saa have vi saaledes indtil nu været satte udaf Stand til at kunne forelægge Sagen for det höje Ministerium, og fordriste os derfor ærbödigst at bede det höje Ministerium gunstigst at udsætte en nærmere Afgjörelse af indbemeldte Sag indtil man seer sig istand til at, efter Erhvervelsen af de nödvendige herhen hörende Actstykker at indgaae med en underdanig Modforestilling.

| | |
|---|---|
| № 42<br>Á fundi bæjarfulltrúanna í dag tók kaupmaðr H. St. Johnsen að sèr umsjón bæjarverkanna fyrir Ágústmánuð, hvað eg hèrmeð gef herra bæjarfógetanum til vitundar. | Til Bæjarfógetans 31. júlí |
| № 43<br>Á fundi 2. þ. mán. reðist svo, að bæjarfulltrúi Conrad M. Smith tæki að sèr umsjón bæjarverkanna fyrir þenna mánuð, sem yfirstendr<br>Jón Guðmundsson | Til Bæjarfógetans 7. september |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# September 1861

| | |
|---|---|
| Til herra sýslum. H. E. Johnsens 7. september | **No 44** Um leið og við sendum yðr herra sýslumaðr hérmeð aptr reikning yðvarn 3. þ. m. uppá bæjarsjóðinn að upphæð 10rd 16ß, fanst oss skylt að geta þess af hverjum rökum vèr eigi höfum þókzt mega ávísa meir, en gjört er nl. 5rd 2ß = 14ß og er það af því, að oss getr eigi betr skilizt, en að 50. gr. í aukat. reglug. 10. sept. 1830 sbr. við 124 gr. 2. atr. í aukat. reglug. 22. marz 1814 heimili eigi að telja fyrir undirboðr gjörðir þær, sem í reikningnum getr um, meira 2 ßt, eðr eptir 42. í aukat. reglug. 1830. |
| Til Bæjarfógetans 7. september | **No 45** Auk skriflegra tilmæla frá cand. theol Eiríki Magnússyni, 6. f. mán til barnaskólanefndarinnar, sem frá henni var vísað til aðgjörðar bæjarstjórnarinnar, eins og herra bæjarfógetanum er kunnugt, þess efnis að fá herbergi leigð vetrarlángt í barnaskólahúsi bæjarins, hafa fulltrúunum borizt 2 skrifleg tilmæli um sama efni þau er einnig hèr með fylgja, annað frá factor O. P. Möller fyrir hönd bróður hans Chr. Möllers, en hitt frá G. Lambertsen kaupmanni<br><br>Þetta málefni hefir komið til ítarlegrar umræðu á fundi vorfulltrúanna 2. þ. mán., og þarsem fyrst og fremst þókti nauðsyn að taka til greina, hvort tiltækilegt væri yfir höfuð að tala eða næg heimild mundi til þess eptir gjafabrèfinu fyrir barnaskólahúsinu 25. og 28. apríl 1860 að ljá meira eða minna af skólahúsinu til leigu, þá urðum vèr að verða á einu máli um það, að eins og rèttr skilningr gjafabrèfsins eigi virtist að meina þetta, einkum á meðan stofnan og fyrirkomulag skólans væri eigi byrjað, og ef gætt væri við leiguna allra nauðsynlegra skilyrða yfir höfuð að tala og einkum þess, að hún hvorki tálmaði því að koma skólanum |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# September 1861

sem fyrst á fót, né komi í bága við þann undirbúning og fyrirkomulag, sem til þess útheimtist.

En um hin einstöku bænarbréf, varð það álitvert, er nú skal greina.

Oss virtist eigi takanda í mál að ljá Chr. Möller vetrarlangt þau 3 herbergi, er bróðir hans hefir falað handa honum, því bæði er hann að sögn mikill fjölskyldumaðr, en þess kyns mönnum er æfinlega ísjárvert að ljá hús og þar til þyrfti hann öll aðalherbergi hússins; en þar af leiddi aptr, að þó að fé fengist til að undirbúa 2 eða fleiri skólabekki 2 eða fleiri skólabekki í vetr, eins og að nokkru leyti var farið á leit við háyfirvöldin í bréfi bæjarfulltrúanna 24. maí þ. árs, þá gæti þeim verkum eigi orðið framgengt fyren að sumri, ef aðalherbergin öll væri byggð vetrarlangt.

Þar á móti urðum vér á sama máli sem skólanefndin um það, að eigi gæti neitt verulegt verið því til fyrirstöðu að ljá cand. E. Magnússyni 2 herbergi vetrarlangt í húsinu, þar sem hann er bæði fámennr og þarfnast alls ekki hinna stærri herbergjanna, er helzt þyrfti þó að undirbúa og breyta, ef til kæmi. Hins vegar varð oss að finnast ísjárvert að ákveða nú þegar fastlega, <u>hver</u> þessi herbergi skyldi vera, heldr skyldi bæjarstjórnin eða skólanefndin eiga það á frjálsu nákvæmar að ákveða þetta eða jafnvel skipta um þau herbergi er yrði fyrst á vísuð, ef nauðsyn og augnamið skólans krefði, þegar fram á vetrinn kæmi. En jafnframt þeim 2 herbergjum er sjálfsagt að E. Magnússon eigi frjálst að nota búr og eldaskála með eldstó og eldsgögnum öllum. Hefst leigumáli þessi með 1. okt. þ. árs og helzt til 1. d. maímán. 1862 fyrst um sinn. Þar í móti álítum vér nauðsynlegt að áskilja aptr í móti 1° 3 rd leigu hvern mánuð og skyldi hún greidd í bæjarsjóð í byrjun hvers mánaðar fyrirfram, hið fyrsta sal. leigunnar 1. í næsta mán um leið og inn er flutt. 2° Að engan móforða megi hafa þar á lóðinni innangarðs, og því síðr innanhúss; nema í mesta lagi til fárra daga í senn. 3° að hann bæti

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# September 1861

allar skemmdir bæði þar innan húss, er hann hefir umgaungn-
um eða á gluggum og eldsgögnum og öðrum naglföstum og múr-
föstum húsgögnum þar er með nokkru móti verða eignaðar vangá,
vanþörsrun eða hirðuleysi, hvort heldr er fyrir eldsvoða innan-
húss eða af öðru, er skemmdum getr valdið.

Þarsem þannig leigumáli kand. E. Magnússonar eigi hefst
fyren 1. okt. þ. árs, þá virðist eigi neitt því til fyrirstöðu, at
kaupmanni Lambertsen yrði leyft bráðabyrgða afnot hússins,
er hann hefir farið á leit frá 4. til 30. þ. mán, með þeim skilyrð-
um, að hann greiði ~~daglega~~ 7 mörk í húsaleigu fyrir hverja viku,
eðr 1 mark daglega, og bæti allar þær skemmdir, er að yrði fyrir
vangá hans eðr að hans völdum.

Ef herra bæjarfógetinn vildi aðhyllast þessa úrlausn
vora á málinu viljum vèr mega fela yðr bæði að gánga frá þarað-
lútandi samningum við hlutaðeigendr og taka gagnskuldbind-
ingu þeirra í móti, og síðan að gefa bæjargjaldkeranum vís-
bendingu um þá húsaleigu, er hann eigi að veita viðtöku fyrst-
um sinn og telja sèrstaklega í reikningi sínum sem tekjur til
barnaskólans.

| | |
|---|---|
| Til Bæjarfógetans 7. september | № 46<br>Teitr dýralæknir Finnbogason hefir sent bæjarfulltrúunum til álita og úrgreiðslu með fylgjandi brèf 1. þ. mán, þarsem hann ber sig upp undan því, að hin svonefnda Suðrbæjar renna norðan fram með lóð hans, hafi að undanförnu verið forsómuð af bæjarstjórninni bæði að því, að hún sè ósteinlögð öll að norðanverðu og að hún hafi verið látin óhreinsuð vetr og sumar að tilhlutan hins opinbera, hafi því það verk á sèr lent, og kostað sig fulla 2 rd árlega, en sá kostnaðr verði eigi minni nú, er fólk hafi þverstíflað hana með áskuburði, og þar orðið stundum eldar flökkva lifanda með vatnsíburði, og með því að bera þang-að ýmsan annan óþverra og stífla rennuna þar með að framanverðu.<br><br>Vèr ræddum nú þetta mál með oss á fundi 2. þ. mán og varð það samhuga álit vort, að einsog T. Finnbogasyni gæti eigi borið neitt sèrstaklegt endrgjald fyrir hreinsun |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eða framrás þessarar rennu undanfarin ár, — er hann nú að vísu eigi beinlínis krefst — og það því síður sem fulltrú-arnir vita eigi betr en að klakahöggið en að klakhöggið í þessari rennu sè fólgið í því almenna klakhöggi, er leysa skal af hendi í öllum aðalrennum og þverrennum bæjarins, og hafi einnig verið leyst af hendi undanfarin ár, nema máskè næstliðinn vetr, — eins mætti eigi haldast uppi, nè neinum líðast að hafa þannig bæði til stór lýta og óþrifa og jafnframt til skemda og kostnaðar fyrir bæjinn að bera og fleygja af sèr af handahófi bæði ösku og öðrum óþverra ekki aðeins svona í miðjum bænum að kalla má, heldr yfir þverár rennur og stífla þarmeð og hindra eðli-lega framrás bæði vatns og rensli. En þessa ætl-um vèr, að sè skylda lögreglustjórnarinnar að gæta og vaka yfir, að það sè ógjört látið, og sè það gjört svona ~~af~~ í trássi og af augsýnilegu skeytingarleysi, að þá sè þeim, sem hlut eiga að máli haldið til að nema það burt aptr eða hlutazt sè til um það, að það verði gjört á þeirra kostnað. En að það einkum sè al-varlega brýnt fyrir mönnum af hendi lögreglustjórnarinnar og eigi látið átalað eða sektalaust, ef útaf er brugðið, að bera eigi eld í öskunni hvorki ofan í fjöru og því síðr svona í miðjan bæ á bersvæði.

Að vèr nú vendum máli voru að þeim haugburði og óþver-ra yfir þvera Suðrbæjar rennu austanverða, sem hèr ræðir um, þá er hann bæði augsýnilegr, eykst daglega og er jafn til stór lýta og spillingar. ~~Vèr getum eigi efað.~~ Vèr getum eigi efað, að T. Finnbogason og aðrir þar í nágrenninu geti skýrt frá því áreiðanlega, hverir hirðsfeðr eigi daglega og mestan þátt í þessum haugburði, og virðist oss, að einmitt þeir hinir sömu ætti að skyldast til þess að ryðja vel fram úr renn-unni og hreinsa hana, eða að til þess væri verkamenn teknir á þeirra kostnað, og leyfum vèr oss að treysta því, að hèr, herra bæjarfógeti, sem lögreglustjóri bæjarins hlut-izt til þess sem fyrst, og gjörið aðra þá ráðstöfun að í þessu efni, að þetta eigi sèr ekki stað framvegis, hvorki hjá Suðrbæ nè annarsstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# September 1861

Vér þykjumst eigi mega leiða hjá oss að vekja jafnframt athygli að því, að það er eigi óvíða einkum í Austrstræti, að mómold er látin óupptekin og ósópuð burt af strætunum, en eins og þetta er ólíðandi vottr um öktunarleysi og sóðaskap, eins veldr það mesta óþverra og óþeydar moldriki framan í umfarendr í þurkum og hvassviðri, en hinn versta for og leðju á strætum í rigningum, og efum vér eigi að herra bæjarfógetinn hlutist kröptuglega til um það framvegis eins og verið hefir, að engum bæjarbúum haldizt slíkt uppi.

---

Til Bæjarfógetans 20. september

## No 47

Það er eigi að eins orðið hljóðbært hér um bæinn, að stiptamtið hafi á næstliðnu vori sagt lögregluþjóni Alexius Árnason lausan frá þeim starfa hans um nóvember mán. þ. á. og að háyfirvaldið hafi það gjört án þess fyrirfram að ráðfæra sig um við sjálfan lögreglustjórann í bænum, heldr hefir þetta vakið eptirtekt og almennt umtal, er alls eigi ber vott um, að bæjarbúum sé sú ráðstöfun að skapi, eða að hún eigi að styðjast við almennings álit

Þó að nú þetta málefni sé að vísu hreint og beint valdstjórnarmál og beinlínis tilhlutun um það liggi eigi undir bæjarstjórnina, varð oss samt að virðast eigi ótilhlýðilegt né óþarft að hreifa því á fundi eins og vér gjörðum í gær og urðum vér allir að treysta því, að háyfirvaldið mundi eigi hafa að vettugi þar að lútandi álit vort og yfirlýsingu í nafni staðarbúanna kjósenda vorra, þó að stiptamtið sé að vísu eigi lögbundið við að taka það beinlínis til greina, en einkum leyfum vér oss að treysta því, að þér, herra bæjarfógeti, sem eruð hér orðinn lítt kunnugr, enn sem komið er, munduð taka það vel, að vér hreifðum málinu á þenna veg og að sjálfum yðr mætti verða það til nokkurrar styrkingar, ef þér værið að öðru leyti á líkri skoðun um aðalmálið sem vér og víst allmargir af hinum heldri staðarbúum.

Það er alkunnugt og viðkennt af öllum, að Alexius Árnason er eigi að eins duglegasti lögregluþjónninn af þeim 3, sem nú eru hér og að því leyti mest eptirsjón að honum frá þeirri stöðu, heldr einhver hinn duglegasti og laglegasti, er hér hefir verið í bænum, og er því næsta tvísýnt, hvort annar fáist honum jafnnýtr, þar sem eigi er fyrir öðrum eða betri kjörum að ganga öðt heldr en lögregluþjónarnir eiga við að búa. Svo er sagt, að Alexiusi sé sagt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# September 1861

af því hinum fyrri lögregluþjóna Steenberg sé nú settir 2 kostir að tilhlutun dómsmálastjórnarinnar annaðhvort að taka við þeim starfa aptr eða að víkja frá hinni annari þjónustu sinni að öðrum kosti og þar á meðal frá bústeð og þjónustu í yfirréttarhúsinu, er stiptamtið á sínum tíma lét hann halda eins eptir sem áðr, þó hann segði af sér lögregluþjónustunni, en ráðherrann hafði nú svo skorið úr, að þetta væri eigi rétt, heldr ætti lögregluþjónarnir að njóta þeirra hlunninda, en eigi aðrir; fyrst er nú bæjarbúum það óskiljanlegt, hversvegna hinn nýtasti og bezti af þeim 3 lögregluþjónum, sem nú eru við, þurfi að fara frá, þó að Steenberg neyddist þannig til að taka við aptr, og þar að auki hafa áreiðanlegir menn það eptir Steenberg sjálfum, að hann sé ófáanlegr til þess að verða lögregluþjónn að nýju, en sé svo, þá er auðsætt, að taka verði, ef til vill, þann fyrsta sem fáanlegr yrði, því auðvitað er að mjög fáir bjóðast, sem valið yrði um, og væri þá málefni þessu í verra horf komið fyrir alla, sem hlut eiga að máli og ófyrirsynju

Jafnframt og vér leyfum oss að lýsa yfir svo felldu áliti vora og vekja að máli þessu eindregið athygli herra bæjarfógetans; treystum vér því, herra bæjarfógeti bæði sakir embættis sjálfs yðar og gjörvallra bæjarbúa eigið kröptuglegan þátt að því, á meðan eigi er úr tíma orðið, að málefni þetta komist í ákjósanlegra og viðunanlegra horf, heldren nú horfir við.

---

A. | № 48 | Til Bæjarfógetans 20. september

Málefnið um ljósmæðrnar hér í bænum, sem þó er að vísu eitt af velferðarmálum bæjarbúa virðist hafa helst til lengi farið á mis við eindregin og nauðsynleg afskipti af hendi hlutaðeigandi valdstjórnarmanna, og virðist því nú komið í það óefni, að eigi megi láta svo búið standa; almenn nauðsyn bæjarmanna og alment álit á því, hvernig málefni þessu er nú komið, krefr þessa, og af þeim rökum hefir meðundirskrifaðr konsul M. Smith hreift því á fundum oss fulltrúanna, og tókum vér til itarlegrar umræðu og yfirvegunar á fundi í gær.

# September 1861

2 Ljósmæðr eiga að vera hér í bænum og gegna meðfram í Reykjavíkrsókn; fá þær laun fyrir það sumpart úr konungssjóði (50 rd. hvor), en sumpart af bænum (50 rd. 32 báðar saman) og af Seltjarnarneshreppi (nál. 40 rd.). Um all mörg undan farin ár hafa þær verið ljósmæðr hér í bænum: Ingibjörg Pétrsdóttir ekkja eptir Odd snikkara Guðjónsson, og einkum Ragnheiðr Olafsdóttir kona Þorsteins lögregluþjóns Bjarnasonar.

Það er nú orðið helst til of kunnugt og byggt á almennri þekkingu og sannfæringu merkra bæjarbúa, að svo er komið ráðum og ráðlagi hinnar fyrnefndu, að víst má álíta hana alveg óhæfilega orðna til að hafa þenna áríðanda starfa á hendi, og að fáar sem engar konur er til þekkja muni héðan af vitja hennar, ef þær ætti nokkrs annars úrkosti, og verðr vart álitið hættulaust, þótt svo beri að; en ef svo er, þá virðist það of mikill ábyrgðarhluti fyrir hlutaðeigandi valdstjórnir að láta lengr svo búið standa, og eigi annaðhvort að vinna hana til þess sem fyrst að segja af sér eða víkja henni frá að öðrum kosti og taka aðra áreiðanlega yfirheyrða ljósmóður í hennar stað. — Hin yfirsetukonan Ragnheiðr Olafsdóttir, er nú orðin háöldruð kona, og hefir þar til um mörg undanfarin ár verið þjáð af þungu heilsuleysi, er hefir meinað henni að fara að heiman. Það mun nú að vísu svo vera að hún hafi um nokkr undanfarin ár fengið aðra yfirsetukonu til að gegna fyrir sig, og boryt að nokkuð fyrir af sínu og virðist að vísu eigi verða beinlínis í móti því haft, að svo standi, ef það er opinberlega gjört og með tilhlutun og samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, en síðan opinberlega auglýst, svo að annars vegar sé fullt eptirlit með og ábyrgð fyrir því, að starfi þessarar ljósmóðurinnar verði tilhlýðilega af hendi leystr, en hins vegar rétti almennings fyllilega borgið til þeirrar konu, er þetta tæki að sér fyrir Ragnheiði eða í hennar stað. En menn vita eigi til að þessa hafi verið gætt að undanförnu að því er snertir aðstoðarkonu Ragnheiðar.

Vér viljum í nafni og umboði allra bæjarbúa megin fela herra bæjarfógetanum þetta málefni til kröptuglegrar tilhlutunar og afskipta, svo að því verði hrundið í fast og viðunlegt horf hið allra bráðasta.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# September 1861

Til Bæjarfógetans 20. september

## No 49

Með heiðruðu brèfi 14. þ. mán hafið þèr, herra bæjarfógeti, skýrt oss frá, að 8. þ. mán. hafið þèr kvongazt dóttur bæjarfulltrúa kaupmanns H. St. Johnsens, og er jafnframt vakin athygli fulltrúanna að þarað lútandi ákvörðun í 6. gr. bæjarst. reglug. sbr. við 14. gr.

Eptir að þetta brèf yðar hafði borizt um kring milli vor allra fulltrúanna til yfirvegunar, var málefnið ítarlega rætt á fundi vorum í gær, að viðstöddum herra H. St. Johnsen sjálfum, og urðum vèr að komast að þeirri samhuga niðurstöðu, að ákvörðunina í niðurlagi 6. gr. mundi að vísu mega álíta helzt til ofskýlausa, til þess að bæjarstjórninni mætti lengr haldast á þessum meðlim sínum, með þeim nátengdum við herra bæjarfógetann, sem nú væri orðnar, er þó bæði henni og öllum bæjarbúum mætti vera svo verulegr sjónarsviptir að úr þessari stöðu. Um kosningu á nú þegar nýjum fulltrúa í hans stað virðist oss eigi geta orðið umtalsmál, þegar litið er til ákvörðunarinnar í niðurlagi 14. gr., þarsem nú eru eigi nema rúmir 3 mánuðir þangað til nýkosning á að fram fara að lögum, og eigi sú „nauðsyn" fyrir dyrum, er heimili að víkja frá þessari reglu.

En jafnframt virtist oss skylt að vekja athygli að því af vorri hálfu, að þarsem herra H. St. Johnsen var kjörinn af hálfu fulltrúanna í fátækranefndina, en hún hefir aptr kvörið hann til fèhirðir fátækramálanna, þá yrði að vísu óumflýjanlegt að kveðja þegar eða kjósa nýjan fátækra fèhirðir í hans stað, ef hann yrði af sömu ástæðum álitinn ófær orðinn til að gegna þeim starfa, en það getum vèr ei álitið að sè; því fyrst mun ekkert vera á móti því í löggjöf vorri að fátækra fèhirðir væri kjörinn fyrir utan fátækranefndina, eða einhver sá, er þar ætti ekki atkvæðisrètt á fundum og svo yrði það margföldum umsvifum bundið og óhægt bæði fyrir hann að skila nú af sèr fjárhaldi snauðra manna svona á miðju misseri og einnig fyrir hinn er við tæki að taka við forstöðu þeirra málefna, ókunnugr öllu svona á miðju misseri, og eiga að semja reikning við árslok

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# September 1861

yfir þann 3 mánaða tíma, sem eptir er ársins. Vèr getum því eigi sèð, að neitt sè því til fyrirstöðu, að H. St. Johnsen hafi á hendi fjárforráð fátækra manna að minnsta kosti til næstu árs loka, ef hann ynnist til þess, en álítum að öllum gegni bezt að svo sè, og einkum sjálfu því málefni, er hèr ræðir um.

Til Bæjarfógetans 20. september

## № 50

Athygli bæjarfulltrúanna hefir verið vakin að því að Magnús Þorkelsson á Grímsstöðum hafi nú í sumar byrjað að taka upp mó inni í Fossvogi, að vísu í bæjarins landi, en þar hefir þó aldrei verið tekinn upp mór fyrri, nè neinum þar ávísað eða heimilað mótak, hvorki honum nè öðrum, svo að vèr vitum til, og að minnsta kosti hefir eigi verið leitað álits nè heimildar bæjarfulltrúanna fyrir þessari mótekt Magnúsar Þorkelssonar.

Vèr fulltrúarnir urðum því að álíta fulla nauðsyn til að hugsa nákvæmar þetta mál og taka það til umræðu á fundi í gær, og varð það sameiginlegt álit vort, að þó að mótakið hèr um mýrarnar fyrir norðan Öskjuhlíð og í Kaplaskjóli væri eigi háð heimildum nè eptirliti og hefði eigi verið háð að undanförnu og hèðan af væri vart auðið að koma því við til hlítar, nema þeim feykikostnaði, sem eigi væri tilvinnandi, af því mótakið í þessum mýrum væri gengið svo mjög til þurðar, — þá mætti samt eigi líðast, að sami óreiðr væri tekinn upp í hinu ónerta mótaki í Fossvogi, af hverjum sem vildi, og urðum vèr því að álíta þessar tiltektir M. Þorkelssonar eigi líðandi, og því síðr sem svo virðist sem eigi sè sem bezt unnið að þessum mórkurði hans þar í Fossvogi nè frá honum gengið, og óhult fyrir skepnum.

Vèr viljum því mega fela herra bæjarfógetanum að láta rannsaka nákvæmar þetta mál og kalla Magnús Þorkelsson fyrir, til þess að hann sæti nokkurri áminningu eðr hæfilegum sektum fyrir þessar tiltektir sínar, eptir því sem málavextir reyndist.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# September 1861

## No 51

Til Bæjarfógetans 20. september

Með heiðruðu bréfi 18. þ. m. hefir herra bæjarfógetinn sent oss til álita bréf frá factor Th. Stephensen dags. s. d.; er hann þar þess á leit, að bæjarstjórnin vili hlutast um, að vegr sá, sem nú er verið að leggja frá Austrstræti með Austrvelli austanverðum suðr að skólastígnum, verði jafnframt lagðr suðr að Tjörn, svo að gangandi og góðr vegr fáist bæði að Skálholtkotsbrúnni og að húsi hans, sem nú sé engi fær vegr að m. m.

Málefni þetta kom til umræðu á fundi vorum í gær, og var það álit vor allra, að við sama yrði að standa fyrst um sinn, sem varð að álitum með fulltrúunum, þegar lagt var niðr í sumar, hversu haga skyldi lengd og breidd vegarins, sem fyr var getið, að eigi þótti þá tiltækilegt að hafa hann lengra suðr eptir að sinni, en uppað skólabrúar stígnum, og jafnvel ísjárvert að lengja hann lengra suður þeim megin, heldr mundi haganlegra og rétt vera að lengja og endrbæta Lækjargötu í sömu stefnu sem nú er og meðfram sjálfum læknum frá Skólabrúnni suðr að Skálholts brúnni. En þó að t. d. byggingar nefndin yrði eigi á þessu máli, þá gæti eigi orðið um þessa né aðra kostnaður sem á vegagjörð að ræða framar á þessu ári, þar sem hið áætlaða fé til vegabóta í ár er að mestu á þrotum. Skjalið endrsendist hérmeð.

## No 52

Til Bæjarfógetans 4. október

Herra bæjarfógetinn hefir sent fulltrúunum til álita 2 bréf frá þeim herrum H. Kr. Friðrikssyni E. Siemsen og A. P. Wulff frá 22. og 25. þ. mán., hvar í þeir beiðast að fá 2 eða 3 herbergi í barnaskólahúsinu vetrarlangt til þess að hafa þar barnakennslu handa alltað því 30 börnum, er nokkrir húsfeðr í bænum vili gangast fyrir, og fylgdi þar með álit skólanefndarinnar frá 28. s. mán.

Vér ræddum þetta mál á fundi 1. þ. mán. og varð samhuga álit vort, er nú skal greina:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Október 1861

Þar sem skólanefndin jafnframt því að leggja til, að gefið verði vilji á hinum umbeðnu herbergjum hefir álitið nauðsynlegt að áskilja sèr að fá upplýsingu um þá kennendr, sem yrði teknir, um fyrirkomulag kennslunnar og skólareglu, og rètt til eptirlits (Controls) með því, hvernig kennslan fram færi o. s. fr., þá verðum vèr að vera á sama máli og skólanefndin í þessum atriðum og vèr fáum eigi skilið að forgöngumönnum geti þótt neitt verulegt að þessum skilyrðum eða að þau megi verða barnakennslu þeirri, er þeir hafa í áformi til neinnar fyrirstöðu eða hnekkis, heldr virðist slíkt eptirlit af skólanefndarinnar hálfu að mega verða fyrirtækinu til góðs. Oss virðist, að skólahúsið verði eigi léð til barnakenslu án þess skólanefndinni sè að minnsta kosti áskilinn rèttr til þess eptirlits; því væri þess eigi gætt, þá er auðsætt, að ýmsir aðrir gæti farið hins sama á leit og krafizt sama rèttar til hússins. Eins verðum vèr að álíta sjálfsagt, að fleirum börnum bæjarmanna, en þeim sem forgaunga beiðendanna nær til sè áskilinn rèttr til að mega fá aðgang til sömu kenslu, ef foreldrar þeirra æskti þess, og að svo miklu leyti sem það kæmi eigi í bága við uppfræðingu þeirra barna, sem upprunalega væri tekin til kenslu og auðvitað með jöfnum kjörum að tilkostnaði og öðru eptir rèttri tiltölu, sem forgaungumennirnir hafa áskilið fyrir hvert barn.

Ef forgaungumennirnir vilja ganga að þessum skilyrðum viljum vèr að voru leyti leggja til að herbergin verði leigð til skólahaldsins þau sem um er beðið, núna fyrst til maí loka 1862 frá 15. þ. mán.

Að því leyti eigi væri nóg skólaborð og bekkir til frá hinum eldri barnaskóla, virðist oss sjálfsagt, að úr því yrði bætt á kostnað bæjarsjóðsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Október 1861

## No 53

Til Magnúsar Þorkelssonar á Grímsstöðum 4. október

Þér hafið sent fulltrúunum reikning þann, er hér fylgir að upphæð 25 rd fyrir aðgjörð yðar á Tjarnargötu eptir því, sem afráðið var á fundi bæjarfulltrúanna 29. júní þ. á. og yðr hefir verið síðar tilkynt af bæjarfógeta.

En af því þessi reikningr yðar er 5 rd. meiri að upphæð, heldr en frá upphafi var um samið, en verkið þó ekki meira, en áskilið var frá upphafi, nema hvað lækkun á veginum allra syðst fyrir vestan verið kann að geta álitizt þar framyfir, en virðist eigi geta álitizt meira en í mesta lagi 1 manns dagsverk eðr 1 rd virði; hins vegar steinlegging ræsisins að austanverðu naumlega svo vönduð að verki og alls ekki að góðu grjóti eins og í skilyrðum var haft frá upphafi, og þar að auki allt úrgangsgrjót, er þó var eign bæjarins burtu flutt, — þá fanst oss, er vèr ræddum þetta mál á fundi 1. þ. mán. eigi neina ástæðu til fyrir yðr að krefjast meiri borgunar, heldren frá upphafi var um samið, og því síðr að ávísa yðr meiri borgun úr bæjarsjóði, heldren hinum umsömdu 20 rd að viðbættum þeim 1 rd fyrir hina fyrá minstu lækkun á veginum.

Reikningr yðar þannig ávísaðr fylgir hérmeð.

## No 54

Til Bæjarfógetans 4. október

Með heiðruðu brèfi 24. f. mán. hefir herra bæjarfógetinn borið undir álit fulltrúanna, að þarsem Guðbr. Guðnason í Brennu hefði farið þess á leit að fá nú útmælda og afgreidda lóðarspildu þá til viðbótar við hina eldri lóð sína að Brennu, er hann beiddist þegar vorið 1860, og þessi viðbætir væri nú mældr af byggingarnefndinni 20. f. m., hvort eigi mætti standa við sama um árlegt eptirgjald eptir lóðar viðbót þessa, sem ákveðið hefði verið í brèfi bæjarstjórnarinnar 23. apr. f. á.

Vèr ræddum þetta mál með oss á fundi og varð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Október 1861

samhuga álit vort, að eigi væri ástæða til að ganga á bak þeirra þeirra skilyrða, er Guðbr. Guðnasyni voru fram boðin í bréfi fulltrúanna til bæjarfógetans 18. spr. f.á. og leiðir þar af, með því lóðarviðvötin, sem hér um ræðir er aðeins 1330 □ áln. eptir mælingargjörð byggingarnefndarinnar 20. f. mán, eðr rúmr ⅙ úr dagsláttu að flatarmáli, þá ber Guðbr. Guðnasyni, eðr hverjum þeim, sem eptir hann verðr eigandi að tómthúsinu Brennu, að greiða eptir lóðarblett þenna 1 al. árl. á landsvíru eptir verðlagsskrár meðalverði í Bæjarsjóð, frá 1. jan. 1862 auk þess 7 áln. lóðargjalds, sem var fast ákveðið af hinni eldri lóð Brennunnar, í febr. þ.á. samkvæmt Op. br. 26 sept. f.á.

Til Bæjarfógetans 4. október

## № 55

Á fundi vor fulltrúanna 1. þ. mán var því hreift og þótti nauðsyn að vekja eindregið athygli lögreglustjórnarinnar að því, að mikill móhlaði er nú á þessu hausti settr á almennu svæði þar fyrir sunnan Suðrbæ, þar sem aldrei hefir fyr verið og rétt þar fyrir vestan hauginn, þar sem njarska og máske einatt með glóð, er borin úr ýmsum húsum daglega, og vitum vér eigi til, að ekkjan Ingibjörg yfirsetukona hafi sett þarna móhladann með leyfi, er líka vart mundi hafa verið veitt henni, þó að þess hefði verið leitað. En bersýnileg hááska von af, ef eldneista bæri úr öskunni í móhladann, er eldr gæti með því móti læstzt um hann allan, áðr vart yrði af, því hann stendr þar afskekktr nokkuð og eigi almenn ferð þarum. Vér vonum og treystum því, að herra bæjarfógetinn, sem lögreglustjóri skerist í þetta mál sem fyrst, einkanlega ef móhladinn er þarna í leyfisleysi settr, svo og um það verði séð, að engi hááska von geti hér af staðið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Október 1861

No 56

Á fundi bæjar fulltrúanna 1. þ. mán samdist svo, að bæjar fulltrúi Helgi snikkari Jónsson tæki að sér umsjón bæjar verkanna þenna mánuð, sem yfirstendur.

Jón Guðm.

Til Bæjarfógetans 4 október

16 oct. sjá N 62

---

No 57

Með fylgjandi bréfi til stiptamtsins dags. í dag áhrærandi launaviðbót organistans við dómkirkjuna, leyfa fulltrúarnir sér að biðja herra bæjarfógetann að koma á framfæri með yðar góða áliti og meðmælum

J.G.

Til sama 29. október

---

No 58

Á fundi í gær samdist svo, að bæjar fulltrúi Guðmundur Þórðarson tæki að sér umsjón bæjarverkanna fyrir nóvembermánuð.

J.G.

Til sama 29. október

---

No 59

Á fundi bæjar fulltrúanna í gær lýsti konsul kaupmaðr Smith því yfir, að hann sigldi héðan af landi með næstu gufuskips ferð og mundi eigi koma aptr til landsins, fyrr en í næstkomandi marzmánuði; og finn eg mér skylt að skýra herra bæjarfógetanum af þessu

J.G.

Til sama 29. október

---

No 60

Með heiðruðu bréfi 19. þ. mán. hefir herra bæjarfógetinn sent fulltrúunum útmælingargjörð byggingarnefndarinnar frá 16. næst á undan yfir lóðar viðauka þann, er Guðmundi Er-

Til sama 29. október

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Október 1861

lendssyni: er þar með úthlutaðr hjá húsi hans á Hlíðarhúsalóð til hjallstæðis m. fl., og er það, að hann hefir sagt, gjört með samþykki núverandi leigjuliða Hlíðarhúsajarðar frú G. Thorsteinsens – og hefir fógetinn mælzt til atkvæðis fulltrúanna í þessu máli.

Vér ræddum þetta mál á fundi 19. þ. mán., og virtist oss; að hvort sem hér væri að ræða um hina sömu lóðarviðbót, er Guðmundr Erlendsson fór á leit í næstliðnum marz mánuði og sent var fulltrúunum til álita með bréfi bæjarfógetans 19. s. m., eðr aðra nýja viðbót, að við sama ætti að standa eins og tekið var fram í bréfi voru til bæjarfógetans 21. marz þ. árs.

Til Bæjarfógetans 29. október

## No 61

Út af því samþykki, er lögstjórnarráðherran hefir í bréfi 13. febr. þ. árs veitt til þess, að alltað 200 rd megi verja árlega til þess að bæta nætrgæzlu hér í bænum, og sakir nauðsynja þeirra, sem á því eru að færa hana í betra og tryggara horf sem fyrst, eins og bæjarfulltrúarnir hafa leitt rök að í bréfum sínum um mál þetta til hlutaðeigandi yfirvalds, þá kom það nú til umræðu með oss á fundi í gær, og varð samhuga álit vort, að þó að nauðsyn og allar kringumstæður krefði, að sem minnst væri aukin útgjöld bæjarins með nýjum álögum, virtist þó óumflýjanlegt, að auka við nýjum nætrverði að minnsta kosti um þá 4 mánuði ársins sem lengst er nóttin og versta veðra er von n. l. janúar, febrúar og nóvember og desember og ímyndum vér oss, að til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Október 1861

þess fengist árei𝑑an legar maðr fyrir 20rd um mánuðinn, eðr samtals 80rd — 100rd um árið, enda treystumst vèr eigi til að fara frekar í að auka útgjöld bæjarins í þessu skyni fyrst um sinn og á meðan sveitarþyngslunum eigi léttir betr af og hagr bæjarbúa eflist á annan hátt.

En af því vèr verðum að álíta nauðsynlegt, að hinn nýi varanætrvörðr verði tekinn nú þegar í öndverðum næsta mánuði til árs-lokanna, en ekkert til þess ætlað á þessa árs áætlun, viljum vèr fela herra bæjarfógetanum að leita samþykkis amtsins til þess að bæjarsjóðrinn megi taka til láns til þessa augnamiðs alltað 40rd, er þá yrði að taka inn á næsta árs áætlun, auk þeirra 80–100rd, er þyrfti fyrir árið 1862 í þessu skyni. Að öðru leyti viljum vèr fela yðr að skora á menn með auglýsingum að bjóða sig fram til þessa starfa innan 8 daga, og gegn hve mikilli borgun fyrir nóttina eða mánuðinn, og að bæjarstjórninni sè áskilinn rèttr til að kjósa milli þeirra, er bjóðist.

Af því vèr treystum því, að herra bæjarfógetinn fallist á þá skiptingu á bænum til hrópgöngu fyrir 2 nætrverði, er fulltrúarnir stungu uppá í brèfi til stiptamtsins og bæjarfógetans 23. nóv. 1857, þá ætlum vèr það nægi í bráð að vísa þeim, er vildi takast þetta á hendr til upplýsingar um það annaðhvort á skrifstofu bæjarfógetans eðr hjá meðundirskrifuðum formanni fulltrúanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til Bæjarfógetans 16. október

## No 62

Frá því, er fyrst var farið að hugsa og ræða um það að koma á stofn barnaskóla hér í bænum, hafa öll þau yfirvöld æðri og lægri, sem hafa haft málefni þetta til meðferðar, verið á einu máli um það, að Reykjavíkurbæ með ekki meiri mannfjölda og með þeim rýra efnahag bæjarbúa, sem nú er, yrði það ofvaxið fyrir bæ vorn að koma upp barnaskóla, er væri í nokkru lagi af sjálfs sín rammleik, eða án þess að verða aðnjótandi til þess nokkurs styrks, og hefir þessi skoðun því fremur festst frá einni bæjarstjórn til annarar og ár frá ári, sem menn hafa jafnframt eigi getað verið í vafa um, ~~það~~ að til væri sjóður eða stofnun, hvaðan Reykjavíkurbær ætti rétt til að fá styrk úr til stofnunar barnaskóla eða sjálfsagt til viðurhalds og eflingar slíkum skóla, þegar hann væri á komin, en sá sjóður er sjóður rectors Jóns Thorkillii, er hann stofnaði, ánafnaði og gaf til að stofna skóla handa fátækustu börnum í Kjalarnesþingi með testamenti 3. apr. 1759, sem allramildilegast er staðfest 20. s. mán (Lovsaml. for Isl. III bls. 356–359)).

Þegar þetta testamenti gjördist og var staðfest, var Reykjavíkur kaupstaður eigi til, en sókn og þinghá Reykjavíkur, eða lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem nú er, var þá einn hluti af Seltjarnarnes hreppi í Gullbringusýslu, en Gullbringu og Kjósar sýsla nefndust einu nafni Kjalarnesþing, og voru optast sameinað lögsagnarumdæmi sér bæði framyfir bæði framyfir næstliðin aldamót og einkum eptir það, að Reykjavík fékk kaupstaðarrétt og lögsögn sér í lagi, en æfinlega frá ómunatíð hefir Gullbringu og Kjósarsýsla verið sameinað eitt prófastsdæmi, að Reykjavík þar í meðtaldri á seinni tímum, og kallast enn Kjalarnes prófastsdæmi eður Kjalarnes þing. Því getur engi vafi verið á, að sá réttur, sem hið sameinaða lögsagnar- og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1851

prófastsdæmi Kjalarnesþing ávann, ætíð varð aðnjótandi, áðren nokkur lögsagnaraðskilnaður gjörðist á hinum einstöku hlutum þess; verði eigi sviptur af neinum einstökum hlutanum, þó að slíkur aðskilnaður hafi síðar komizt á, eins t. d. er orðið um Reykjavíkur kaupstað í tilliti til þinghár og lögstjórnar, og það því síður sem sú einingin helzt enn í dag að allri geistlegri og kirkjulegri stjórn eður í öllum kirkju- og kennslu málefnum, en svo málefni það, sem hér ræðir um er ein grein af þessum málum. Þó að þessi skoðun hafi aldrei beinlínis verið vefengd, þykir eigi ofaukið að færa hér þegar í innganginum rök fyrir gildi hennar með framanskrifuðum athugaremdum. Vér skulum bæta því við til styrkingar, að beinlínis viðurkenning fyrir þessum rétti Reykjavíkur kaupstaðar eptir lögsagnar aðskilnaðinn, hefir smám saman komið fram af hendi yfirstjórnenda Thorkillii sjóðsins, fyrst á meðan barnaskólinn var á kostnað sjóðsins haldinn á Hausastöðum á Álptanesi (hérumbil frá 1790 – 1810), því þá voru fátæk börn tekin inn í skólann eins úr Reykjavík eptir það hér var orðinn kaupstaður og lögsagnarumdæmi sér, eins og úr öðrum hlutum Kjalarnesþings, og þarnæst, að eptir það að farið var að halda hér uppi að staðaldri almennum barnaskóla undir opinberu eptirliti og afskiptum, þá var hann um þau 18 ár 1830 – 1848 incl. styrktur með töluverðu fé árlega úr Thorkillii sjóðnum, og er auðsætt, að svo verulegur styrkur hefði eigi verið látinn af hendi árlega og um svo mörg ár, hefði eigi forstöðumenn sjóðsins, Stiptamtmaður og biskup landsins; er þá voru, verið því meðmæltir, og jafnframt samfærðir um, að Reykjavík ætti réttláta heimtingu á þessum styrk til viðurhalds og eflingar þessleiðis barnaskóla, að einnig hin fátæku börn gæti notið þar uppfræðingar samkvæmt berum orðum gjafabréfsins og eigi þarf heldur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að leiða sér í grun að þetta hafi gjört verið svona ár eptir ár að fornspurðu hlutaðeigandi stjórnarráði Cancellí-inu, heldur má hitt telja vafalaust, að það hafi sam-þykkt þessa ráðstöfun eða beinlínis úrskurðað að svo skyldi vera.

Og þetta virðist líka í öllu tilliti að hafa verið samkvæmt réttum skilningi á testamenti Thorkillii, því þar segir með berum orðum, „að stofnunin sé „til gudelig Brug og fattig Börneskole i forbe-meldte Land (Ysland) og Herred (Kjalarnesþing)“.

Þess undarlegra mun það virðast sem auðsétt er af kirkju- og kennslumálastjórnarinnar 23. ágúst 1851, að stiptsyfirvöldin, er þá voru, skuli 21. febr. s. á. hafa lagt það til og áunnið við stjórnina, að þegar búið væri að ávaxta og auka Thorkilliisjóð-inn svo, að hann væri orðinn 20000 rd að innstæðu, þá skyldi verja honum til að stofna búnaðarskóla (Landvæsens Institut) handa fátækum börnum í Kjalarnesþingi. Fyrst og fremst virðist þetta liggja svo fjarri skýlausum orðum testamentisins um hinn yfirlýsta tilgang gjafarinnar, og þeirrar stofnunar, sem þar með er fyrirhuguð og ákveðin, að engi heimild sé fyrir því í testamentinu; bún-aðarskóli getur verið þarfur og nauðsynlegur eink-um í héruðum til sveita, því neitar enginn; en að nokkur maður um miðja næstliðna öld hefði látið sér koma í hug að stofna þess leiðis skóla og allra síst, að það hefði þá verið kallað „til gudelig Brug og fattige Börns Opdragelse“ því verða allir að neita, sem nokkuð þekkja til aldar-háttar og hugsunar háttar á Íslandi um næst-liðna öld; það var hvortveggja, að engin þess leiðis stofnun var þá gjör hér á landi hvorki stær-ri né minni af einstökum mönnum, enda mundi engum, þó hann hefði til slíkrar stofnunar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1861

gefið hafa komið til hugar að áliti það fé til
guðs þakka lagið, og kreisti legs uppfósturs; er í þeim
tilgangi hefði verið gefið. Oss virðist, að engin minni
heimild væri til að verja Thorkillii sjóðnum til hand-
iðna eður iðnaðarskóla eður til verzlunarskóla eða
sjómannaskóla fyrir fátæk börn hér í Kjalarnes-
þingi, heldur en til búnaðarskóla. Því það er í
annan stað vel aðgætandi, að hvergi hér á landi get-
ur það verið eins fjarstætt almennasta atvinnu-
veginum í héraðinu að stofna búnaðarskóla, eins og
hér í Kjalarnesþingi, þarsem allur þorri manna
stundar sjáfarútveginn og hefir hann fyrir aðal-
atvinnuveg og flestir einkaatvinnuveg, því 7 hrepp-
anir af þeim 10, sem eru í Kjalarnesþingi að Reykja-
víkursveit meðtaldri, og það hinir langfjölmenn-
ustu stunda svo að segja eingöngu sjáfarútveginn,
nema hvað verzlun og iðnaður og daglaunastörf
fá mörgum atvinnu í þeim 3 kauptúnum, sem
eru í héraðinu einkum hér í Reykjavík. Í hinum
3 hreppunum Kjós, Kjalarnes og Mosfellssveit,
sem þar til eru langfámennastir að tiltölu (1855
voru þar 1318 af 6267 í öllu Kjalarnesþingi) er
að vísu mest landbúnaður að yfirborðinu, en samt
mun það eigi ofsagt, að í þeim hreppum hafi menn
atvinnu af sjó meir, en til þriðjunga við það er þær
hafi af búnaðinum. Með því atvinnuveginum er
og hefir verið þannig varið í Kjalarnesþingi,
og mun lengst af svo verða sakir afstöðu þessa
hérað strandlengis með sjó með einhverjum hin-
um beztu veiðistöðum, sem hér eru til á landi
og með 3 kauptúnum, þá virðist auðsætt,
að engu héraði á landinu getur það síður átt við eða
verið til réttskilins hags og framfara oft-
ingar að stofna sérstakan __búnaðarskóla__
fyrir héraðið, heldur en einmitt hér í Kjalar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ner þingi. Í þriðja lagi verðum vér að athuga það með
tilliti til fyrnefnds úrskurðar kirkju og kennslumála stjórn-
arinnar 23. ág. 1851 og undirbúnings undir hann, að oss
virðist, að öllum hlutaðeigendum sem gjöf Thorkillii er
ánöfnuð og eiga að verða hennar aðnjótandi um allar ó-
komnar tíðir eða með öðrum orðum sveitarstjórnend-
unum og öðrum helztu mönnum í héraðinu einkum
andlegrar og veraldlegrar stéttar yfirmönnum hefði átt að
gefast formlegur kostur á að segja álit sitt um, að hve mik-
lu leyti þeim þætti ákjósanlegt fyrir aldu og óborna, að
gjöf Thorkillii væri varið svona þvert orðum og tilgangi
gjafabréfsins, eins og með þessum reið hetra úrskurði
sýnist vera afráðið. Í fjórða lagi hljótum vér að athygl-
ast það á rökum byggðu skoðun á málinu, er nokkrir af
hinum vitrustu og beztu lagamönnum vorum lýstu
yfir á alþingi 1853, þegar þessu atriði var hreift, að
enda stjórnina skorti lagaheimild til þess að breyta
með úrskurði eða víkja frá yfirlýstri einskorðaðri til-
ætlun þess leiðis stofnunar gjafa, er ætti að styðjast við
konunglega staðfestingu (sjá ræður V. Finsens Th. Jón-
assens og H. Stephensens í Alþtíð 1853, bls 376,
380, 382 og 463

Vér treystum því, að þessar ástæður, sem nú
voru teknar fram verði álitnar yfirgnæfandi fyrir því
að breyta margnefndum úrskurði kirkju- og kennslu-
málastjórnarinnar 23. ág. 1851 og eigi síður fyrir það,
þó að hann virðist að nokkru leyti staðfestur eða
endurnýjaður með bréfi sama stjórnar herra 31. des.
1857 eptir tillögum stiptamtmanns 25. febr. s. á.,
því í þessum skjölum hágfirvaldanna eru engar
nýjar ástæður fordar.

Með tilskipun 12. des. f. á. er nú lögboðin
stofnun barnaskóla hér í Reykjavík og að vísu
eptir ítrekuðum óskum og brýnni nauðsyn bæjar-
stjórnarinnar og annarra bæjarbúa; það hefir
ómetanlega létt undir þessari stofnun fyrir bæjar-
búum, að til þess er bænum gefið rúmgott hús
með gjafabréfi í apr. 1860, þó að um breyting og
aðgjörð hússins til skóla útheimti tölu verðan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1861

kostnað. En hitt er víst, að efnahagur allra bæjarbúa
hefir þröngvast næsta mjög á hinum seinni árum.
Embættismennirnir sitja enn við hin sömu rýru
laun, sem allir verða að viðurkenna, eins og tvívegis
hefir komið fram fyrir stjórnina gegnum alþing, að sé
ónóg fyrir þá til sómasamlegrar og stöðu þeirra sam-
boðinnar afkomu, auk heldur, að þeim verði í þyngt
til muna með nýjum álögum í bæjarins þarfir. Verz-
lunar ánauðin, sem gekk yfir gjörvalla Norðurálfuna
fyrir fáum árum náði einnig til kaupmanna vorra
í þessum bæ; fjárfellir og aflaleysi og þar af leiðandi
stórum þverrandi vöruafli og afkoma landsmanna,
er við þá skipta hafa og gjört verzlun (Omsætning)
þeirra miklu minni, en hún var fyrir 3–4 árum
og árin þar á undan, en skuldir landsmanna hjá kaup-
mönnum aukist. Tómthúsmennirnir hinn 3. og
langfjölmennasti flokkur bæjarbúa eru yfir höfuð
að tala fé lausir menn og sárfátækir, afkoma þeirra
stendur og fellur með því, hvernig aflast, en nú hafa
2 hin næstliðnu ár verið ein hin lökustu í því til-
liti; 1860 með hinum afla minni, þetta ár, sem er
að líða afla minna, en nokkurt annað ár á þessari
öld; af þessu leiðir aptur, að sveitarómagar bæjar-
ins hafa stórum fjölgað á hinum síðustu árum og
sveitarþyngslin aukist fjarskalega.

Þar sem nú hver bæjarstjórn eptir aðra
og eins aðrir yfirvöld, að því oss er kunnugt, hafa
jafnan orðið að sjá og játa, að Reykjavíkurbær eigi
fært að standast kostnaðinn, er leiddi af nokkurn-
veginn viðunanlegum barnaskóla, nema því að
eins; að til þess fengist einhver aukastyrkur, þá
er nauðsynin fyrir þessu margfalt meiri nú, sakir
þeirra kringumstæða og ástæðna bæjarmanna, sem
vér lýstum. Og þó vér eigi viljum bera á móti, að
tekjustofnar bæjarins megi enn nokkuð auka, einmitt
samanlikt og bezt er til í álitsskjali bæjarfulltrúanna
um barnaskólamálið frá 28. apr. 1855, þá verður því engan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vegina komið við öðru vísi, en smátt og smátt, og alls
eigi, fyrri en hagr bæjarbúa réttist við aptr, og sveitarþyngslum
þeim, er nú hvíla á bænum, sem útheimta nú sem stendur
fullan helming af öllum sveitargjöldum kaupstaðarins
afléttir að nokkru. Og verðum vér í sambandi hérmeð
jafnframt að vekja athygli að því atriði, að þó að tilgang-
urinn með skattinum af óbyggðum lóðum, sem er ákveð-
inn með opnu br. 26. sept. f. á. væri einkanlega sá, að
þar með ætti að hafa upp nýjan tekjustofn einkum handa
barnaskólanum, og þó að til þessa tilgangs löggjafans
beri eigi og megi að hafa tillit í öllum almennum mál-
um, þá verður þó nú sem stendur að geta þess, að þar-
sem sveitarþyngsli bæjarins jukust fyrir þetta yfirstand-
andi ár 1861, sem nær því eins mikið og þessum lóð-
artolli svarar, þá geta bæjarmenn ekki risið undir
svo fjarska mikilli aukningu gjaldanna, síst þegar
hagur allra stendur sem tæpast sakir óárs og sér-
staklegra kringumstæða, sem fyr er getið, eins og
því svaraði, sem annars vegar hin aukni sveitarþyng-
sli og aðrar nauðsynjar bæjarins krefði, og hins vegar
þar að auki hinum nýja tolli af óbyggðri lóð, ef honum
væri sérstaklega og eingöngu varið til barnaskóla eður
nýrra útgjalda, er aldrei hafa fyr á bænum hvílt, því hin
aukni sveitarþyngsli nál. 350rd og lóðartollurinn sam-
tals nál. 570rd, eru samtals 920rd, en undir svo fjarska-
legum viðauka við útgjöld undanfarinna ára geti bæjar-
búar síst risið nú, þegar öll afkoma þeirra, sem gjald-
færir eru er þó miklu erfiðari, en verið hefir, og virðist
óþarfi að taka fram, að hvort sem gjaldið heitir lóðar-
skattur eða nefnist öðru nafni, þá eru þó þeir 2–8rd
er hver einstakur gjaldþegn má láta í þessu skyni ár-
lega beinlínis viðauki við þau útgjöld, er hvíldu áður á
hverjum og einum og hvíla árlega til annara þarfa
bæjarins.

Þar sem við nú þannig ætlum, að hér að framan
sé á ann veginn færð rök að því, að úrskurður kirkju-
og kennslumála stjórnarinnar 23. ág. 1857 um að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1861

stofna skuli búnaðarskóla handa fátækum börnum í Kjal-
arnesþingi eigi geti álitizt að koma heim við yfirlýsta
tilætlun testators í hinu staðfesta gjafabréfi, hans og því
síður, að það stefni að þeim tilætluðu framförum og
hagsmunum, er testator hefir með gjöf sinni auðsjáan-
lega ætlast til að innbúar Kjalarnesþings hefði af
henni, af því hér í þessu þingi er landbúnaður eng-
inn aðalatvinnuvegur héraðsmanna að því sleptu, að
vér skiljum eigi hvernig „börn" geti menntast af bún-
aðarskóla (Landvæsens-Institut) og fengið þar það
kristilega uppfóstur eða uppeldi, sem testator hefir
áskilið, en jafnframt auðsætt, að meiri hluti sveit-
anna í Kjalarnesþingi ɔ: allar sjávarsveitirnar og
einkum allir Reykjavíkurbúar væri þarmeð beinlín-
is útilokaðir frá því að hafa nokkur not af legati
Thorkillii fyr eða síðar, að hann á hinn bóginn er
brýnasta nauðsyn bæði á því að barnaskóli sá, sem
er ákveðinn með tilsk. af 12. des: f. á. geti komizt hér
á sem fyrst; en þessu getur þó með engu móti orðið
framgengt eins og nú stendur á, nema barnaskóli fen-
gið til þess einhvern árlegan styrk. Því treystum vér
því, að hlutaðeigandi valdstjórnir leggi fram krapt-
ana til að mæli sín með því, að téður stjórnarráðsúr-
skurður verði apturkallaður, en útvegað leyfi stjórn-
arinnar til að Reykjavíkursókn eða að minnsta
kosti Reykjavíkurbær megi nú þegar verða aðnjótandi
árlega þeirrar tiltölu af árlegum vöxtum Thorkillii
sjóðsins, sem honum getur borið eptir hlutfalli fólks-
tölunnar hér í sókn — því öll sóknin og einkum hin
fátækari börn í Seltjarnarneshrepp geti fengið upp-
fræðingu í barnaskólanum hér í bænum — við fólks-
töluna í gjörvöllu Kjalarnesþingi barnaskóla vorum
til sem fljótastrar og beztrar eflingar, og svo að hon-
um verði fært að taka við sem flestum fátækustu
börnum hér nærlendis til uppfræðingar, mennt-
unar og menningar samkvæmt tilætlun þeirri,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem testator hefir yfirlýst í gjafabrèfi sínu, því með þessu móti getur honum orðið fullnægt nú þegar, hvað Reykjavíkursókn áhrærir, í öllum hinum verulega og aðalatriðunum. Því þó að því verði ekki með öllu mótmælt, er segir í ástæðum stjórnarinnar (Alþtíð 1853 vide bls 12) fyrir frumvarpi því til tilsk. um barnaskóla í Reykjavík, sem var lagt fyrir alþing 1853: að testator hafi eiginlega hugsað sèr uppeldisstiptun og skóla handa fátækustu börnum í Kjalarnesþingi og að þau ætti að fá þar húsaskjól, föt og mat, eður með öðrum orðum uppeldis-stiptun, þar sem börnin gæti fengið eigi aðeins uppfræðingu, heldur einnig allt, sem þau þyrfti, — þá er þó auðsætt, að kristileg uppfræðing barnanna og lærdómsmenning eður barnaskólastofnun hefir verið aðalaugnamið testators eins og sjá má af orðum gjafabrèfsins — „til en staaende „Summa, hvoraf aarlig Interesse skal gaae til ermeldte gudelig Brug og en fattig Börneskole i forbemeldte Land og Herred, — hvorhos de samme „fattige Börn o. s. frv. — Og eins víst og það var, að skólastiptunin á Hausastöðum, sem stofnaður var eigi aðeins sem einskonar skóli heldur jafnframt sem uppeldisstiptan beint eptir orðum testators heppnaðist ekki, heldur fór smámsaman hnignandi, og komst þó aldrei lengra en að hafa 16—20 börn úr gjörvöllu Kjalarnesþingi, — af hèrum bil 1000 börnum frá 7—14 ára eptir því, sem hèr voru í öllu hèraðinu 1855, svo að hana varð algjörlega að leggja niður, eins mun það æfinlega reynast óvinnandi að koma upp einni slíkri uppeldis- og skólastofnun fyrir gjörvallt Kjalarnesþing svo víðlent og fjölmennt sem það er og yfirgnæfandi fjöldi fátæklinganna í sjóplázunum og þeirra barna. Og eins og nauðsynin á barnaskólanum eða menntunarstofnunum fyrir börn í Kjalarnesþingi er engu minni nú, en var á dögum testators, heldur meiri, af því mannfjöldinn hefir svo stórum aukizt síðan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1861

í þessu héraði og einkum þó í sjóplázunum, eins er þörfin orðin miklu minni á eiginlegri uppeldisstofnan fyrir „fátækustu börn“ heldur en þá var, því þá var framfæri sveitarómaga og fátæklinga, — auk þess sem efnahagur almúgans var þá miklu misskiptari og allur verri, — í mesta ólestri bæði eptir þágildandi löggjöf og af langri óvenju, — t. d. annað hvort eigi niðurseta á mörgum fátækling, eður fárra vikna og mánaða dvöl ómaganna sitt á hverjum stað til að eta út sveitarútsvar þess og þess bóndans, en síðan fara frá honum til að dveljast hjá nágranna hans annan mánuðinn o. s. frv. Með þessu ~~upp~~ fyrirkomulagi á uppfóstri og uppheldi hinna fátækustu barna, þá var það að vísu næsta fögur hugsun, eins og það var *þá* brýn nauðsyn og mesta velgjörð og veglyndi að vilja koma upp *uppeldisstofnun* jafnframt skóla fyrir hin fátækustu börn, því þá gat barnaskóla fyrir þau börn, sem ekkert fast heimili áttu, eigi hugsast án slíkrar uppeldisstofnunar meðfram. En nú síðan fátækra reglug. 1834 hefir gjört hér á svo verulega breytingu, að hvert sveitarbarn hefir sitt fast heimili árlangt, og hefir því bæði sakir þar af leiðandi siðferðislegs aðhalds og sakir þarað lútandi eptirlits af hendi prests og hreppstjóra og sakir almennrar hugsunarháttar landsmanna eptir höfuð að tala þykir það minnkun að fara ekki sem bezt að verðar með sveitarbarnið, sem hjá þeim er sett árlangt, „svo það verði þeim ekki til skammar,“ þegar árið er liðið, — nú er engi þess leiðis nauðsyn á almennri uppeldisstofnun fyrir fátækustu börn hvorki hér né annars staðar eins og var um miðja næstl. öld. Enda ætlum vér þess megi mjög lengi bíða — og sjóðar skorkillir yrði þá að verða hundraðfaldur við það,

sem hann nú er, þó að liðin sé nú rúm 100 ár síð-
an hann gaf gjöfina, — að stofnandi verði ein upp-
eldis og kennslu stofnun handa öllum fátækustu
börnum í ~~öllu~~ gjörvöllu Kjalarnesþingi þannig, að
hún, að hún geti fullnægt tilætlun gjafarans í öllu
tilliti og orðið að tilætluðum notum og hagsmunum fyrir
héraðsbúa.

En aðaltilgangi testators: kristilegri
skóla uppfræðingu, ~~og~~ menntun og menningu hinna
fátækustu barna verður þar á móti auðið að ná smám
saman eptir því sem sjóðurinn eflist og árlegir vextir
af honum aukast ár frá ári, og eptir því sem áhugi
~~og~~ héraðsmanna á þessu máli smámsaman vak-
naði og viðleitni þeirra færist nær þessari aðal-
stefnu testators.

Með þeim margvíslegu og verulegu breyt-
ingum, sem orðnar eru hér á landi í atvinnuvegum
og sveitastjórnarfyrirkomulagi og öðru er hér að
lýtur, mun það reynast hið eina practiska úrræði
til þess að fá aðaltilgangi testators framgengt, að
vöxtunum af hinni veglegu gjöf hans verði varið til að
efla uppfræðingu og menningu fátækustu barna hér
í Kjalarnesþingi í reglulegum barnaskólum, eptir
því, sem þeir smámsaman geti komizt upp í hin-
um fjölbyggðustu sjóplázum í héraðinu, eða með öðrum
orðum, til þess að styðja að því, að reglulegir barna-
uppfræðingarskólar geti smámsaman stofnazt hér og
hvar í Kjalarnesþingi

Og af því nú bæði nauðsynin og löggjafinn
hafa nú tilrétt stofnun barnaskóla í þessum hluta
hins forna Kjalarnesþings, leyfum vér oss að treysta
því og biðja, að Reykjavíkurbæ verði þegar veittur
rinn tiltölulegur hluti árlega af vöxtum af vöxtum Thor-
kellii sjóðsins til þessa augnamiðs.

Þetta sannarlega velferðarmálefni Reykja-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1861

víkurbæjar biðjum við yður, herra bæjarfógeti, að bera fram í gegnum stiptsyfirvöld landsins fyrir hlutaðeigandi ráðherrastjórn, með yðar góða áliti og kröptugum meðmælum.

## No 63

Til stiptamtsins 29. október

Með brèfi 17. des. f. á. til bæjarfógetans hafa yðar hávelborinheit falið bæjarstjórninni á hendur að taka uppí áætlun fyrir yfirstandandi ár meðal útgjalda bæjarins til niðurjöfnunar á gjaldendur í umdæmi bæjarins fyrir það ár og fyrst um sinn 84rd 32ß, í því skyni, að þessi upphæð yrði síðan borguð úr bæjarsjóði organistanum við dómkirkjuna til ryfkunar launum hans og jafnframt hafið þèr látið í ljósi, að þèr munduð skýra stjórninni frá því, sem gjört væri í málinu og hversu því væri komið.

Það hefir, eins og yðar hávelborinheitum er kunnugt, þegar frá upphafi þessa máls verið almennt bæði sóknarmanna Reykjavíkurdómkirkju yfir höfuð og sveitarmanna bæði í hreppnum og bænum, að laun organistans við dómkirkju landsins væri sóknarmönnum óviðkomandi, heldur ætti þau að greiðast af sjóði kirkjunnar, eða af sjóði konungs sem eiganda kirkjunnar. Skírast og ljósast hefir þetta verið tekið fram í álitsskjali bæjarstjórnarinnar um þetta mál 16. des 1848, sem segir: að bæjarfèlagið muni ekki aðeins verða ófúst á, að taka að sèr slík útgjöld, heldur megi þau álítast óviðkomandi sveitarfèlaginu og að eigi sè lagaheimild (Retsgrund) fyrir því að leggja söfnuðinum þessa byrði á herðar, heldur eigi hún eptir eðli sínu að hvíla á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kirkjunni og þess vegna greiðast af tekjum hennar. Þetta álit hefir bæjarstjórnin síðar ítrekað í skjali sínu um sama mál í apr. 1849, þar sem hún ekki vildi ábyrgjast organistanum laun um vissan tíma, þangað til málinu væri ráðið til lykta af stjórninni. Og hin sama skoðun kemur fram í áliti sveitarstjórnarinnar í Seltjarnarneshrepp um þetta mál, í nóv 1848, sem lætur þá skýlausa meiningu sína í ljósi, að kirkjusjóðurinn sé ekki einungis skyldur að borga organistanum, heldur muni einnig fær um með hagan-legu fyrirkomulagi að bera laun organistans.

Vér getum ekki annað, en verið í alla staði samdóma þessu áliti, og fáum ekki annað séð, en að laun organistans sé alveg óviðkomandi bæjarsjóðnum, og að bænum sem sveitarfélagi geti engin lagaskylda legið á herðum til að taka að sér þessi útgjöld; og vér ætlum, að þessi skoðun í rauninni hafi jafnan verið drotnandi meðal bæjarfulltrúanna. Því þó meiri hluti bæjarstjórnarinnar á fundi 29. nóv. f. á. yrði á því að bæta laun organistans úr bæjarsjóði, þá var þessi ályktun bæjarfulltrúanna fastbundin því skilyrði, að organistanum væri ekki sem söngkennara við hinn lærða skóla skylt að spila á orgelið við guðsþjónustuna í dómkirkjunni og sömuleiðis er skýrt tekið fram í sömu ályktun, að þessi ákvörðun nái einungis þangað til kjör organistans verði viðunanleg, sem sýnir, að bæjarfulltrúarnir hafa í rauninni álitið laun organistans óviðkomandi bæjarsjóðnum og skoðað þessa ályktun sína einungis sem bráðabyrgðar ráðstöfun, til að ráða bót á vandkvæðum, sem þá voru fyrir hendi

Bæjarstjórnin treystir því, að yðar hávelborin heit hafi farið þessu á leit við stjórnina, þegar þér næstliðið ár skýrðuð henni frá þessu máli eins og því þá var komið, að laun organistans væri bætt úr opinberum sjóði. En skyldi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mót von þessu enn þá ekki hafa verið farið á flot við stjórnina, leyfir bæjarstjórnin sèr undirgefnast að beiðast þess, að yðar hávelborinheitum mætti þóknast að bera þetta mál sem fyrst fram við stjórnina, og með yðar kröptugum og mikils metandi tillögum útverka, að laun organistans verði bætt úr opinberum sjóð. Bæjarstjórnin hlýtur að álíta það áríðandi, að þessu geti orðið framgengt sem fyrst, þar eð hún samkvæmt stöðu sinni álítur það skyldu sína, að vaka yfir því, að fátækum bæjarbúum sè ekki ofþyngt með álögum, sem ekki eru óumflýjanlega nauðsynleg eða styðjast við beina laga heimild, og að þessari útgjaldagrein, sem vèr álítum henni alveg óviðkomandi, mætti þess vegna létta sem fyrst af bæjarsjóðnum.

Um leið og vèr þess vegna óskum þess, að yðar hávelborinheitum þóknist að gefa bæjarstjórninni vísbendingu um, hvað gjörzt hafi, í þessu tilliti síðan í fyrra haust við víkjandi launum organistans leyfum vèr oss jafnframt undirgefnast að beiðast upplýsingar um það atriði, hvort ekki hafi orðið þau úrslit á þessu máli hjá stjórninni eptir að því var hreift af henni 1848, í tilefni af konungsúrskurði 2. sept. s. á. og bæði bæjarstjórnin og sveitarstjórnin í Seltjarnarneshrepp voru í gegnum hlutaðeigandi yfirvöld búnar að senda hinu fyrnefndu álitsskjöl sín um málið, að söngkennslan í hinum lærða skóla skyldi framvegis vera sameinuð organista þjónustunni við dómkirkjuna. Því þar eð ályktun bæjarfulltrúanna 29. nóv. f. á. var bundin við það skilyrði, að organistinn sem söngkennari, væri ekki skyldur til að spila á orgelið í dómkirkjunni, verður bæjarstjórnin að álíta það komið undir þessu atriði, hvort launabót handa organistanum geti tekizt upp á áætlun næsta árs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til Bæjarfógetans 3. desember

# Desember

## No 64

Með heiðruðu bréfi 30. f. mán., er vér tókum til grandgæfilegra umræðu á fundi í dag, hefir herra bæjarfógetinn skýrt oss frá áætlun fátækranefndarinnar á fundi 29. f. mán. yfir það fé, sem útheimtist handa þurfamönnum bæjarins fyrir næstkomandi ár 1862, og er það að frádregnum þeim tekjum, sem nefndin telur, að fátækrasjóðurinn eigi í vændum fyrir sama ár — — — — — — — íallt 1267rd 10ß

það er 154rd 58ß meira heldur en 1861

en 457 – " eða fullum þriðjungi meira en var áætlað 1860

Fehirðir fátækramálanna hefir nú að vísu látið oss í té ýmsar upplýsingar, er sýna, að ómegafjölgun hér í bænum á þessum 2 síðustu árum og ýmsar aðrar kringumstæður munu gjöra óumflýjanlega þessa fjarska aukningu á útgjöldum handa þurfamönnum, sem áætlun nefndarinnar fer fram á.

En við sjálfa upphæðina 1267rd 10ß verðum vér samt að leyfa oss þá athugasemd, að þar sem nefndin ráðgjörir fátækratíundirnar aðeins 60rd, en þær hafa þó um 4 næstl. ár 1858–1861 verið að meðaltali 91rd 24ß eptir því sem þær hafa greiðzt í bæjarsjóð, en engi ástæða virðist til að ráðgjöra tíundirnar minni næsta ár, heldur en þessu 4 ára meðaltali svarar, þá ætlum vér, að tekjur fátækrasjóðsins næsta ár sé þannig taldar 30rd oflítið og þurfi því eigi að taka á áætlun bæjarins fyrir næsta ár og þar eptir niðurjafna á bæjarbúa handa þurfamönnum nema ~~aðeins~~ aðeins — — — — — — 1237 rdl.

Að öðru leyti hefir yfirlit það, er fátækrafehirðirinn hefir látið oss í té yfir ástand og efnahag fátækrasjóðsins, og eptir að vér höfum borið það saman við hinn síðasta reikning, sem er auglýstur á prenti yfir tekjur og útgjöld þessa sjóðs fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til 31. des 1858, vakið athygli vort að því, að efnahag
hans og ástandi virðist í öðru mikilvægu atriði miður
komið, en óskandi væri, og svo komið að bráðra og ein-
dreginna aðgjörða þurfi við, en það eru hin feykimiklu
útistandandi lán sjóðsins, er virðast að vaxa svo mjög
ár frá ári, án þess að nokkuð verulegt náist inn af hin-
um eldri lánum, svo að séð verði. — Um árslok 1858
voru þau 5 36 rd 5 ß, og af skýrslum féhirðis sést, að
þau hafa aukizt í ár um 400 rd eins og það er einnig
af þeim að ráða, að þau hafi aukizt næstl. ár um 250 rd
og liggur þannig nærst eptir skýrslum féhirðis að á-
líta, að útistandandi lánsskuldir sjóðsins sé nú orð-
nar milli 11–1200 rd og að til þessara lána hafi verið
varið 6–700 rd af rentuberandi innstæðu hans.

Vér efum nú alls eigi, að hin hátt virta fátækra-
nefnd hafi gjört allt, sem í hennar valdi stendur til
þess bæði að takmarka sem mest að mögulegt væri
þessi miklu lán og að ná inn hinum eldri lánum
smámsaman og einkanlega þeim skuldum, sem aðrar
sveitir standa í og vér vitum, að það dugar eigi fyrir
nefndinni að eigi mæta láta ótilreynt að reka rétt fá-
tækra sjóðsins í þessu efni á hvern þann veg sem
löggjöfin og vanalegt embættisform heimilar, og
þannig leita bæði fulltingis stjórnarinnar og úr-
slita dómstólanna, ef amtsyfirvaldið skyldi mót
von eigu geta áorkað í þessu efni með úrskurð-
um og vanalegum ráðstöfunum.

Það er auðsætt, að í annari eins sveit eins og
þessi bær er verður eigi hjá því komizt að nokk-
urt fé sé jafnan útistandandi í lánum, en það
fé, er væri í þessari lána veltu ætti að vísu aldrei
að fara fram úr t.d. 5–700 rd þannig, að vakað
væri jafnan yfir að greiðsla á eldri lánum yrði
upp og ofan með þeim skilum, að einmitt það
fé væri handbært til að lána aptur af nýju, en
að eigi þyrfti að verja til þess innstæðu sjóðsins

383-39

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nè, heldur að jafna þyrfti fè niður á bæjarbúa til að lána út, auk þess sem árlega þarf til framfæris handa vissum og óvissum þurfamönnum.

Vèr treystum því, að bæði herra bæjarfógetinn og sömuleiðis hin háttvirta fátækranefnd taki þessar athugasemdir vorar góðfúslega til greina eptir því, sem framast eru föng á.

---

Til Bæjarfógetans 3. desember

## № 65

Með heiðruðu brèfi 18. f. mán. hefir herra bæjarfógetinn sent oss til ð lita stiptamtsbrèf 16. s. m., hvar með fylgdi brèf frá landlækni jústizráði J. Hjaltalín, áhrærandi ljósmæðurnar hèr í bænum, og einkum það, hvort Ragnheiði Ólafsdóttur ætti eigi að gefa lausn nú þegar sakir heilsuleysis og að útvega henni og veita eptirlaun, sumpart úr bæjarsjóði, sumpart af hinu opinbera.

Vèr tókum málefni þetta til umræðu á fundi í dag, og varð það samhuga álit vort, að þar sem R. Ólafsdóttir eigi hefir beðizt lausnar frá þessari þjónustu sinni, þá gæti þegar af þeirri ástæðu eigi verið nein ástæða til þess nú sem stendur að veita henni eða útvega eptirlaun. Eigi heldur að styðja að því, að hún beiddist lausnar að svo komnu, þar sem hún, þótt sjálf sè heilsulaus, hefir eins og herra bæjarfógetanum er kunnugt, útvegað og sent bæjarstjórninni skuldbindingu sinnar yfirsetukonu nfl. Madme Guðríðar Magnúsdóttur, sem bæði er yfirheyrð og eiðsvarin og þar til bæði æfð og almennt vel látin til þess að gegna þessum starfa, fyrir sína hönd og í sinn stað (Ragnheiðar). Erum vèr sömu skoðunar enn um þetta mál, eins og niðurstaðan varð á sameiginlegum bæjarstjórnarfundi í f. mán. þegar tèð skuldbinding Madme Guðríðar kom fram, að frá bæjarstjórnarinnar hálfu og bæjarbúa megi álítast, að Ragnheiður Ólafsdóttir hafi hèrmeð sèð forsvaranlega borgið þessari opinberu þjónustu, er henni er skylt að gegna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# 1861

## No 66

*Til Bæjarfógetans 3. desember*

Útaf amtsbrèfi 16. f. mán. með kæru frá Jóni tómthúsmanni Árnasyni í Stöðlakoti yfir því, að játað hafi verið bæjargjaldi þetta ár á ekkjuna Sigríði Ólafsdóttur, er hann segir sitt vistráðið hjú — en þetta málefni, er herra bæjarfógetinn sendi oss til álita með heiðruðu brèfi 18. f. mán. kom til umræðu á fundi í dag, — skulum vèr leyfa oss að athuga, að oss virðist enn sem fyrri rèttast; að umkvörtun þess verði tekin til meðferðar og úrslita á bæjarstjórnarfundi samkv. 21. gr. í bæjarstjórnarreglug. en af því nokkrir af oss þykjast hafa all miklar líkur fyrir því, að áminnst Sigríður hafi í raun rèttri verið sjálfrar sín þ. á., þá virðist nauðsynlegt, áður en málið verði tekið til úrskurðar, að herra bæjarfógetanum þóknaðist að kalla Sigríði sjálfa fyrir til rannsaka og yfirheyrslu um hvernig standi á veru hennar, hvort hún eigi hafi haft húsavist á ýmsum stöðum, farið í kaupavinnu fyrir sig o. s. frv. Meðundirskrifaður H. Jónsson er fús á að vera viðstaddur þessa yfirheyrslu, eptir nákvæmari aðvörun frá herra bæjarfógetanum. Skjölin endursendast

## No 67

*Til sama s. d.*

Samkvæmt 9. gr. í bæjarst. reglug. var á fundi vor bæjarfulltrúanna í dag gengið til kosningar á 3. kjörstjórnarmanninum til þess að undirbúa og síðan stýra kosningu á þeim 2 nýjum bæjarfulltrúum, er liggur fyrir að kjósa um byrjun næsta árs, nefnilega annar í stað mín undirskrifaðs til næstu sex ára, og hinn í stað kaupmanns H. St. Johnsens til eins árs. — Fyrir þessari kosningu til kjörstjórnarmanns varð nú herra Docent og bæjarfulltrúi S. Melsted, hvað eg hèr með tilkynni herra bæjarfógetanum.

## No 68

*Til sama s. d.*

Á fundi vor bæjarfulltrúanna í dag samdist svo, að eg undirskrifaður taki að mèr umsjón bæjarverkanna fyrir þenna yfirstandandi mánuð, hvað eg hèr með gef herra bæjarfógetanum til vitundar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur